


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn








GRÓÐURMOLD - 50 LTR
Fáðu fjóra en borgaðu fyrir þrjá. Stykkjaverð, kr 1290
Europris



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
1. júní 2011
126. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Solla með sumarplötu**
*Sólveig Þórðardóttir syngur um ástina á nýrri plötu.*
**fólk 34**

**Um uppgötvun veiru**
*Dr. Barré-Sinoussi flytur öndvegisfyrirlestur.*
**tímamót 22**



**Erfitt val**
*Eyjólfur Sverrisson valdi í gær landsliðshópinn fyrir EM U-21 árs í Danmörku.*
**sport 38**

**veðrið í dag**




**RIGNING N- OG A-LANDS** í dag verða norðaustan 5-13 m/s. Rigning N-og A-lands en styttir upp S- og V-til. Hiti 5-15 stig.
**VEÐUR 4**

# Upphæð bóta til fórnarlamba ofbeldis óbreytt í fimmtán ár

**Ríkissjóður greiðir 130 til 160 milljónir króna á ári til þolenda ofbeldisbrota. Hámarksbætur fyrir líkamstjón eru 2,5 milljónir króna en 600 þúsund fyrir miska. Bæturnar eru margfalt hærri í nágrannalöndum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Bætur úr ríkissjóði til þolenda ofbeldisbrota hafa verið óbreyttar frá árinu 1996 og eru langtum lægri en bætur í nágrannalöndunum.

Um 130 til 160 milljónir króna eru greiddar úr ríkissjóði ár hvert til þolenda ofbeldisbrota. Frá 2006 hafa borist um 400 umsóknir á ári um bætur. Um 25 prósentum umsóknanna er hafnað.

Hámarksbætur sem ríkissjóður greiðir fyrir líkamstjón eru 2,5 milljónir króna en fyrir miska 600 þúsund krónur. Ef um kynferðisbrot er að ræða greiðir ríkið eingöngu miskabætur, segir Halldór Þormar Halldórsson, lögfræðingur hjá Sýslumanninum á Siglufirði, sem hefur umsjón með greiðslu bótanna.

> Þolendur kynferðisbrota eru í langflestum tilfellum konur. Karlar fá yfirleitt greidda alla upphæðina sem þeim er dæmd í bætur vegna líkamsárásar.
>
> HALLDÓR ÞORMAR HALLDÓRSSON
> LÖGFRÆÐINGUR HJÁ SÝSLUMANNINUM Á SIGLUFIRÐI

„Algengt er að þolendum kynferðisbrota séu dæmdar bætur upp á 800 þúsund krónur til 1,5 milljónir. Ef um alvarlegt brot er að ræða eru dæmdar bætur 1,2 til 3 milljónir króna, sem er það hæsta sem ég hef séð. Ríkið borgar hins vegar aldrei meira en 600 þúsund krónur," segir Halldór.

„Þolendur kynferðisbrota eru í langflestum tilfellum konur. Karlar fá yfirleitt greidda alla upphæðina sem þeim er dæmd í bætur vegna líkamsárásar," segir hann. Hann segir marga lögmenn hafa bent á þetta misræmi.

Lög sem bæturnar eru greiddar eftir eru frá 1995. „Samkvæmt þeim áttu hámarksbætur fyrir líkamstjón að vera 5 milljónir króna en fyrir miska 1,2 milljónir. Gildistöku laganna var frestað um eitt ár. Í breytingarfrumvarpi voru bæturnar lækkaðar um helming í sparnaðarskyni."

Halldór bendir á að íslensku lögin hafi verið samin upp úr dönskum lögum. „Þetta fyrirkomulag var alls staðar í hinum vestræna heimi og þetta var gert til þess að létta göngu brotaþola. Í 99 prósentum tilvika fengust engar bætur greiddar. Bæturnar hér á landi eru hins vegar miklu lægri en til dæmis á hinum Norðurlöndunum. Í Noregi eru hámarksbætur 40 til 50 milljónir króna miðað við núverandi gengi en í Svíþjóð tæplega 30 milljónir."

- ibs



**JAPÖNSK KIRSUBERJATRÉ** Jón Gnarr borgarstjóri veitti í gær viðtöku 50 kirsuberjatrjám sem Japansk-íslenska félagið hefur fært Reykjavíkurborg að gjöf. Trén tákna samanlagðan aldur vináttufélaga Íslands og Japans í löndunum tveimur og voru gróðursett í Hljómskálagarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ósáttir kvikmyndaleikstjórar:

## Tillaga Sivjar hættulegt skref

**MENNING** „Ég hef sjálfur aldrei reykt en þessi tillaga er bara bull," segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri.



FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON

Talsverðar umræður hafa verið um þingsályktunartillögu Sivjar Friðleifsdóttur og fleiri þingmanna um tóbaksvarnir. Í henni segir meðal annars að óæskilegt sé að leikarar reyki í íslenskum bíómyndum og á leiksviði.

Baltasar Kormákur tekur undir gagnrýni Friðriks Þórs: „Þetta er hættulegt skref og aðferðin, að leggja það til að hætta að styrkja kvikmyndir og leikrit sem reykt er í, er sérlega ógeðfelld því það væri þá fyrsta skrefið til að beita ríkisstyrkjum til ritskoðunar."

- fgg / sjá síðu 42

Seðlabankinn segir ljóst að Íbúðalánasjóður þurfi að fá meiri peninga frá ríkinu:

# Lán í skilum fá 110% niðurfærslu

**EFNAHAGSMÁL** Um 70 prósent þeirra sem fá niðurfærslu skulda hjá Íbúðalánasjóði (ÍLS) samkvæmt 110 prósenta leið eru í skilum með lán sín. Þetta kemur fram í Fjármálastöðugleika 2011, nýrri skýrslu Seðlabankans.

„Þetta undirstrikar þann annmarka sem er á 110 prósenta leiðinni, það er að lántakendur sem staðið geta í skilum fá skuldir sínar niðurfelldar að hluta. Þegar upp er staðið verður niðurfærslan fjármögnuð með almannafé," segir í skýrslu bankans. Í fyrra afskrifaði ÍLS 36 milljarða króna, en virðisrýrnun vegna 110 prósenta leiðarinnar nam 23 milljörðum.

Verði þróun efnahagsmála neikvæð verður áfram óvissa um gæði útlána sjóðsins segir Seðlabankinn jafnframt, en vanskil hafa aukist hjá sjóðnum. Þau námu 73 milljörðum í lok síðasta árs, eða 9,7 prósentum heildarútlána. Þá nær þrefaldaðist íbúðaeign ÍLS á árinu, fór úr 347 íbúðum í 1.069 íbúðir.

Eigið fé ÍLS var 8,6 milljarðar í lok árs 2010, þrátt fyrir 33 milljarða króna framlag úr ríkissjóði. „Ljóst er að ríkissjóður þarf aftur að leggja Íbúðalánasjóði til umtalsvert nýtt eigið fé eða víkjandi lán eigi langtímamarkmið sjóðsins um eiginfjárhlutfall að nást fyrir árslok 2011."

- óká / sjá Markaðinn


HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!




OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

SUMARTILBOÐ
Verð frá 19.800 kr
Kemur með uppsettu íslensku skjályklaborði



Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is
android
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

## SPURNING DAGSINS



*Laddi, hatar þú strumpa?*

„Nei, þeir verða alltaf strumpugóðir.“

Þórhallur Sigurðsson, Laddi, mun ekki tala fyrir einn einsta strump í nýju strumpakvikmyndinni sem frumsýnd verður í sumar. Laddi mun þó ljá Kjartani galdrakarli rödd sína.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur skoðað tengsl farsíma og krabbameins:

# Valda hugsanlega krabbameini

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðleg sérfræðinganefnd á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, segir að farsímar geti hugsanlega verið krabbameinsvaldandi. Þetta er niðurstaða sérfræðinganna eftir að hafa skoðað á annan tug rannsókna.

Rannsókn þeirra beindist að tengslum krabbameins við rafsegulbylgjur af þeirri gerð sem finna má í farsímum, örbylgjuofnum og ratsjám. Niðurstaða þeirra er ekki byggð á því að örugglega séu tengsl milli farsímanotkunar og krabbameins, heldur eingöngu á því að ekki sé hægt að útiloka slík tengsl.



**TALAÐ Í GEMSA** Sérfræðingarnir vilja hafa allan varann á þótt ekkert hafi verið sannað. NORDICPHOTOS/AFP

Á síðasta ári var birt rannsókn sem leiddi ekki í ljós nein tengsl farsíma og krabbameins. Sú rannsókn var gagnrýnd fyrir það að byrjað var á að finna krabbameinssjúklinga og þeir spurðir út í farsímanotkun sína.

Farsímanotkun er reyndar það útbreidd að erfitt er fyrir vísindamenn að rannsaka tengsl þeirra við krabbamein með því að bera saman hópa fólks sem annars vegar notar farsíma og hins vegar notar þá ekki.

Þróun krabbameins tekur oft langan tíma, þannig að erfitt er að rannsaka hvort farsímanotkun geti haft þar einhver áhrif. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið til þessa ná aðeins til farsímanotkunar fólks áratug aftur í tímann. - gb

Röng sjúkdómsgreining:

# Fær 23 milljónir vegna mistaka

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða karlmanni rúmlega 23 milljónir króna í skaðabætur vegna mistaka sem urðu í meðhöndlun hans á Landspítala háskólasjúkrahúsi.**

**Maðurinn varð fyrir líkamstjóni í kjölfar bráðakransæðastíflu sem starfsfólki Landspítalans hafði yfirsést fyrir mistök að greina og veita meðferð við í tæka tíð. Þetta átti sér stað í febrúar 2003 þegar maðurinn var 37 ára.** - jss



**GÚRKUR Í FRAKKLANDI** Gúrkurnar frá Spáni reyndust ekki banvænar. NORDICPHOTOS/AFP

Gúrkurnar sýknaðar af grun:

# Ekkert vitað um uppruna

**ÞÝSKALAND, AP** Sextán manns hafa látið lífið í Þýskalandi og fleiri löndum norðanverðrar Evrópu af völdum E.coli bakteríunnar, sem talið var að hafi borist úr gúrkum frá Spáni.

Rannsókn hefur hins vegar leitt í ljós að E.coli bakterían, sem fannst í gúrkunum, er ekki sömu gerðar og E.coli bakterían sem valdið hefur dauðsföllunum.

Alls hafa nú 1.150 manns veikst í átta löndum af völdum bakteríunnar, sem er óvenju mannskæð. Hún ræðst á nýru fólks og hefur dregið um fimm prósent sýktra til dauða. - gb

Meðferð fyrir ungt fólk :

# Áframhaldandi starf samþykkt

**AKUREYRI** Nýr samningur um meðferðarúrræði fyrir unglinga með hegðunarerfiðleika eða neysluvanda og fjölskyldur þeirra á Akureyri var undirritaður í gær.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, samþykktu tveggja ára framlengingu á samstarfi um meðferðarúrræði fyrir unglingana.

Þegar hafa átján fjölskyldur fengið meðferð á grundvelli samningsins. Boðið hefur verið upp á þessi meðferðarúrræði í samvinnu við Barnaverndarstofu frá árinu 2009. - sv

# Handteknir vegna milljarðalána VÍS

**Sérstakur saksóknari handtók fjóra menn í gærmorgun og gerði húsleit hjá VÍS og Existu vegna rannsóknar á fjölda vafasamra lánveitinga upp á nokkra milljarða. Lánin voru einkum veitt móðurfélaginu Existu og fleiri tengdum aðilum.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari gerði í gær húsleit í höfuðstöðvum tryggingafélagsins VÍS og hjá Existu vegna gruns um ólögmætar lánveitingar sem nema milljörðum króna.

Fjórir voru handteknir í gærmorgun vegna rannsóknar málsins; Guðmundur Örn Gunnarsson, fyrrverandi forstjóri VÍS, Lýður Guðmundsson, fyrrverandi eigandi og stjórnarformaður Existu, aðaleiganda VÍS, Erlendur Hjaltason, fyrrverandi forstjóri Existu, og Bjarni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri eigin viðskipta Existu.

Fjórmenningarnir voru yfirheyrðir fram eftir degi og þeim síðustu ekki sleppt fyrr en á tíunda tímanum í gærkvöldi.

Fleiri voru boðaðir til skýrslutöku vegna málsins í gær, ýmist sem sakborningar eða vitni, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara.

Til rannsóknar er „fjöldi lánveitinga til ýmissa félaga og aðila,“ að því er segir í tilkynningu frá sérstökum saksóknara.

Stöð 2 hefur sagt frá því að Fjármálaeftirlitið hafi látið endurskoðunarskrifstofuna Grant Thornton vinna skýrslu um starfsemi VÍS þar sem fram koma margháttaðar athugasemdir við lánastarfsemina. VÍS hafi lánað Existu og tengdum félögum stórfé, og jafnframt einstaklingum sem tengjast Existu, til dæmis Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings, sem var að stórum hluta í eigu Existu.

Fjármálaeftirlitið kærði málið í kjölfarið til sérstaks saksóknara.

Guðmundur Örn Gunnarsson lét af störfum sem forstjóri VÍS í síðustu viku eftir að Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að vegna aðkomu forstjórans að lánveitingum væri rétt að hann viki.

Lánin eru talin varða við hegningarlagaákvæði um umboðssvik, það er að með þeim hafi þeir sem þau ákváðu valdið hluthöfum VÍS tjóni. Ekki er útilokað að fleiri ákvæði auðgunarbrotakafla hegningarlaga komi jafnframt til skoðunar.

Aðgerðirnar í gær voru viðamiklar og tóku um þrjátíu starfsmenn embættisins þátt í þeim, auk liðsinnis frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Búist er við að fleiri verði kallaðir í skýrslutöku vegna málsins á næstu dögum.

Sérstakur saksóknari hefur fleiri mál til rannsóknar sem varða eignarhaldsfélagið Existu og hefur áður tekið skýrslur af Lýði Guðmundssyni og Erlendi Hjaltasyni vegna þeirra.

stigur@frettabladid.is



LÝÐUR GUÐMUNDSSON ERLENDUR HJALTASON GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON

Morðið á Politkovskaju:

# Hinn grunaði handtekinn

**RÚSSLAND, AP** Rustam Makhmudov, maðurinn sem grunaður er um að hafa árið 2006 myrt rússnesku blaðakonuna Önnu Politkovskaju, var handtekinn í Téténíu í gær.



**ANNA POLITKOVSKAJA**

Rússnesk stjórnvöld hafa þó ekki látið neitt uppi um það, hver gæti hugsanlega hafa fengið hann til að fremja þetta morð.

Makhmudov hafði verið í felum í Belgíu, en fór þaðan til ættingja sinna í Téténíu eftir að hringurinn um hann tók að þrengjast þar.

Þrír menn, þar á meðal tveir bræður Makhmudovs, voru handteknir fyrir aðild að morðinu. Þeir voru sýknaðir árið 2009 en hæstiréttur hefur ógilt þann úrskurð og sent málið aftur til saksóknara. - gb

Rætt um kvótafrumvarpið:

# Stjórnarliðar óttast málþóf

**STJÓRNMÁL Stjórnarþingmenn óttast að sjálfstæðismenn ætli að beita málþófi til að koma í veg fyrir að minna kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar verði að lögum. Frá þessu greindi fréttastofa Stöðvar 2 í gærkvöldi.**

**Forseti Alþingis hyggst funda með þingflokksformönnum í dag vegna málsins.**

**Umræða um frumvarpið stóð til miðnættis á mánudag og var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Þá voru enn 11 þingmenn á mælendaskrá, allt stjórnarandstæðingar utan tveir.** - mþl


HÓPKAUP.IS Í DAG

2000 FLUGSÆTI Á ÓTRÚLEGU VERÐI

EDINBORG
14.900 kr.

OSLÓ
14.900 kr.




PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Tilboðin á Hópkaup gilda aðeins í 24 tíma.

Ekki bíða - kíktu á hópkaup.is

HÓPKAUP
í krafti fjöldans

hópkaup.is


Efnt til kirkjuþings 4. júní vegna skýrslu rannsóknarnefndar Þjóðkirkjunnar:

# Sannleiksnefnd skilar í næstu viku

**ÞJÓÐKIRKJAN** Efnt verður til kirkjuþings 14. júní næstkomandi vegna skýrslu rannsóknarnefndar þjóðkirkjunnar sem skilar niðurstöðum sínum í næstu viku.

Í tilkynningu frá forsætisnefnd kirkjuþings segir að tekið verði við skýrslu rannsóknarnefndar um morguninn 10. júní næstkomandi og fjórum dögum síðar mun þingið taka málið til umfjöllunar.

„Kirkjuþing samþykkti einum rómi í nóvember á liðnu ári að setja á laggirnar rannsóknarnefnd til að kanna starfshætti og viðbrögð þjóðkirkjunnar vegna ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi um kynferðisbrot,“ segir í tilkynningunni. „Kirkjuþing taldi einboðið að hreinsa þyrfti andrúmsloftið og leggja mat á hvort um mistök, vanrækslu eða vísvitandi þöggun hefði verið að ræða af hálfu kirkjunnar þegar þessar alvarlegu ásakanir voru komnar fram og hverjir kynnu að bera ábyrgð á því.“

Nefndin sendi út andmælabréf fyrr í mánuðinum til þeirra sem hún taldi að hefðu gerst sekir um eitthvert af ofangreindum atriðum. Karl Sigurbjörnsson biskup var þeirra á meðal, en ekki liggur fyrir hversu mörg bréf voru send út. Frestur til svara er nú útrunninn. - sv



**ÓLAFUR SKÚLASON BISKUP** Rannsóknarnefnd þjóðkirkjunnar hefur nú skoðað viðbrögð kirkjunnar vegna ásakana á hendur fyrrverandi biskupi. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAUTI

## ★ GULLTILBOÐ 1

# BODRUM




Upplifðu ævintýri Tyrklands og njóttu sólarinnar, menningarinnar og gestrisninnar í 11 nætur á 3 stjörnu hótelinu Okaliptüs. Hálft fæði innifalið.

**11 nætur, 21. júní - 2. júlí**

FULLT VERÐ 173.230 KR.

**123.230 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á Okaliptüs, hálft fæði og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita FERÐASKRIFSTOFA

## ★ GULLTILBOÐ 2

# LONDON




Upplifðu hásumarið í heimsborginni. Skelltu þér í helgarferð og gistu á besta stað í borginni: Á 4 stjörnu hótelinu Park Plaza Victoria. Morgunverður innifalinn.

**3 nætur, 22. - 25. júlí**

FULLT VERÐ 93.900 KR.

**58.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar, gisting á Park Plaza Victoria ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

# SUMARÆVINTÝRI
# N1 KORTHAFA

★★ **SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

**ERTU EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ N1 KORTIÐ?**




## ★ SILFURTILBOÐ 1

# MIÐAR Á EAGLES

Ótrúlegur afsláttur fyrir korthafa á þessa mögnuðu tónleika í Nýju Laugardalshöllinni 9. júní.

FULLT VERÐ 14.900 KR. (B SVÆÐI)

**7.450 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ SILFURTILBOÐ 2

# KÆLIBOX 45L

- Gengur fyrir: 12V, 230V og própangasi.
- Kæligeta: Allt að 25°C lægri en umhverfishiti
- Orkunokun 230V: 1,2kW/klst m.v. 24 klst.
- Orkunotkun 12V: 150A/klst m.v. 24 klst.
- Gasnotkun 8,3 (min) – 12,8 (max) g/klst.
- Stærð: 53x59x53 cm
- Þyngd aðeins 18,8 kg

FULLT VERÐ 48.900 KR.

**35.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**







## ★ SILFURTILBOÐ 3

# BUSHNELL H2O SJÓNAUKI

- Stækkun 10x25
- Vatnsheldur
- Gúmmíklæddur
- Ól og taska fylgir
- Þyngd aðeins 369 g

FULLT VERÐ 15.990 KR.

**9.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ SILFURTILBOÐ 4

# GOLFSETT OG KERRA

FRÁ PENN – KARLA EÐA KVENNA

- Grafítsköft
- Driver
- Hybrid 21°
- 6–9 járn
- PW, SW
- Pútter
- Kerrupoki
- 2ja hjóla kerra
- Þyngd: 10 kg

FULLT VERÐ 39.998 KR. STK.

**29.998 KR. STK.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**




## ★ N1TILBOÐ

Vr: A825 85060606

**KORTABÓKIN 2011**

FULLT VERÐ
3.690 KR.

**1.690 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**







## ★ N1TILBOÐ

Vr: 6020 MNL-CW2-6L

**KÆLIBOX 6 LTR 12V/230V**

FULLT VERÐ
9.980 KR.

**4.980 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ N1TILBOÐ

Vr: 063 700003925

**TOPPASETT ¼" M. SKRÚFBITUM**

FULLT VERÐ
6.990 KR.

**2.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**







## ★ N1TILBOÐ

Vr: A703 85060733

**KUBBASPIL**

FULLT VERÐ
6.990 KR.

**3.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ N1TILBOÐ

Vr: 1224 14061

**GOLFBOLTAR Í NETI**

FULLT VERÐ
2.490 KR.

**490 KR.**

**+1.000 N1**







**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞER TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í júní eða meðan birgðir endast

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

Fíton/SÍA

## GENGIÐ 31.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,58 | 115,12 |
| Sterlingspund | 189,04 | 189,96 |
| Evra | 164,97 | 165,89 |
| Dönsk króna | 22,123 | 22,253 |
| Norsk króna | 21,276 | 21,402 |
| Sænsk króna | 18,538 | 18,646 |
| Japanskt jen | 1,4041 | 1,4123 |
| SDR | 183,3 | 184,4 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,137

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innanríkisráðherra leggur áherslu á að rekstur nýs fangelsis verði sem hagkvæmastur:

# Útboð byggingar nýs fangelsis að bresta á

**FANGELSISMÁL** Útboð byggingar nýs fangelsis er að bresta á, að sögn Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra. Málið er á dagskrá ríkisstjórnarinnar næstkomandi föstudag.

„Það þýðir vonandi að við fáum niðurstöðu í málið, ekki síðar en á þriðjudag,“ segir innanríkisráðherra. „Það er einhugur um að bjóða út fangelsið. Það sem hefur verið til umræðu er í hvaða formi útboðið eigi að vera, hvort þetta eigi að vera opinber framkvæmd eða einkaframkvæmd. Það er mjög brýnt að útboð nýs fangelsis komist á rekspöl hið allra fyrsta. Það hefur tafist um nokkrar vikur að hefja útboðið enda ekki hristir fram úr erminni tveir milljarðar sem áætlað er að fangelsið kosti.“ Ráðherra útskýrir að þegar hann hafi komið að málinu hafi hugmyndin verið sú að bjóða fangelsið út í einkaframkvæmd, nokkuð sem hann hafi rakið til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og þeirrar hugmyndafræði sem hann stendur fyrir.

„Nú heyri ég að hann sé ekki að setja þessa kröfu fram nema þá óbeint í kröfunni um að ná hallalausum fjárlögum sem fyrst. Slíkt væri þó bara bókhaldsatriði því ef við reisum fangelsi þá borgar ríkið hverja einustu krónu framkvæmdarinnar hvort sem það er einkaframkvæmd eða opinber framkvæmd. Einkaframkvæmd þýðir að ríkið felur einkaaðila að reisa fangelsið og leigir það síðan af honum. Það er dýrari kostur og við hljótum að gera það sem er ódýrast og hagkvæmast.“ - jss



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Innanríkisráðherra segir hagkvæmara að nýtt fangelsi verði reist með opinberri framkvæmd.



**VONGÓÐUR** Pedro Passos Coelho vonast til að taka við efnahagsvandanum af Socrates. NORDICPHOTOS/AFP

Kosið í Portúgal á sunnudag:

## Virðist stefna í nýja pattstöðu

**PORTÚGAL, AP** Hvorki sósíalistar né sósíaldemókratar fá meirihluta í þingkosningunum í Portúgal um helgina samkvæmt skoðanakönnunum. Sósíalistum, með José Socrates forsætisráðherra í fararbroddi, er spáð 35 prósentum og stjórnarandstæðingunum í Sósíaldemókrataflokknum, með Pedro Passos Coelho í fararbroddi, álíka miklu. Þrír minni flokkar njóta langtum minni stuðnings.

Pattstaðan gæti orðið til þess að illa gangi að ná samstöðu um efnahagsmálin, sem enn myndi auka á vanda bæði Portúgals og annarra evruríkja. - gb

Söfnun vegna eldgossins:

## Fyrirtækjasöfnunin byrjar vel

**ELDGOS Fjársöfnun meðal íslenskra fyrirtækja vegna eldgossins í Grímsvötnum fer vel af stað. Þegar hafa safnast 20 til 35 milljónir króna í sjóð sem settur var á fót til að veita bændum og starfsemi á gossvæðinu fjárhagslegan stuðning.**

**Söfnunin fer fram í samráði við Samtök atvinnulífsins, en skipuð hefur verið fjögurra manna verkefnisstjórn. Tengiliður hennar er Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra.** - mþl

# Skuldar 6,4 milljónir í dagsektir vegna Baldursgötu

**Dagsektir hrannast upp hjá Baldursgötu ehf. vegna húss við Baldursgötu 32. Íbúar við Þórsgötu krefjast þess að Reykjavíkurborg grípi til aðgerða. Verstu mistök sem ég hef gert eru að kaupa þessi hús, segir eigandinn.**

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur hússins við Baldursgötu 32 skulda Reykjavíkurborg nú 6,4 milljónir króna í dagsektir, samkvæmt upplýsingum frá byggingafulltrúa borgarinnar. Húsið hefur staðið autt í sex ár og er einungis brunarústir eftir að kveikt var í því árið 2008.

Baldursgata 34, sem er í eigu sama fyrirtækis, er nú að fara sömu leið, en búið er að negla þar fyrir alla glugga eftir að síðustu húsráðendur fluttu þaðan út. Vel yfir hundrað milljónir króna hvíla á lóðunum tveimur, að sögn Helga Gunnarssonar, forsvarsmanns Baldursgötu ehf. Hann segir kaupin á húsunum hafa verið verstu mistök sem hann hafi gert.

„Við keyptum húsin árið 2005 og næstu árin á eftir skiptist afar ört um meirihluta í borginni, þannig að skipulagsmálin byrjuðu alltaf upp á nýtt. Svo var allri uppbyggingu harðlega mótmælt af nágrönnunum,“ segir Helgi. „Pólitíkin á stóran þátt í því hvernig þetta var fyrst og svo kom bankahrunið strax á eftir.“

Varðandi Baldursgötu 34, sem hefur staðið auð í tæpan mánuð, segir Helgi að ekki hafi verið neitt annað hægt að gera en að loka húsinu.

„Óreiðufólk braust inn í húsið og flutti þangað inn. Við létum einfaldlega hreinsa það út og lokuðum fyrir allt,“ segir hann. Helgi vill ekki tjá sig um framhaldið, en segir málin vera í vinnslu.

„Þetta er alveg skelfileg staða. Það eru mestu mistök sem við höfum gert að kaupa þessi hús,“ segir hann og bætir við að ef leysa eigi vandamálin sem fylgi niðurníddum húsum í miðborginni sé frekar letjandi en hvetjandi að beita fólk dagsektum. Borgin eigi að koma mun meira að þessum málum en hún hafi gert. „Pólitíkin ber sína ábyrgð, þó að við höfum sjálfsögðu líka gert mistök. Þetta byrjaði sem mjög góð hugmynd, en endaði alveg skelfilega.“

Hópur íbúa við Þórsgötu hefur sent Reykjavíkurborg bréf þar sem aðgerða er krafist vegna húsanna við Baldursgötu. Lilja Gunnarsdóttir, einn íbúanna, segir að þegar hús númer 34 hafi einnig lagst í eyði fyrr í mánuðinum hafi mælirinn orðið fullur.

„Við erum búin að vera þolinmóðir nágrannar í mörg ár, en þegar við sáum seinna húsið fara líka var okkur nóg boðið,“ segir hún. „Þetta er náttúrlegt ekki boðlegt.“

Magnús Sædal, byggingafulltrúi Reykjavíkur, segir málin vera í vinnslu. Ekkert hafi verið ákveðið um aðgerðir að svo stöddu.

sunna@frettabladid.is

> Við erum búin að vera þolinmóðir nágrannar í mörg ár, en þegar við sáum seinna húsið fara líka var okkur nóg boðið.
>
> LILJA GUNNARSDÓTTIR ÍBÚI VIÐ ÞÓRSGÖTU



**ÓSÁTTIR ÍBÚAR** Íbúar við Þórsgötu eru afar ósáttir við brunarústirnar við Baldursgötu og næsta hús sem hefur nú einnig lagst í eyði. Hópurinn krefur borgina um aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Skora á yfirvöld að grípa til aðgerða

Íbúar á Þórsgötu skora á skipulags- og borgaryfirvöld að fella úr gildi heimilað byggingarmagn fyrir lóðirnar Baldursgötu 32 og 34. Ástæður fyrir því eru vanræksla eigenda og hvernig staðið var að nýju deiliskipulagi árið 2007. Íbúarnir segja enn fremur að borgaryfirvöld hafi ekki gætt hagsmuna hverfisins.

„Ekki er sanngjarnt að braskarar geti keypt lóðir, knúið fram aukið byggingarmagn og haldið heilu hverfunum í gíslingu. Það er okkar mat að samþykkt deiliskipulag vegna Baldursgötu 32 og 34 sé ákaflega óréttlátt gagnvart íbúum í kring. Íbúum, sem hafa fasta búsetu á svæðinu, sumir hafa búið hér áratugum saman og margir hafa áhuga á að búa í hverfinu um ókomin tíma. Eigendur Baldursgötu ehf. hafa hins vegar engan áhuga á að búa í hverfinu sjálfir, þeir hafa eingöngu áhuga á að byggja sem stærst og selja það dýrt,“ segir í bréfi til borgarinnar. Þess er óskað að borgin fylgist betur með málum þar sem stundað er kennitölubrask og misnotkun á einkahlutafélögum. Óskað er eftir því að yfirvöld taki til endurskoðunar deiliskipulagið fyrir Baldursgötureit.


FYRIR VANDLÁTA




Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN Er frá Þýskalandi

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON - ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM

Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**ÞOKKALEGA MILT** í veðri á landinu næstu daga. Hitinn ætti að komast í 15°C þar sem hlýjast verður suðvestan til í dag. Á morgun, uppstigningardag, verður besta veðrið austanlands, en þar verður vindur hægur, bjart og hitinn víða 10-14 stig.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 20° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# 13

**Nr. 13: Bjóða öllum fyrirtækjum sem falla undir skilgreininguna um Beinu brautina skuldaaðlögun fyrir 1. júní.**

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Við höfum hraðað ferlinu fyrir fyrirtæki í greiðsluvanda



*Starfsfólk frá Endurskipulagningu eigna, sérstakri einingu innan Landsbankans sem annast fyrirtæki í greiðsluvanda.*

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

**Landsbankinn hefur boðið** öllum fyrirtækjum sem falla undir skilgreininguna um Beinu brautina að nýta sér leiðina. Við höfum einnig rýmkað reglur Beinu brautarinnar til að koma til móts við enn fleiri fyrirtæki í vanda og styðja betur við endurreisn atvinnulífsins.

### Beina brautin

Beina brautin er samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Því er ætlað að hraða úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem skulda minna en einn milljarð króna. Við höfum nú gert þeim fyrirtækjum sem féllu undir samkomulagið tilboð um fjárhagslega endurskipulagningu skulda sinna, kjósi þau að nýta sér úrræðið.

Við samruna Landsbankans og Spkef bættist fjöldi fyrirtækja í þann hóp sem fellur undir skilgreininguna um Beinu brautina. Mörg þeirra hafa þegar fengið tilboð um endurskipulagningu skulda og er kapp lagt á að öllum hafi borist tilboð fyrir 1. júlí.

Við höfum lokið fjárhagslegri endurskipulagningu 420 fyrirtækja

**420**

Við erum að vinna að endurskipulagningu með yfir 700 fyrirtækjum

**700**

Fyrirtæki sem nýta sér úrræði bankans fyrirgera ekki betri rétti samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar.

### Úrlausnir efldar

Við lofuðum að efla enn frekar úrvinnslu skuldamála annarra lífvænlegra fyrirtækja. Til að ná því markmiði höfum við gert mikilvægar breytingar á Beinu brautinni, sem gerir okkur kleift að gera enn fleiri fyrirtækjum tilboð um fjárhagslega endurskipulagningu skulda sinna.

### Tvö loforð efnd

Við efndum þrettánda loforðið á aðgerðalista okkar með því að gera fyrirtækjum sem féllu undir samkomulagið um Beinu brautina tilboð um fjárhagslega endurskipulagningu.

Með því að rýmka reglur Beinu brautarinnar höfum við eflt úrvinnslu skuldamála enn fleiri fyrirtækja og efnt fjórtánda loforðið á aðgerðalista okkar.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

**KJÖRKASSINN**



*Eiga Evrópusambandssinnar að sameinast í einum stjórnmálaflokki?*

| | |
|---|---|
| Já | 39,0% |
| Nei | 61,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar að ganga úr NATO?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Yfirmaður hjá lögreglu vill að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verði endurskoðað af stjórnlagaráði:

# Segir grunnlögin vernda brotamenn

**STJÓRNARSKRÁ** Arnar Jensson, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, hefur, í eigin nafni en ekki sem fulltrúi yfirvalda, sent inn erindi til stjórnlagaráðs um að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar verði tekið til sérstakrar skoðunar. Ástæðan er mat Arnars um að eignarréttur njóti meiri lagaverndar á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Eins og ákvæðið er núna kemur það í veg fyrir að hægt sé að setja í lög alþjóðlega viðurkennd úrræði sem auðvelda yfirvöldum að ná til baka ólögmætum ávinningi af brotastarfsemi.

Í erindi Arnars segir að nú ryðji sér til rúms sérstakt lagaúrræði sem beita má innan einkamálaréttarfars þar sem sönnunarþröskuldur er lægri en innan sakamálaréttarfars. Það gengur út á að auðvelda yfirvöldum að ná til baka ólögmætum hagnaði af brotastarfsemi sem er mjög erfitt vegna krafna um tengsl við sakfellingar þeirra sem í hlut eiga.

Arnar bendir á að Sþ, ESB og Evrópuráðið, auk Alþjóðabankans og AGS mæli með að aðildarlöndin taki upp slíkt lagaúrræði.

Lögfróðir menn á Íslandi telja að stjórnarskrá Íslands standi í vegi fyrir því að slíkt úrræði verði sett í lög hér. Telur Arnar því sterk rök fyrir því að stjórnarskráin verndi þá sem ná til sín slíkum ávinningi og standi í vegi stjórnvalda til að bregðast við því. **- shá**



**ARNAR JENSSON** Hefur rannsakað úrræði yfirvalda til að ná til baka ólögmætum ávinningi á Írlandi, í Noregi og á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Ágústi hlíft gegn þátttöku í Exeter-fléttunni

**Nánasti samstarfsmaður Margeirs Péturssonar fékk 50 milljóna króna lán frá MP banka daginn eftir að hótað var að gjaldfella önnur lán hans. Milljónirnar 50 voru notaðar í Exeter-fléttuna með bréf í Byr og hætt var við að gjaldfella lánin.**

**DÓMSMÁL** Daginn eftir að MP banki hótaði að gjaldfella lán til félags í eigu Ágústs Sindra Karlssonar, nánasta viðskiptafélaga Margeirs Péturssonar, fékk sama félag 50 milljóna lán frá bankanum sem framlag í Exeter-fléttuna svokölluðu. Tölvupóstsamskipti benda til þess að Ágúst Sindri hafi sloppið við gjaldfellinguna gegn þátttöku í fléttunni.

Þetta kom fram á öðrum degi aðalmeðferðar Exeter-máls sérstaks saksóknara á hendur fyrrverandi forsvarsmönnum Byrs og MP banka í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ágúst Sindri stofnaði MP banka á sínum tíma með Margeiri Péturssyni og starfaði fyrst og fremst fyrir bankann til ársins 2007. Í miðju bankahruni var Ágúst látinn vita af því að fleiri en eitt útistandandi lán MP banka til félagsins ÁSK ehf. yrðu gjaldfelld.

Ágúst bar fyrir dómi í gær að hann hefði verið verulega ósáttur við þá ákvörðun, enda hefði hann átt 20 milljóna innistæður í MP banka sem hefðu dugað fyrir afborgunum af lánunum. Hann hefði boðað úrsögn úr öllum stjórnum á vegum bankans vegna þessa.

Nokkrum dögum síðar sendi hins vegar Thomas Skov Jensen, yfirmaður áhættustýringar MP banka, tölvupóst á Jóhann Tómas Sigurðsson, regluvörð bankans, sem innihélt svohljóðandi skilaboð: „ÁSK var ekki gjaldfellt vegna Byr-dílsins.“

Þeir sem málinu tengjast sögðust fyrir dómnum ýmist ekki þekkja til þessa tölvupósts eða ekki vita til hvers hinn svokallaði „Byr-díll“ vísaði. Af orðum saksóknara mátti hins vegar skilja að hann teldi ljóst að Ágúst hefði fengið slaka hjá stjórnendum Byrs gegn því að taka þátt í Exeter-fléttunni.



**LÝKUR Í DAG** Aðalmeðferð málsins lýkur í dag með málflutningi saksóknara og verjenda Ragnars Z. Guðjónssonar (til vinstri), Jóns Þorsteins Jónssonar (í miðið) og Styrmis Þórs Bragasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> ÁSK var ekki gjaldfellt vegna Byr-dílsins.
>
> **THOMAS SKOV JENSEN**
> YFIRMAÐUR ÁHÆTTUSTÝRINGAR MP BANKA
>
> *Í TÖLVUPÓSTI TIL REGLUVARÐAR BANKANS*

Deginum eftir að hótað var að gjaldfella lán ÁSK ehf. fékk félagið nefnilega annað 50 milljóna króna lán frá MP banka, með sjálfskuldarábyrgð annars félags Ágústs sem nú er eignalaust. Það fé var síðan lánað áfram inn í Tæknisetrið Arkea, síðar Exeter, sem eiginfjárframlag í viðskiptunum með stofnfjárbréf í Byr.

Byr lánaði fyrir þeim viðskiptum og með því var öll áhætta af stofnfjárbréfunum færð frá MP banka og starfsmönnum og stjórnarmönnum Byrs, yfir á Byr sjálfan. Um það snýst Exeter-málið; að sakborningarnir þrír, Ragnar Z. Guðjónsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Byrs, stjórnarformaðurinn Jón Þorsteinn Jónsson og Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, hafi stefnt fé Byrs í mikla hættu með ólögmætum lánveitingum.

Það var Margeir Pétursson sem kynnti þá hugmynd fyrir Ágústi Sindra að fjárfesta í stofnfjárbréfum í Byr. Ágúst sagði fyrir dómnum að sér hefði þótt það álitlegur kostur, enda hefði hann haft trú á að Byr yrði fyrr en síðar í lykilstöðu á fjármálamarkaði og að bitist yrði um fyrirtækið.

Margeir gaf símaskýrslu frá borginni Lviv í Úkraínu, þar sem hann er búsettur. Hann sagðist ekki skilja hvað átt væri við í tölvupósti Thomasar Skov um „Byr-dílinn“.

Síðasti dagur aðalmeðferðar málsins verður í dag. Þá munu saksóknari og verjendur flytja mál sitt. **stigur@frettabladid.is**






## Hinn sparisjóðsstjórinn úti í kuldanum



„Þegar það eru tveir menn sem stýra þá þarf náttúrlega að tala saman,“ sagði **Magnús Ægir Magnússon** fyrir dómi í gær. Magnús Ægir var sparisjóðsstjóri við hlið Ragnars Z. Guðjónssonar þegar fyrra Exter-lánið, upp á 800 milljónir, var veitt í október 2008. Hann fékk hins vegar enga vitneskju um það fyrr en á gamlársdag 2008, nokkru eftir að hann lét af störfum hjá sjóðnum um miðjan nóvember.

Hvorugt lánið var tekið fyrir á fundi lánanefndar sparisjóðsins heldur afgreiddi Ragnar þau einn síns liðs, en hann hafði sem sparisjóðsstjóri útlánaheimild upp á hálfan annan milljarð. Magnús Ægir sagði hins vegar að hið lán af þessu tagi hefðu engu að síður „tvímælalaust“ átt að fara fyrir lánefndina og að einsdæmi væri að sparisjóðsstjóri tæki ákvörðun af þessu tagi einn.

„Vinnureglan var sú í öllum tilvikum – sérstaklega á þessum tíma þegar það var skortur á lausafé og passað upp á hverja krónu sem fór út úr bankanum – að öllum málum var mokað inn í þessa lánanefnd,“ sagði Magnús. Þá hefði það enn fremur verið meginregla hjá Byr að lána ekki út á stofnfjárbréf í sjálfum sér. Þó liggur fyrir að um áttatíu slík lán voru veitt á rúmlega eins árs tímabili.

Verjandi Jóns Þorsteins Jónssonar spurði Magnús hver hefði sagt honum upp störfum í nóvember 2008. Magnús staðfesti að það hefði verið Jón Þorsteinn.



# Framkvæmdalán

## 5,5% óverðtryggðir vextir* og **engin** lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

**Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 01.05.2011

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

**Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2012**

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýr söngleikur sem verður byggður á plötunni Lög unga fólksins?
2. Hvar verða hraðamyndavélar teknar í notkun í dag?
3. Hvaða persónu mun Laddi leika í væntanlegri strumpamynd?

SVÖR:

1. Hrekkjusvín 2. á Kjalarnesi 3. Kjartan galdrakarl

Ökumenn keppa í sparakstri:

# Flestir keppa á dísilbílum

**SAMGÖNGUR** Sigurrós Pétursdóttir hrósaði sigri í árlegri sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu sem fór fram í gær.

Takmarkið var að eyða sem minnstu eldsneyti á 142 kílómetra leið og tóku 25 bílar þátt í keppninni að þessu sinni, þar af 20 dísilbílar.

Sigurrós, sem keppti á Toyota Yaris með dísilvél, reyndist hlutskörpust þar sem hún eyddi aðeins 2,63 lítrum á hundraðið, en næstu tveir voru rétt undir þremur lítrum. - þj



**FYLLT Á** Farið var eftir öllum kúnstarinnar reglum þegar fyllt var á eldsneytistankana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Flóttamenn frá Afríku:

# Nærri þúsund á smárri fleytu

**ÍTALÍA, AP** Nærri þúsund flóttamenn komu í gær að landi á Sikiley eftir siglingu yfir Miðjarðarhafið frá Líbíu. Flestir eru þeir frá ríkjum sunnan Sahara-eyðimerkurinnar.

Þeir komu siglandi á tuttugu metra löngu skipi og var ansi þröngt um borð þegar 963 flóttamenn voru búnir að koma sér þar fyrir.

Allir eru þeir líkast til ólöglegir flóttamenn á Ítalíu og munu stjórnvöld þar reyna að senda þá til baka. - gb



**FUNDUÐU** Jacob Zuma og Múammar Gaddafí hittust í Líbíu á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Zuma kominn frá Líbíu:

# Gaddafí ætlar ekki úr landi

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, segir að Múammar Gaddafí hafi alls ekki í hyggju að þiggja boð af neinu tagi um að yfirgefa Líbíu til að fá hæli í öðru landi. Brotthvarf Gaddafís frá Líbíu er meginkrafa uppreisnarmanna, sem hafa sótt í sig veðrið undanfarið með aðstoð Atlantshafsbandalagsins. - gb

## LÖGREGLUMÁL

### Gæslan aðstoðaði skútu

Þyrla Landhelgisgæslunnar var í gær kölluð út til að aðstoða skipverja um borð í lítilli skútu sem varð vélarvana nærri álverinu í Straumsvík. Áhöfninni tókst að koma vélinni í gang og var ekki þörf fyrir þyrluna.

### Stálu bensíntanki og mótor

Lögreglan á Selfossi rannsakar þjófnað á fimmtán hestafla Suzuki-utanborðsmótor og rauðum 20 lítra bensíntanki sem var stolið úr litlum báti sem var í flæðarmáli Þingvallavatns í landi Miðfells.

### Stal kampavíni og bjór

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir þjófnað og vörslu fíkniefna. Maðurinn braust inn á veitingastað, í félagi við annan mann, og stal 24 flöskum af kampavíni, 24 flöskum af bjór, 35 flöskum af rauðvíni, tveimur kílóum af humri og 10 kílóum af humarhölum.



**MÓTMÆLI Í BANJA LUKA** Þúsundir manna komu saman í gær í borginni Banja Luka í Bosníu til að mótmæla framsali Ratko Mladic til stríðsglæpadómstólsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Kominn í rammgert fangelsi dómstólsins

**Bosníu-Serbinn Ratko Mladic, sem grunaður er um verstu stríðsglæpi í Evrópu á seinni tímum, var í gær fluttur frá Serbíu til stríðsglæpadómstólsins í Haag. Þúsundir stuðningsmanna hans í Bosníu mótmæla framsali hans frá Serbíu.**

**HOLLAND, AP** Ratko Mladic er kominn í fangelsi alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls í Haag, þar sem hann verður leiddur fyrir dómara innan fárra daga. Hann var handtekinn í Serbíu á fimmtudag og framseldur í gær til Haag.

Sextán ár eru liðin síðan þáverandi aðalsaksóknari dómstólsins ákærði hann fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni, meðal annars vegna fjöldamorðanna í Srebrenica árið 1995.

„Mladic er ákærður fyrir alvarlegustu glæpina gegn mannkyni og alvarlegustu brotin á alþjóðalögum,“ sagði Snezana Malovic, dómsmálaráðherra Serbíu, í gær þegar Mladic var framseldur. Hún sagði Serbíu með þessu uppfylla alþjóðlegar og siðferðilegar skyldur sínar.

Mladic var yfirmaður serbneska herliðsins í Bosníustríðinu árin 1992-95. Hermenn undir hans stjórn eru sakaðir um þjóðarmorð og fleiri stríðsglæpi á þessum tíma, þar á meðal morð á um 8.000 karlmönnum og drengjum við bæinn Srebrenica í júlí 1995 og ýmis voðaverk í tengslum við 44 mánaða langt umsátur um höfuðborgina Sarajevo.

„Þetta hefur mikla þýðingu fyrir fórnarlömb þjóðarmorðsins,“ segir Munira Subasic, formaður samtaka þeirra sem lifðu af fjöldamorðin í Srebrenica. „Mladic er farinn og við trúum því að illskan heyrist á tali hans og hann muni segja sannleikann.“

Í Bosníu komu þúsundir stuðningsmanna Mladic saman í gær til að mótmæla framsali hans til stríðsglæpadómstólsins. Margir Serbar líta enn á hann sem þjóðhetju sem hafi barist hetjulega fyrir málstað þeirra í stríðinu.

„Örninn er farinn en hreiðrið er eftir,“ stóð á skiltum sem sumir þeirra báru.

Í gær, áður en hann var fluttur til Haag, fékk Mladic leyfi til þess að fara í stutta heimsókn að gröf dóttur sinnar í úthverfi Belgrad, höfuðborgar Serbíu. Hún stytti sér aldur árið 1994, þá 23 ára gömul, að sögn serbneskra fjölmiðla vegna þunglyndis í tengslum við þátttöku föður hennar í stríðinu. Mladic fór þangað í fylgd vopnaðra varða. Hann hafði lagt mikla áherslu á að fá að fara þangað, því hann hafði ekki getað heimsótt gröf dóttur sinnar meðan hann var í felum.

„Við vorum með myndavélar þar og sólarhringsgæslu þannig að hann hefði örugglega ekki getað látið sjá sig þar,“ segir Vladimir Vukcevic, aðalstríðsglæpasaksóknari Serbíu.

gudsteinn@frettabladid.is


NÝTT TOSTADA

Tostada með salsa, kjúkling, sólþurrkuðum tómötum, osti, furuhnetum, rjómaosti og klettasalati (rucola).

1.190 kr



Culiacan MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

Sundnámskeið

Sundnámskeið fyrir börn hefst 6. júní.
Kennt verður í Sundlaug Sjálfsbjargar,
Hátúni 12. Skráning fer fram í Íþróttahúsi ÍFR
Hátúni 14 eða í síma 561-8226.

Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík


Mótmælahreyfing ungra Egypta hreint ekki sátt við herforingjastjórnina:

# Mannréttindi áfram brotin

**EGYPTALAND, AP** Herforingjastjórnin, sem til bráðabirgða tók við stjórn Egyptalands eftir að Mubarak forseti hraktist frá völdum, er sökuð um alvarleg mannréttindabrot gegn mótmælendum.

Meðal annars eru hermenn sakaðir um alvarleg kynferðisbrot gegn kvenkyns mótmælendum, sem þeir handtóku og hótuðu að ákæra fyrir vændi. Mannréttindasamtök segja að hermennirnir hafi með grófum hætti skoðað kynfæri kvennanna, undir því yfirskyni að þeir væru að ganga úr skugga um hvort þær væru hreinar meyjar. Þær sættu einnig barsmíðum og öðrum pyntingum.

Mótmælendur hafa hvatt herforingjastjórnina til að láta rannsaka þessar ásakanir. Þess í stað voru fjórir blaðamenn og einn þekktur mótmælandi kallaðir til yfirheyrslu. Tveir blaðamannanna eru enn í haldi og verða yfirheyrðir á föstudag.

Leiðtogar ungra mótmælenda höfnuðu í gær boði herforingjastjórnarinnar um viðræður. Þess í stað ætla þeir í dag að nota netið til að koma mótmælum sínum og ásökunum á framfæri. - gb



**HERFORINGJASTJÓRNINNI MÓTMÆLT** Mikill mannfjöldi safnaðist saman á Tahrir-torgi um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP



SAFNAÐU ÞREMUR LUKKUSEÐLUM JÓAKIMS!

# SUMARLEIKUR Disney

...með þér, í allt sumar!

**Taktu þátt í sprellfjörugum Sumarleik Disney og þú getur unnið glæsilega vinninga.**

## AÐALVINNINGUR 150.000.-KR*

SAFNAÐU 3 LUKKUSEÐLUM JÓAKIMS.
DREGIÐ VIKULEGA Í SUMAR
UM **40.000.-** KR VINNING Í SAMSTARFI
VIÐ ARION BANKA*
AUK FJÖLDA GLÆSILEGRA
DISNEY-VINNINGA.

**STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!**
BRANDARABÓK ANDRÉSAR,
**SUMAR SMÁSYRPA,**
JÓAKIM AÐALÖND ÆVI OG STÖRF,
**RISA SYRPA,**
STÓRA DISNEY MATREIDSLUBÓKIN,
**ÁSKRIFTIR FRÁ DISNEY,**
**40.000.- KR VINNINGUR FRÁ ARION BANKA*,**
**& GJAFABRÉF Á HAMBORGARAFABRIKKUNA.**

**Dregið út alla miðvikudaga á Bylgjunni í allt sumar!**

**LUKKUSEÐILL JÓAKIMS FYLGIR ÖLLUM DISNEY-BLÖÐUM Í SUMAR!**




**Reglur leiksins og nánari upplýsingar á disneybok.is**

*Á FRAMTÍÐARREIKNING HJÁ ARION BANKA.

©Disney




Forstjóri Tryggingastofnunar segir starfað með fjölmörgum vegna endurhæfingar:

# Brugðust hratt við ástandinu

**SAMFÉLAGSMÁL** „Tryggingastofnun á í samstarfi við fjölmarga aðila vegna endurhæfingar. Þessir aðilar hafa tekið verulega vel við sér og brugðist hratt við ástandinu og það ber að þakka."

Þetta segir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, vegna athugasemda á vef Alþýðusambands Íslands, ASÍ, um að hún hafi ekki nefnt samstarfið við Virk-Starfsendurhæfingarsjóð í viðtali í Fréttablaðinu nýverið.

Sigríður Lillý sagði þar að líklega hafi hægt á fjölgun öryrkja vegna aðgerða stjórnvalda undanfarin ár. Þau hefðu gripið til margvíslegra úrræða til þess að tryggja endurhæfingu og virkni í kjölfar atvinnumissis og heilsubrests.



SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR

„Ég tek undir þau orð Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ, að starfsemi á borð við þá sem Virk býður upp á sé einnig mikilvæg til þess að bregðast við fjölgun öryrkja. Við höfum reynt það af góðu samstarfi við Virk að þar er vel að verki staðið." - ibs

> Starfsemi á borð við þá sem Virk býður upp á [er] einnig mikilvæg til þess að bregðast við fjölgun öryrkja.
>
> SIGRÍÐUR LILLÝ BALDURSDÓTTIR FORSTJÓRI TRYGGINGASTOFNUNAR

# Fjögur aðildarfélög BSRB náð samningi

**Fjögur aðildarfélög BSRB hafa náð samningum við ríki og sveitarfélög undanfarna daga. Formaður bandalagsins segir viðræður ganga vel þótt enn sé nokkuð í land hjá mörgum. Mikið er að gera í Karphúsinu og allir salir þéttsetnir.**

**KJARAMÁL** Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir viðræður vegna kjarasamninga ganga vel og hafa fjögur aðildarfélög bandalagsins náð samkomulagi við viðsemjendur sína á síðustu dögum.

Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu, og SFR, stéttarfélag í almannaþjónustu, skrifuðu undir samninga við ríkið og Samflot, samtök bæjarstarfsmannafélaga, samdi við samninganefnd sveitarfélaga. Þá sömdu flugumferðastjórar við Isavia og aflýstu með því öllum verkfallsaðgerðum, en þar hafði verið yfirvinnubann í gildi um nokkra hríð.

> Þetta er að vinnast ágætlega og það er fullt í öllum okkar sölum og rúmlega það þessa dagana.
>
> MAGNÚS PÉTURSSON RÍKISSÁTTASEMJARI

Þrír fyrstnefndu samningarnir eru á svipuðum nótum og stóru samningarnir sem tókust milli ASÍ og Samtaka atvinnulífsins. Um það bil helmingurinn af vinnumarkaðinum féll undir þá samninga og Elín Björg segir að með þeim hafi hlutirnir farið að hreyfast.

„Um leið og þeir voru frágengnir fóru steinarnir að losna úr stíflunni og nú er kominn góður skriður á þessi mál."

Hún bætti því við að bréf sem BSRB barst nýlega frá ríkisstjórninni, þar sem tíunduð var afstaða stjórnvalda gagnvart kjarasamningum opinberra starfsmanna, hafi einnig liðkað fyrir samningsferlinu. Þar var meðal annars lögð áhersla á að eyða kynbundnum launamun og vinna í lífeyrissjóðsmálum.

Elín Björg telur að dregið geti til tíðinda á næstunni, en þó sé ekki enn farið að sjá fyrir endann á samningahrinunni.

„Enn eiga 23 félög eftir að semja og þar af eru sum félög með marga samninga, þannig að það er mikið eftir enn. Það er hins vegar góður gangur á þessu og ásetningur til að landa samningum," segir Elín.

Magnús Pétursson ríkissáttasemjari segir í samtali við Fréttablaðið að mikill erill sé í húsakynnum hans þessa dagana. Þar voru til dæmis fulltrúar Starfsgreinasambandsins, SFR, BHM og hjúkrunarfræðingar við samninga í gær. Samiðn og Rafiðnaðarsamband Íslands náðu saman í gær.

„Þetta er að vinnast ágætlega og það er fullt í öllum okkar sölum og rúmlega það þessa dagana." Magnús segir þó að margt sé enn óunnið enda séu liðlega 300 kjarasamningar í landinu.

„En þessu miðar öllu vel og það er hugur í fólki að halda áfram." thorgils@frettabladid.is



**VIÐRÆÐUR GANGA VEL** Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að hreyfing hafi komið á samingaviðræður opinberra starfsmanna eftir að ASÍ og SA náðu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjórnarflokkarnir segjast ekki forðast þjónustu skattlagðra fyrirtækja:

# Vísar ásökunum SAF á bug

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin áréttir að flokkurinn hafi keypt þjónustu af fjölmörgum aðilum í hótel- og veitingahúsarekstri á síðustu árum. Í tilkynningu frá flokknum segir að Samfylkingin forðist ekki á nokkurn hátt að nýta þjónustu aðila sem tilheyri Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF).

„Ljóst er að skilaboðin sem koma fram í tilkynningu [SAF] eiga ekki við nokkur rök að styðjast hvað Samfylkinguna varðar," segir í tilkynningunni.

Var þetta sent í kjölfar tilkynningar frá SAF sem birtist í fjölmiðlum í gær. Þar sagði að það hefði vakið athygli fyrirtækja sem leigðu út ráðstefnusali að stjórnmálaflokkar hefðu að undanförnu haldið flokksþing sín í skólastofnunum og þyrftu þar af leiðandi ekki að greiða virðisaukaskatt af húsaleigunni.

Samtökin nefndu dæmi þar sem sagt var að flokkar Vinstri grænna og Samfylkingar hefðu haldið fundi og flokksþing í skólum landsins í stað þess að kaupa þjónustu ráðstefnusala.

Auður Lilja Erlingsdóttir, framkvæmdastýra VG, tekur undir ábendingar SAF og segir gott að þeim skuli haldið á lofti. Hins vegar liggi gildar ástæður að baki því að VG hafi tvívegis fundað í skóla og þar sé með engu verið að forðast að borga virðisaukaskatt. Ráðstefnusalir hafi ýmist verið uppbókaðir sökum lítils fyrirvara eða verið að dreifa fundarstöðum jafnt milli svæða. - sv



**ÞINGFLOKKSFUNDUR SAMFYLKINGARINNAR** Samfylkingin segir skilaboðin frá SAF ekki eiga við nein rök að styðjast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# OPIÐ

## ALLAN sólarhringinn

## á Eiðistorgi og Akureyri í sumar

24

Hagkaup

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



**KJARNORKUVERI BREYTT Í TÍVOLÍ** Gamalt kjarnorkuver í Kalkar í Þýskalandi, skammt frá landamærum Hollands, er nú notað sem skemmtigarður. NORDICPHOTOS/AFP

Þingmenn Framsóknarflokksins leggja fram 46 tillögur til átaks í atvinnumálum:

# Störfum gæti fjölgað um 12 þúsund

**EFNAHAGSMÁL** Þingmenn Framsóknarflokksins lögðu nýverið fram ýtarlegar tillögur til átaks í atvinnumálum á Alþingi. Tillögurnar eru 46 talsins, og ætla þingmennirnir að verði þær að veruleika gæti störfum fjölgað um tólf þúsund á næstu árum.

Í tillögunum, sem unnar voru af atvinnumálanefnd Framsóknar, er meðal annars lagt til að skuldameðferð lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem talin eru rekstrarhæf fari fram með gegnsæjum hætti og ljúki sem fyrst.

Framsóknarmenn vilja einnig endurskoða skattaumhverfi atvinnulífsins til að tryggja samkeppnishæfi landsins.

Lagt er til að ríkið leggi í kynningarátak til að efla ferðaþjónustuna allt árið. Til þess verði varið 350 milljónum króna gegn því að fyrirtæki í ferðaþjónustu leggi fram aðra eins upphæð.

Þá er lagt til að endurgreiðslur til kvikmyndagerðar verði hækkaðar, sparisjóðir verði endurskipulagðir, loðdýrarækt verði tryggt samkeppnishæft umhverfi og skattaumhverfi vegna olíuleitar í landhelginni verði bætt. **- bj**



**TILLÖGUR** Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, var formaður atvinnumálanefndar Framsóknar, sem kom fram með tillögurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efnahagsmál Íra ekki alsvört:

# Útflutningur eykst frá Írlandi

**EVRÓPUMÁL Útflutningur írska hagkerfisins eykst um sjö prósent árið 2011, samkvæmt útreikningum írska þjóðarbankans í skýrslu um erlendar fjárfestingar. Þá er meðtalin útseld þjónusta.**

**Blaðið Irish Times segir þetta líkt frammistöðunni 2010, þegar vöruútflutningur jókst um sjö prósent en þjónusta til erlendra um tíu prósent.**

**Laun hafa lækkað á Írlandi og samkeppnishæfni landsins aukist. Bein erlend fjárfesting jókst um átján prósent í fyrra. - kóþ**



**LYKLAMÁL** Borgaryfirvöld í Árósum hafa skipt um læsingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

Vandræði í Árósum:

# Lyklaþjófar ollu milljónatjóni

**ÁRÓSAR** Borgaryfirvöld í Árósum í Danmörku hafa þurft að skipta um lása í um 250 stofnunum í borginni með kostnaði sem hleypur á milljónum. Þjófar komust yfir lykla og lykilnúmer, merkt viðeigandi stofnunum, í innbroti á skrifstofur hreingerningafyrirtækis.

Strax fór að bera á innbrotum í stofnanir, en nú hefur verið lagt í úrbætur. Fyrirtækið hefur beðist afsökunar og ræðir nú við borgaryfirvöld um skaðabætur. **- þj**

Lögbann sett á Kynnisferðir:

# Beiðni Bíla og fólks samþykkt

**SAMGÖNGUR Sýslumaðurinn í Kópavogi setti lögbann á þjónustufyrirtækið Kynnisferðir í gær. Bannið gerir það að verkum að fyrirtækið má hvorki auglýsa né aka áætlunarferðir á sérleyfisleiðum Bíla og fólks ehf., sem sér um sérleyfisakstur um Suðurlandið undir nafninu Sterna.**

**Forsvarsmenn Bíla og fólks fóru fram á það við sýslumann að bannið yrði sett á og var það samþykkt. Kynnisferðir mótmæltu banninu á grundvelli þess að þjónusta fyrirtækisins sé annars eðlis en þess fyrrnefnda. Ekki var fallist á þau rök. - sv**

# Mútur og baktjaldamakk í knattspyrnuhreyfingunni

**Mikill fjölmiðlasirkus er í kringum aðalþing FIFA, alþjóðaknattspyrnusambandsins, sem sett var í Zürich í gær. Hafa komið upp vísbendingar um mútuþægni og baktjaldamakk meðal æðstu embættismanna FIFA í aðdraganda þess. Í þetta skiptið beinast spjótin þó ekki að hinum umdeilda forseta Sepp Blatter.**

**ZÜRICH, AP** Aðalþing alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, var sett í gær í skugga hneykslismála sem komið hafa upp síðustu vikur.

Í opnunarræðu sinni sagði Sepp Blatter, forseti FIFA, uppljóstranirnar um mútuþægni æðstu embættismanna skekja stoðir sambandsins. „Ég hélt að fótboltaheimurinn einkenndist af prúðmennsku, virðingu og aga en því miður hef ég séð að svo er ekki lengur,“ sagði Blatter, sem gegnt hefur stöðu forseta frá árinu 1998.

Forsetakjör FIFA fer fram í dag en Blatter er einn í framboði eftir að Mohammed bin Hammam, forseti Knattspyrnusambands Asíu, dró framboð sitt til baka á sunnudag í kjölfar ásakana um mútur. Knattspyrnusambönd Englands og Skotlands hafa síðan sagt kosningarnar skorta trúverðugleika og kallað eftir því að þeim verði frestað þar til óháð rannsóknarnefnd hafi kannað málið til hlítar.

Bin Hammam, sem hefur átt sæti í aðalstjórn FIFA, hefur verið vikið úr stjórninni tímabundið ásamt öðrum stjórnarmanni vegna ásakana um að FIFA-fulltrúum frá Karíbahafsríkjum hafi verið greiddar umtalsverðar fjárhæðir fyrir stuðning við forsetaframboð bin Hammams.

Hafa ásakanirnar á hendur bin Hammam, sem er frá Katar, einnig vakið spurningar um kosningarnar sem fram fóru í desember um keppnisstaði heimsmeistaramótanna 2018 og 2022. Niðurstaða þeirra kosninga var sú að Rússland hlaut mótið 2018 og Katar 2022. Þannig hefur komið upp á yfirborðið tölvupóstur sem Jerome Valcke, aðalritari FIFA, skrifaði þar sem hann segir bin Hammam hafa áformað að kaupa forsetastólinn rétt eins og „þeir“ keyptu heimsmeistaramótið.

Valcke hefur síðan neitað því að hann hafi verið að vísa til mútanna, og að sama skapi hafa talsmenn framboðs Katar harðneitað því að hafa brotið af sér.

Áður hafa komið upp ásakanir um að tveimur afrískum FIFA-fulltrúum hafi verið grett fyrir að kjósa Katar.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem upp hafa komið hneykslismál hjá FIFA í forsetatíð Sepps Blatter. Hann hefur alla tíð verið umdeildur og raunar verið kallaður teflon-maðurinn af augljósum ástæðum.

Í þetta skiptið beinast ásakanirnar þó ekki að honum, en Blatter var næstum hrakinn úr embætti árið 2002 þegar lá við gjaldþroti FIFA í kjölfar þess að markaðsfyrirtækið ILS fór á hausinn.

Engu minna fjaðrafok var í kringum forsetakjörið 1998 þegar Blatter bar sigurorð af Svíanum Lennart Johansson, þáverandi forseta Knattspyrnusambands Evrópu. Flugu ásakanir um mútur og baktjaldamakk á báða bóga.

**magnusl@frettabladid.is**



**FRÁ ÞINGINU** Sepp Blatter þótti ólíkur sjálfum sér við setningu FIFA-þingsins í gær. Blatter lætur sér sjaldan bregða þótt fjölmiðlamenn þjarmi að honum en sesti sig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## KSÍ fylgir Evrópuþjóðunum að málum



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, situr aðalþing FIFA fyrir hönd Íslands. Vísir hafði samband við Geir í gær og spurði hann um afstöðu KSÍ til forsetakjörsins. Englendingar og fleiri þjóðir hafa sagst ætla að sitja hjá í kosningunni og kallað eftir óháðri rannsóknarnefnd. Geir segir KSÍ ekki ætla að fylgja fordæmi þeirra.

„Evrópuþjóðirnar hafa hist og við fylgjum foringja vorum, Platini, og framkvæmdastjórn UEFA eins og staðan er núna,“ sagði Geir og bætti við: „Við höfum sest niður með Norðurlandaþjóðunum og þar vilja allir gjarnan fá niðurstöðu í þessi mál. Það þarf að leiða fram hvað er satt og rétt.“

Spurður hvort KSÍ væri að leggja blessun sína yfir spillinguna með því að kjósa Blatter sagði Geir: „Við höfum stutt Blatter áður og vorum búnir að taka ákvörðun um að styðja hann í þessu kjöri. Það er bara hægt að styðja þá sem eru í framboði. Maður veltur því líka fyrir sér af hverju þeir bjóða sig ekki fram sem vilja stuðla að framgangi annarra mála.“


FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

EIGNIR ÓSKAST

GARÐABÆR - AKRAHVERFI

- 3ja herb. íbúð auk stæðis í bílgeymslu óskast í Rúgakri eða Maltakri

PÓSTNÚMER 101 OG 107

- Góð sérhæð óskast fyrir traustan kaupanda
- Einbýlishús með aukaíbúð óskast


Skýrsla Þróunarstofnunar Bandaríkjanna um afleiðingar jarðskjálftans á Haítí:

# Segja færri látna en áður var talið

**HAÍTÍ, AP** Líklega hafa mun færri látist í jarðskjálftanum á Haítí í upphafi síðasta árs en opinberar tölur segja til um. Þetta er niðurstaða skýrslu sem unnin var fyrir Þróunarstofnun Bandaríkjanna, USAID. Skýrslan hefur ekki verið birt enn þar sem lokafrágangur stendur yfir.

Í niðurstöðum skýrslunnar, sem fréttaveitan AP hefur undir höndum, segir að líklega hafi á milli 46 þúsund og 85 þúsund manns látist í jarðskjálftanum, sem er víðs fjarri þeim 316 þúsund sem stjórnvöld á Haítí segja að hafi látist.

Þá segir í skýrslunni að 895 þúsund manns hafi flúið heimili sín og 375 þúsund búi enn í bráðabirgðaskýlum á meðan opinberar tölur segja að 1,5 milljónir manna hafi flúið að heiman og 680 þúsund séu enn á vergangi.

Þetta þykir skipta miklu máli þar sem Haítí fékk tugmilljarða í framlög frá stofnunum og öðrum löndum til uppbyggingarstarfs á grundvelli þess fjölda sem lést eða þeirra sem þurfa hjálp sökum hamfaranna.

Stjórnvöld í Haítí sögðust ekki hafa séð skýrsluna og gátu því ekki tjáð sig um efni hennar.

Talsmaður Jean-Max Bellerive, fyrrum forsætisráðherra, sagði hins vegar í samtali við AP að skýrslan væri ófullkomin og rétt tala látinna væri sennilega mun nær opinberum tölum. **- þj**



**EYMD** Þrátt fyrir að enginn efist um að mikil eymd sé á Haítí, eru skiptar skoðanir um hversu margir létu þar lífið í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona ákærð fyrir þjófnað:

# Stal skarti og snyrtivörum

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært konu á fertugsaldri fyrir þjófnað og fíkniefnalagabrot.

Konunni er gefið að sök að hafa stolið snyrtivörum og skarti úr Hagkaupi í Smáralind. Verðmæti þýfisins nam rúmlega tuttugu þúsund krónum.

Þá er konan ákærð fyrir að hafa haft í fórum sínum fíkniefnið maríjúana sem lögregla fann við leit í bifreið hennar, þar sem hún var stöðvuð við Jaðarsel í Reykjavík. - jss

Hrossabónda á Skeggjastöðum í Vestur-Landeyjum birtist óvænt sýn þegar hann kom í hagann:

# Hryssa kastaði tveimur sprækum folöldum

**DÝRAHALD** „Þetta var reglulega óvænt,“ segir Guðjón Antonsson á Hvolsvelli um hryssu sína sem kastaði tveimur folöldum aðfaranótt mánudags. Hryssan er ásamt fleiri hrossum á Skeggjastöðum í Vestur-Landeyjum. Sjaldgæft er að hryssur eignist tvíburafolöld.

„Ég fór þarna nóttina sem hún kastaði. Það voru komin tvö folöld og ég hélt í fyrstu að tvær hryssur væru kastaðar. Svo kom í ljós að það var önnur hryssa að reyna að stela öðru folaldinu hennar. Það leyndi sér ekki að hún átti bæði folöldin.“

Hryssan frjósama eignaðist tvær hryssur sem eru sprækar og fá nóg að drekka hjá móður sinni. Önnur þeirra er heldur minni en hin, eins og oft vill verða með tvíburafolöld, en hún gefur systur sinni samt ekkert eftir.

Halldór Kristinn, sonur Guðjóns, kveðst í samtali við Fréttablaðið hafa farið að skoða folöldin, annað sé rautt en hitt móvindótt. Þau eru vel ættuð, út af Ófeigi frá Flugumýri og Eldjárn frá Tjaldhólum.

Halldór Kristinn og Guðjón reka hrossabúskap á Skeggjastöðum og eru þar með 50 til 60 hross. Þeir fá upp undir tuttugu folöld á ári og selja sum til lífs en önnur í kjötframleiðslu. - jss



**TVÍBURAFOLÖLDIN** Litlu hryssurnar með móður sinni. Þær hafa ekki fengið nafn.



**HRAÐLESTAR** Áætlanir Norðmanna um hraðlest milli höfuðborga Norðurlanda eru í uppnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samgöngubót í uppnámi:

# Segja Svíana hindra hraðlest

**NOREGUR** Ólíklegt er að hugmyndir norskra samgönguyfirvalda um hraðlest milli höfuðborga Norðurlanda verði að veruleika í bráð.

Í Noregi hefur undanfarið verið unnið að undirbúningi lestar sem færi á allt að 330 kílómetra hraða á klukkustund milli Ósló-ar, Stokkhólms og Kaupmannahafnar en Svíar taka ekki í mál að leyfa meiri hraða en 250.

Í Aftenposten kemur fram að á þeim hraða myndi ferðalagið milli Óslóar og Kaupmannahafnar taka meira en þrjá tíma og þar með gera lestarferðirnar óhagkvæmar, því að fólk kysi þá fremur að fljúga milli staða. - þj

## LÖGREGLUMÁL

### Ræktun í risíbúð

Tveir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir að rækta eina kannabisplöntu í risíbúð við Melgerði í Reykjavík. Plantan var orðin 115 sentimetrar á hæð þegar ræktunin var stöðvuð.






# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**



4990

**REGNGALLAR - BARNA**
Fyrir 1-8 ára




4 fyrir 3

**GRÓÐURMOLD - 50 LTR**
Fáðu fjóra en borgaðu fyrir þrjá
Stykkjaverð, kr 1290



1990

**ÖKLASTÍGVÉL - BARNA**
Gúmmí
St 30-35



4990

**SPORTSANDALAR**
Dömu, st 36-41
Herra, st 41-46



6990

**GÖNGUSKÓR - SOFTSHELL**
Dömu, st 36-41
Herra, st 41-46



2990

**STRIGASKÓR - BARNA**
Með blikkljósum
Með frönskum rennilás
St 24-32




2,3 kg

599

**ÞVOTTAEFNI**




199

**ÞVOTTAEFNI**
750 gr



199

**SALERNISPAPPÍR**
Átta rúllur



3990

**BJÖRGUNARVESTI**
30-40 kg/40-60 kg/
60-70 kg/70-100 kg /
100 kg +



frá 5999

**BLAUTBÚNINGAR**
Barna, 3-13 ára, kr 5999
Dömu, st 38-44, kr 7990
Herra, st S-XL, kr 7990

# Opið á morgun, uppstigningardag, kl. 10:00-18:00 í öllum verslunum




**599**
**GRILLKOL**
2 kg



3,66 metrar

**34.990**

**TRAMPÓLÍN - 3,66 M**
Öryggisnet, kr 19.990
Kauptu trampólín og öryggisnet saman á kr 48.990 og sparaðu kr 5990



frá **349**

**Í ÚTILEGUNA**
Skál, Ø14 cm, kr 349
Diskur, Ø23 cm, kr 359
Diskur, Ø28 cm, kr 459
Bolli, melamín, kr 399
Salatskál, Ø25 cm, kr 699
Bakki, 50x37,5 cm, kr 1599
Kaffikanna m/dælu, 1,7 ltr, kr 2299
Vatnsglas, akrýl, kr 499
Vínglas, akrýl, kr 499



frá **199**

**FRISBEE**
20 cm
29 cm, kr 329



7 hlutir!

**1290**

**FÖTUSETT**
Ø 17 cm



frá **259**

**VATNSBYSSUR**
Vatnsbyssur í úrvali



**1190**

**BOLTAR**
23 cm



50 metrar

**2990**

**VEISLUDÚKUR**
50 m, hvítur
6 m, hvítur, kr 599



**5990**

**ÞRÍHJÓL**
Með handfangi

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Margir geta hugsað sér að vinna erlendis.

## Ef unga fólkið fer

Niðurstöður evrópsku könnunarinnar Eurobarometer on Youth, sem Fréttablaðið hefur sagt frá undanfarið, eru fyrir margar sakir merkilegar. Rannsóknin felur í sér bæði jákvæð og neikvæð tíðindi fyrir Íslendinga sem taka ber mark á.

800 íslensk ungmenni á aldrinum 15 til 35 ára tóku þátt í rannsókninni. Hún leiðir meðal annars í ljós að íslensk ungmenni líta háskólanám hér á landi mjög jákvæðum augum. Níutíu prósent þeirra telja háskólanám á Íslandi vera góðan kost. Þetta hljóta háskólarnir að geta unað vel við, ekki síst Háskóli Íslands, sem hefur þurft að takast á við aukna aðsókn og mikinn niðurskurð á sama tíma. Aðeins í Danmörku var hlutfall jákvæðra til háskólanáms hærra. Íslendingar treysta skólakerfinu, eins og Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra orðaði það í blaðinu um helgina.

SKOÐUN



Þórunn Elísabet Bogadóttir

thorunn@frettabladid.is

Flestir Íslendingar segjast sækja háskólanám til að fá betri atvinnutækifæri eða hærri laun. Afar fáir vilja nota háskólanámið til að auka tækifæri sín til að stofna eigið fyrirtæki. Þar eru Íslendingar á botninum. Í því felst vissulega vísbending fyrir atvinnulífið í landinu, eins og menntamálaráðherra sagði.

Íslensk ungmenni tróna efst á listanum yfir þá sem helst vilja vinna annars staðar en í heimalandinu. 84 prósent þeirra geta hugsað sér að vinna í öðrum löndum í Evrópu. Fjörutíu prósent vilja vinna í öðrum löndum til lengri tíma. Svipað hlutfall segist þegar hafa prófað að dvelja erlendis í meira en mánuð vegna vinnu, náms eða sjálfboðastarfs.

Þetta þarf ekki endilega að vera neikvætt, eins og Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, benti á í viðtali á mánudag. „Við erum eyland, ferðumst mikið og erum snemma búin að gera ráð fyrir því að við munum líklega flytjast búferlum á einhverjum tímapunkti." Því er ekkert óeðlilegt að íslensk ungmenni vilji prófa að búa annars staðar í Evrópu. Þessi víðsýni er af hinu góða.

Hins vegar er áhyggjuefni hversu stór hluti ungra Íslendinga getur hugsað sér að flytjast til annarra landa til lengri tíma. Við höfum ekki efni á því að missa mikið af ungu fólki úr landinu, hvað þá öll fjörutíu prósentin sem geta vel hugsað sér að fara.

Halldór, sem hefur lengi rannsakað atvinnuleysi, segir að fá tækifæri séu fyrir atvinnulaust ungt fólk hér á landi. Þannig hafi það verið um allnokkurt skeið. Ef fólk sér ekki tækifærin hér leitar það auðvitað annað.

Í kjölfar hrunsins var mikið rætt um nauðsyn þess að hlúa að ungu fólki og koma í veg fyrir stórfellda fólksflutninga frá Íslandi. Þó að ýmislegt hafi verið reynt í þessum málum þarf að gera betur. Ekki er nóg að fólk vilji í yfirfulla háskólana, það verður að sjá atvinnutækifæri að náminu loknu.

Búa verður þannig um hnútana að ungt fólk sem fer utan í nám eða til vinnu sjái hag sinn í því að koma aftur heim og ljá atvinnulífinu á Íslandi krafta sína.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Ertu "enn á leiðinni" í jóga?
Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?
KUNDALINI JÓGA
ÚTI OG INNI
Orkugefandi - Markvisst - Umbreytandi
SUMARTILBOÐ
TVEIR FYRIR EINN 1. JÚNÍ – 25. ÁGÚST
Mánud. og miðvikud. kl 7.00 - 8.15
þriðjud. og fimmtud. kl 17.45 - 19.00
Útijóga, miðvikud. kl. 17.30 - 18.30
Skráning og nánari upplýsingar:
www.jogasetrid.is
Auður Bjarna 846 1970
Lótus Jógasetur - Borgartúni 20, 4. hæð

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki hægt

Ef horft er fram hjá þingflokki Vinstri grænna eiga Íslendingar því ekki að venjast að í brýnu slái á milli samflokksmanna á Alþingi. Þetta gerðist þó í gær, þegar Árni Johnsen kvaddi sér hljóðs til að gagnrýna af hörku málflutning samherja síns, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, í umræðum um kvótamál. Sagðist Árni harma að Þorgerður skyldi státa af því að Sjálfstæðisflokkurinn væri jafnvel til í að auka veiðileyfagjald. „Það er ekki hægt að tala þannig fyrir hönd sjálfstæðismanna," sagði Árni og var nokkuð niðri fyrir – svo sem ekki í fyrsta sinn.



### Hvernig þá?

Þetta vekur upp spurningar um það hvernig sé eiginlega hægt að tala fyrir hönd sjálfstæðismanna að mati Árna. Kannski svona: „Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að vinna 10 ára aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir þar sem einn liðurinn verði að sala á tóbaki verði takmörkuð við apótek." Þetta segir í það minnsta í spánnýrri þingsályktunartillögu sem Árni flytur. Það væri forvitnilegt að vita hversu stór hluti samflokksmanna hans er hlynntur þessu máli.



### Upphlaupið

Gjörvallur þingflokkur Vinstri grænna hefur lagt til að Ísland gangi úr NATO. Meira að segja utanflokksfólkið Atli, Ásmundur og Lilja eru með á málinu. Önnur eins samstaða hefur ekki sést á vinstri vængnum í lengri tíma. Og af einhverjum ástæðum geta pólitíkusar hægra megin miðju ekki á heilum sér tekið vegna þessarar tillögu. Eins og hún komi þeim svakalega á óvart. Samt er það yfirlýst stefna Vinstri grænna að ganga úr NATO og hefur alltaf verið. Upphlaupið er því annarra en þeirra.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Nýir og nauðsynlegir sendiherrar

Réttindi fatlaðra



Ögmundur Jónasson

innanríkisráðherra

Nýverið hitti ég í Alþingishúsinu nýja sendiherra. Það væri ekki í frásögur færandi nema af því að þeir hafa sérstakt og brýnt hlutverk í samfélagi okkar: Að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks meðal jafningja sinna undir formerkjum hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun.

Sjö einstaklingar sóttu námskeið sem veitti þeim innsýn í sáttmálann sem Ísland undirritaði 30. mars 2007. Hann fjallar um það hvernig á að gæta þess að réttindi fatlaðs fólks í landinu séu tryggð. Og hver er betur til þess fallinn en einmitt sá sem er í þeim hópi? Hann getur best tjáð jafningjum sínum og okkur öllum hvernig við eigum að bera virðingu fyrir öllum, hverju þarf að breyta, hvernig gæta þarf að aðgengi og réttarkerfinu svo nokkuð sé nefnt.

> Augljóst var af þessum stutta fundi okkar að sendiherrarnir nýju eru allir sem einn áhugasamir um að standa sig.

Augljóst var af þessum stutta fundi okkar að sendiherrarnir nýju eru allir sem einn áhugasamir um að standa sig. Þetta eru þau Gísli Björnsson, Ingibjörg Rakel Bragadóttir, Ína Valsdóttir, María Hreiðarsdóttir, Skúli Steinar Pétursson, Þórey Rut Jóhannesdóttir og Þorvarður Karl Þorvarðarson. Þau hafa öll öðlast mikla reynslu í réttindabaráttu fatlaðra og hafa sérhæft sig í ákveðnum sviðum í þessu verkefni.

Núna í júní fara þau um og kynna samninginn öðru fólki með þroskahömlun. Þau skipta liði og heimsækja meðal annars hæfingarstöðvar, ýmsa vinnustaði og aðra þá staði sem óska eftir kynningu þeirra. Þar leggja þau upp í mikilvæga sendiför með mikilvæga þekkingu og áminningu sem koma þarf á framfæri.

Ég vil að lokum óska þeim velfarnaðar í sendiherrastarfinu og er sannfærður um að hér eru á ferðinni nýir og nauðsynlegir sendiherrar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þjóðarátak gegn ofbeldi

Ofbeldi

**Kristín Ástgeirsdóttir**
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu



Um þessar mundir standa velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa fyrir fræðsluátaki um kynbundið ofbeldi. Í stórri rannsókn sem gerð var á árunum 2009-2011 fyrir velferðarráðuneytið kom fram að mikil þörf er fyrir almenna fræðslu sem og grunn- og endurmenntun fagstétta, ekki síst heilbrigðisstétta um kynbundið ofbeldi, einkenni þess og afleiðingar. Unnið er að margvíslegum rannsóknum en þær þarf að kynna betur, efla og fylgja eftir með úrræðum. Það skortir okkur þekkingu á ákveðnum hópum, t.d. fötluðum konum og körlum og erlendum konum. Tölur frá Kvennaathvarfinu um komur erlendra kvenna eru þess eðlis að þær kalla á sérstakar aðgerðir.

Í glænýrri skýrslu UNICEF á Íslandi er því haldið fram að kynferðisofbeldi sé mesta ógnin við velferð barna á Íslandi. Slíkt ástand getur velferðarríkið Ísland að sjálfsögðu ekki sætt sig við. Frá upphafi starfsemi Stígamóta árið 1990 til 2010 hafa 5.653 einstaklingar leitað sér aðstoðar vegna kynferðisofbeldis. Ofbeldismenn eru 7.969 samkvæmt skýrslu Stígamóta en sumir kunna að koma oftar en einu sinni við sögu. Konur eru mikill meirihluti brotaþola en smám saman hefur verið að koma í ljós hve margir drengir hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og er þar skemmst að minnast sögu sumra Breiðavíkurdrengjanna. Langflestir verða fyrir kynferðislegri misnotkun á barnsaldri en ljóst er að hvaða ofbeldi sem á í hlut eru það allt of margir sem hvorki kæra né leita sér hjálpar.

Það er líka rétt sem fram kemur í skýrslu UNICEF að hér skortir rannsóknir á kynferðisofbeldi gegn börnum, orsökum þess og afleiðingum. Afleiðingar kynferðisofbeldis eru mjög alvarlegar og sýna rannsóknir að þótt hægt sé að veita mikla hjálp eru sárin mjög djúp. Hér á landi er boðið upp á meðferð fyrir unga gerendur sem eru allt niður í 13 ára gamlir en bæta þarf í varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir, t.d. að heimila rafrænt eftirlit með kynferðisbrotamönnum líkt og gert er t.d. í Danmörku.

Eitt af því sem þarf að rannsaka er hversu stór hluti öryrkja eru þolendur ofbeldis. Það vekur athygli að konur eru rúmlega 61% öryrkja. Það þýðir að það eru tæplega tvær konur á móti hverjum einum karli í röðum öryrkja. Hver er skýringin á þessu? Hversu margar þeirra hafa gengið frá Heródesi til Pílatusar í leit að réttri greiningu án þess að vera spurðar hvort þær hafi orðið fyrir einhvers konar ofbeldi á ævi sinni. Í fyrrnefndri könnun kom fram að 42% íslenskra kvenna hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi á ævi sinni eftir 16 ára aldur. Það er því sannarlega ástæða til að tekin verði upp skimun fyrir ofbeldi á öllum stigum heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Ýmis konar úrræði eru í boði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, svo sem neyðarmóttökur í Reykjavík og á Akureyri, Kvennaathvarfið, Stígamót, Aflið, Sólstafir, Blátt áfram, sími Rauða krossins og verkefnið Karlar til ábyrgðar sem býður körlum sem beita ofbeldi upp á meðferð. Betur má þó ef duga skal.

Að undanförnu höfum við verið minnt rækilega á að við búum í landi eldgosa. Þau eru þeim mönnum og málleysingjum sem fyrir verða afar erfið en þau kalla líka á þjóðarsamstöðu og samhug. Er ekki kominn tími til að efna til þjóðarsamstöðu gegn ofbeldi af öllu tagi? Við þessi 300.000 manna þjóð á eyju í Norður-Atlandshafi hljótum að geta kveðið ofbeldið niður, hvort sem það á sér stað á götum úti, í skúmaskotum eða það sem er algengast: inni á heimilum. Ekkert barn á að verða fyrir eða alast upp við ofbeldi. Engin kona á að sæta líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Enginn karl á að verða fyrir eða beita ofbeldi. Það eru mannréttindi að búa við öryggi. Skerum upp herör gegn ofbeldismenningunni og ofbeldisdýrkuninni sem er allt í kringum okkur. Hingað og ekki lengra – efnum til þjóðarátaks gegn ofbeldinu. Drögum tjöldin frá.

Í fyrrnefndri könnun kom fram að 42% íslenskra kvenna hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi á ævi sinni eftir 16 ára aldur.

# Launakostnaður og samkeppnishæfni

Kjaramál

**Guðrún Sævarsdóttir**
lektor við Háskólann í Reykjavík



Með reglulegu millibili heyrast raddir framámanna úr atvinnulífinu um skort á tæknimenntuðu fólki. Illa gangi að fylla stöður verkfræðinga og tæknifræðinga með bakgrunn í hátækni-, véla- og rafmagnsgreinum, og einnig sé skortur á tölvunarfræðingum. Þá er hnippt í skólakerfið, sem ekki standi sig í því að laða nemendur að þessum greinum í þeim mæli sem atvinnulífið þarfnast til að byggja upp starfsemi tengda nýsköpun og framleiðslu.

Frá bæjardyrum háskólakennara séð væri vissulega gaman að sjá fleiri nemendur velja þessar greinar, en það er þó mikið af góðum nemendum sem fara í gegnum námsbrautir á þessum sviðum. Vandinn er að fá þá út í íslenskt atvinnulíf.

Margir háskólakennarar hafa á tilfinningunni að mjög margir nemendur séu á leið úr landi að námi loknu. Margir fara út fyrir landsteinana í framhaldsnám, eins og rík hefð er fyrir á Íslandi, en breytingin sem má merkja er fyrst og fremst sú að þessir nemendur virðast ekki endilega stefna aftur heim að námi loknu. Þeir vita sem er að sérfræðiþekking á þessum sviðum er eftirsótt alþjóðlega og veitir tækifæri víða.

Það er ekki bara á Íslandi sem sókn nemenda í þessar greinar véla og rafmagns nær ekki að anna þörf atvinnulífsins.

Þá komum við að kjarna málsins. Launakjör á Íslandi hafa versnað mikið frá hruni bankakerfisins, sérfræðinga sem annarra, og þótt laun þeirra séu ágæt á íslenskan mælikvarða eru verkfræðingar og tæknifræðingar sem starfa hér á landi með innan við helming þeirra launa sem bjóðast í nágrannalöndunum. Að auki hafa kauphækkanir, skattar, bótaumhverfi og ívilnanir beinst að því að bæta kjör þeirra lægst launuðu, en þeir sem tilheyra hærri tekjuhópum hafa setið eftir og þurft að taka á sig auknar álögur. Í þessu felst verulegur hvati til að fara úr landi fyrir þá sem hafa eftirsótta þekkingu sem veitir starfstækifæri víða, og að sama skapi er síður fýsilegt fyrir sérfræðinga að snúa heim að framhaldsnámi loknu.

Tæknimenntað fólk á sviðum hátækni, véla og rafmagns er lykillinn að nýsköpun og uppbyggingu þekkingarmiðaðs, framleiðsludrifins atvinnulífs. Það er misskilningur að lág laun á Íslandi styrki samkeppnisstöðu þekkingarfyrirtækja hér. Til lengri tíma mun það skerða samkeppnishæfni þessara fyrirtækja hér ef kjör sérfræðistétta eru langt frá því að vera samkeppnishæf miðað við nágrannalöndin. Af sömu ástæðu er varhugavert fyrir hið opinbera að þrengja óhóflega að þeim sem eru með tekjur yfir meðallagi, því hætta er á því að þeir sem hafa tækifæri víða kjósi með fótunum. Þá munu háskólarnir bara halda áfram að mennta fyrir Noreg, en íslenskt atvinnulíf eflist hægar en annars gæti orðið.



# „Tannlæknablóðsuga“ svarar fyrir sig

Heilbrigðismál
Sigurjón Benediktsson
tannlæknir



Ráðherra velferðarmála hóf ófrægingarherferð gegn tannlæknum og þeirra starfi úr ræðustól Alþingis í síðustu viku. Fótgönguliðar ráðherrans bregðast skjótt við herútkallinu og hamast í öllum miðlum með dyggri hjálp fréttamanna. Óhróðri og blekkingum er jafnóðum dælt út frá embættismannaliðinu sem hlýðir kalli meistara síns. Ráðherrann getur glaðst yfir árangrinum. Tannlæknar eru nú samkvæmt áróðri ráðherrans, sneyddir skilningi á samhjálp og félagslegri liðveislu og orðrétt segir einn dyggur fótgönguliði ráðherrans: „… tannlæknablóðsugurnar hér á landi eru skítsama um tekjulága foreldra hér á landi þessi stétt hugsar bara um sitt eigið rassgat og blóðmjólkar kúnnann mörgum sinnum.“

**Þrjúhundruð milljónirnar**
Þrátt fyrir þessa herleiðingu ráðherrans væri honum nær að svara því hvað varð um þau hundruð milljóna (meira en milljarður á síðustu árum) sem fjárveitingavaldið ætlaði til tannlækningatrygginga en voru ekki nýttar. Sjúkratryggingar svara því til að þessir aurar hafi „bara farið í hítina“!? Þessi sára neyð barna og þörf á tannlækningum var ekki metin meiri en svo af ráðherranum og forverum hans, að framlag Alþingis til tannlæknatrygginga fór ekki til tannlækninga barna og ungmenna, heldur „fór bara í hítina“. Hítin er auðvitað reisur ráðherra og risna embættisliðsins.

**Eitt hundrað og fimmtíu milljónirnar**
Þegar ráðuneyti velferðarmála þurfti ný leiktjöld vegna sinnuleysis og klúðurs ráðuneytisins í tannheilsumálum var farið af stað með „átak“. Það var kynnt þannig að nýr sjóður hefði verið myndaður upp á 150 milljónir sem varið skyldi til tannlækninga þeirra sem ráðuneytið skilgreindi sem fátæka. Þessi „sjóður“ er blekking. Framlagið í „sjóðinn“ er tekið úr framlagi Alþingis til tannlæknatrygginga. Tryggingaþegum er því mismunað, framlag skert hjá sumum og fært til annarra án nokkurra lagaheimilda eða raka.

**Auglýsingar og ferðakostnaður**
Ráðherra velferðarmála ætti að svara því hvað miklu hefur verið varið til auglýsinga á þessum „ókeypis“ tannlækningum. Auglýsingum sem hafa dunið á okkur í öllum fjölmiðlum. Auglýsingum sem kynna vel og dyggilega manngæsku ráðherrans og samúð með „fátækum“. Og mannvonsku tannlæknastéttarinnar að taka ekki þátt í fúskinu. Einnig ætti ráðherrann að svara því hvað mikið fer í ferðakostnað tryggingaþega og fylgdarmanna til að uppfylla kvaðir ráðherrans um „ókeypis“ tannlækningar í Reykjavík, einu sveitarfélaga. Til hliðsjónar má benda ráðherranum á að greiðsla SÍ til tannlækninga tryggingaþega sem leituðu lækninga hjá blóðsugunni nam alls 1,7 milljónum á síðasta ári.

> Það hefur aldrei verið sýnt fram á að tekjulágir hafi verri tennur en aðrir þjóðfélagshópar.

**Staða og aðkoma tannlæknadeildar HÍ**
Sú ógæfa hefur hent tannlæknadeild að hafa eytt umfram heimildir tugmilljóna króna í undanförnum árum. Líklega ein verst rekna deild HÍ. Þessu varð að sópa undir stól. Til að færa úr einum vasa ríkissjóðs í annan þá rennur framlag velferðarráðherrans til tannlækninga „fátækra“ barna í vasa menntamálaráðherrans á formi greiðslu til tannlæknadeildar vegna átaksins. Snilldin er augljós en sukkið í fjármunum almennings með þessum tilfærslum er hvorki haldið á lofti af fótgönguliðum né embættisliðinu. Átakið er sem sé til að laga bága fjárhagsstöðu tannlæknadeildar eins og forseti deildarinnar hefur kynnt tannlæknum.

**Hvar er fagmennskan?**
Ráðherra velferðarmála gortaði sig af því að hann hefði verið skólamaður í 27 ár. Þess vegna er hann eins og leir í höndum embættismanna sem hugsa um það eitt að hafa nóg af peningum handa á milli til að halda góðri siglingu á skrifstofuhaldi og pappír ráðuneytisins. Deildarstjóri í velferðarráðuneytinu, tannlæknir að mennt, upplýsir að 150 börn hafi verið skoðuð í þessu átaki. Hafi verið skoðuð! Með sama áframhaldi tekst ekki einu sinni að skoða þau 574 börn sem þegar eru skráð í þetta átak. Og hvað svo? Langflest þessara barna hafa verið hjá tannlæknum sem hafa skoðað þau og ástand þeirra liggur fyrir. Þessi ákaksskoðun breytir því engu um tannheilsu þessara barna. Engin eftirfylgni, engar tannheilsubætandi aðgerðir, ekkert hefur breyst. Þetta er fúsk.

**Af hverju vantar tannlækna í þetta „átak“?**
Af eintómri smekkvísi telur deildarstjóri velferðarráðuneytisins (tannlæknir) að kæra eins tannlæknis til samkeppniseftirlitsins hafi gert útslagið að tannlæknar fáist ekki til að taka þátt í þessu átaki. Undirrituð tannlæknablóðsuga kærði þetta verkefni velferðaráðherra þar sem engar faglegar forsendur eru fyrir framkvæmd verkefnisins, gróflega er verið að mismuna tryggingaþegum, tryggingaþegar eru flokkaðir eftir tekjum en ekki tannheilsu, átakið kostar margfalt meir en að greiða fyrir nauðsynlegar tannlækningar allra barna og ungmenna og peningum er ausið í auglýsingar, stjórnun og ferðakostnað. Auk þess er verkefni ráðherra í beinni samkeppni við mig sem greidd er niður af almannafé. Það hefur aldrei verið sýnt fram á að tekjulágir hafi verri tennur en aðrir þjóðfélagshópar. Í rannsókn sem undirrituð blóðsuga framkvæmdi í Úganda kom einmitt í ljós að flestar tannskemmdir voru í börnum þeirra sem töldust efnameiri á þeirra mælikvarða. Fyrstu tannskemmdir á Íslandi greindust í tönnum biskupa sem voru yfirstéttin á 18. öld.

**Að lokum**
Ég er tannlæknir með stofu í rekstri. Þarf að greiða lögboðin gjöld af mínum rekstri, laun og viðhald, endurnýja tæki, leggja til bestu efni og áhöld. Ég get ekki boðið ókeypis tannlækningar. Ég get ekki keppt við „átak“ ráðherrans. Ég, einn vesæll maður, stenst ekki árásir blýantsnagara ráðuneytisins, níð fótgönguliða hans, árásir og útúrsnúninga fréttaliðsins. Ráðherra velferðarmála hóf ófrægingarherferð sína með því að halda fram að tannlæknar notuðu börn sér til framdráttar í kjarabaráttu. Til að koma honum í skilning um hvað hann sagði þá fullyrði ég að hann noti heimatilbúna skilgreiningu á fátækt og slæma tannheilsu barna til að upphefja pólitíska persónu sína og til að koma höggi á mig og starf mitt.

# Opið bréf til mannréttindaráðherra

Sjávarútvegsmál
Þórður Már Jónsson
lögfræðingur



Nú ráðgera ríkisstjórnarflokkarnir framtíðarráðstöfun á sameiginlegri auðlind okkar landsmanna. Loforð þeirra var innköllun, sem skyldi gerast á að hámarki 20 árum, en niðurstaðan er að útgerðinni skulu afhent að lágmarki 85% af auðlindinni til 23 ára, til að byrja með. Þetta er gert með þeirri sjónhverfingu að verið sé að innkalla allan kvótann á einu bretti, en svo er honum auðvitað úthlutað aftur til sömu manna, til 23 ára í stað eins árs líkt og nú er. Þetta skal gert með samningum, þannig að eignarréttarleg staða útgerðarmanna yfir auðlindinni verður í raun sterkari en nokkru sinni fyrr. Það mun nefnilega ekki vera mögulegt að afturkalla gerninginn þegar búið er að skrifa undir, nema auðvitað með því að útgerðinni verði greiddar fullar bætur fyrir, hundraða milljarða gjöf úr vösum alls íslensks almennings. Það augljósa svigrúm til breytinga sem til staðar er í dag verður með þessu afnumið, en útgerðarmönnum afhent auðlindin endanlega, enda munu samningarnir síðan verða framlengdir aftur og aftur, út í hið óendanlega. Almennir launþegar munu verða fórnarlömb ofbeldis LÍÚ í kjaraviðræðum næstu aldirnar; fái það ekki að halda kvótanum verða engir kjarasamningar. Lausnin sem er á borðinu gæti því eins hafa verið samin á skrifstofu LÍÚ.

Loforð ríkisstjórnarflokkanna var að brugðist yrði við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, „m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun [kvótans] og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind“. Álit Mannréttindanefndarinnar (MNSÞ) er kýrskýrt; úthlutunarmátinn er ekki talinn standast jafnréttisákvæði Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (sem er samhljóða 65. gr. stjórnarskrár Íslands). MNSÞ krefst þess að jafnræðis verði gætt við úthlutunina og að ákveðnum mönnum sé ekki úthlutað langtímaaðgangi að auðlindinni andstætt hagsmunum annarra. Augljóst er að MNSÞ átti þar við aðgang að allri auðlindinni; ekki dugar að jafnræðis sé gætt við úthlutun á 10-15%, en að þröngur hópur manna fái rest. Augljóst er að ríkisstjórnin lítilsvirðir Mannréttindanefnd SÞ með frumvarpinu. Augljóst er að enginn stjórnarþingmaður getur svarað því með haldbærum rökum hvernig frumvarpið komi til móts við álit MNSÞ eða samrýmist reglum stjórnarskrárinnar. Líkt og grundvallarreglur samfélagsins séu aukaatriði. Á það eftir að gagnast okkur að fá nýja stjórnarskrá þegar stjórnvöld fara hvort eð er ekki eftir þeirri stjórnarskrá sem við höfum nú þegar? Hvers vegna erum við aðilar að alþjóðlegum mannréttindasáttmála sem við förum ekki eftir?

Það sem er hins vegar eins augljóst er hvers vegna þú, ráðherra mannréttindamála, hefur ekki hlutast til um að gerð sé úttekt á því hvort kvótafrumvarpið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í áliti MNSÞ. Fjármálaráðuneytið var fljótt til og kom með ábendingu um að frumvarpið að öðru leyti að fara í bága við stjórnarskrána. En það heyrist ekkert í þér þrátt fyrir að mannréttindin sem þér ber að verja séu helgustu réttindi einstaklingsins. Ríkisstjórnin er fljót til að benda á að frumvarpið sé í bága við stjórnarskrána að öðru leyti en því sem snertir mannréttindi hins almenna borgara. En þú ert þögull sem gröfin.

Hefur þú, Ögmundur Jónasson, líkt og skylda þín er, látið fara fram úttekt á því hvort umrædd lagasetning standist ákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (og komi þar með til móts við álit Mannréttindanefndar SÞ)? Hefur þú sent Mannréttindanefndinni afrit af þessum hugmyndum þínum og samráðherra þinna um breytingu á úthlutunarmáta fiskveiðiheimilda og lagt fyrir þá spurninguna; Uppfylla þessar breytingar kröfur Mannréttindanefndarinnar?

Hafir þú ekki brugðist við samkvæmt ofangreindu, þá krefst ég tafarlausrar afsagnar þinnar. Maður sem gefur skít í mannréttindavernd, ekki síst þegar kemur að hinum helgustu réttindum einstaklingsins til athafna og að njóta jafnræðis, hlýtur enda að hafa með öllu fyrirgert rétti sínum til setu sem ráðherra mannréttindamála.



A Member of
The Linde Group | AGA




# AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

**ÍSAGA ehf. • www.gas.is**
**Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000**

***Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:***
*ÍSAGA:* Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - *Verslanir BYKO* - *Atlantsolía,* Kópavogsbraut

***Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:***
*Selfoss:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. *Vestmannaeyjar:* Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. *Sauðárkrókur:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. *Reyðarfjörður:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. *Ísafjörður:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. *Akureyri:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

# Ristilkrabbamein er lúmskt, já og dýrt

Heilbrigðismál


Friðbjörn Sigurðsson
læknir

Kristín Skúladóttir
hjúkrunarfræðingur






Krabbamein í ristli og endaþarmi er alvarlegur sjúkdómur, en með skimun er hægt að greina forstig sjúkdómsins og fækka dauðsföllum.

Á árabilinu 1955-2004 varð þreföldun á nýgengi krabbameins í ristli og endaþarmi hjá körlum og tvöföldun hjá konum. Sjúkdómurinn er nú þriðja algengasta dánarorsök af völdum krabbameina og fimm ára lifun sjúklinga sem greinst hafa með ristilkrabbamein er aðeins um 60%.

Nú greinast að meðaltali 136 einstaklingar á ári með krabbamein í ristli og endaþarmi. Á hverju ári deyja að meðaltali 50 einstaklingar úr þessum sjúkdómi, 26 karlar og 24 konur. Að jafnaði deyr því einn einstaklingur í viku hverri af völdum sjúkdómsins.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að unnt er að skima fyrir sjúkdómnum og lækka dánartíðni af völdum hans. Skimun greinir sjúkdóminn á fyrri stigum, fækkar dauðsföllum og er kostnaðarlega hagkvæm.

Í Bandaríkjunum hefur skimun verið ráðlögð um árabil og frá árinu 1998 hefur nýgengi krabbameins í ristli og endaþarmi minnkað þar. Evrópuráðið hefur mælt með því að aðildarþjóðir þess taki upp skimun. Þá mælir National Health Service (NHS) í Bretlandi með skimun og Finnar hófu skimun árið 2004.

Á Íslandi hefur umræða staðið í um aldarfjórðung um hvort hefja eigi skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi. Á árunum 1986-1988 var gerð forkönnun á fýsileika þess að skima með því að leita eftir blóði í hægðum. Árið 2002 gaf landlæknir út klínískar leiðbeiningar um skimun. Þar er ráðlögð skimun með leit að blóði í hægðum á hverju ári hjá einstaklingum 50 ára og eldri. Þessar leiðbeiningar landlæknis eru enn í gildi.

Alþingi Íslendinga hefur fjallað alloft um skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi og samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis árið 2002. Málið var tekið upp aftur 2005. Árið 2007 fól Alþingi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning fyrir skimun þannig að skipuleg leit myndi hefjast á árinu 2008. Þessi ákvörðun Alþingis hefur ekki verið felld úr gildi. Síðast var málið rætt á Alþingi í febrúar 2008 í kjölfar fyrirspurnar um hvað liði undirbúningi fyrir skimun. Þrátt fyrir það er enn ekki hafin formleg skimun hér á landi.

Árangur meðferðar við ristilkrabbameini hefur batnað mikið að undanförnu. Lyfjameðferð við langt gengnum og ólæknandi sjúkdómi lengir og bætir líf. Ný lyf bæta árangur enn frekar, en með umtalsverðum kostnaði. Lyf, sem algengt er að nota, kosta meira en 700 þúsund krónur á mánuði fyrir hvern sjúkling og sumir fá slíka meðferð í nokkur ár.

Við höfum rannsakað kostnað við meðferð á krabbameini í ristli og endaþarmi. Beinn kostnaður vegna meðferðarinnar var áætlaður um 684 milljónir króna á landsvísu árið 2008. Ljóst er að meðferð sjúkdómsins er mun dýrari nú. Í rannsókninni var ekki gerð tilraun til að meta kostnað vegna ýmissa þátta svo sem greiðsluþátttöku sjúklinga, vinnutaps, miska, eða ótímabærra dauðsfalla. Ef sá kostnaður er meðtalinn yrði þessi tala mun hærri.

Kostnaður við skimun skilar sér því fljótt í sparnaði þar sem þeim einstaklingum fækkar sem þurfa á dýrri meðferð við sjúkdómnum að halda, svo ekki sé talað um þær þjáningar og ótímabæru dauðsföll sem sjúkdómurinn veldur.

Flest vestræn ríki eru að takast á við efnahagsþrengingar. Þá er mikið rætt um að tækifæri geti legið í kreppunni. Bandaríska krabbameinsmiðstöðin (National Cancer Institute, NCI) benti nýlega á leiðir til að flýta baráttunni við krabbamein á krepputímum og var ein af megináherslunum að auka þátttöku í skimun fyrir krabbameinum í ristli og endaþarmi.

Á Íslandi næst einn besti árangur í heiminum við meðferð brjóstakrabbameina. Fimm ára lifun er nú um 86% og hefur stórbatnað á undanförnum áratugum. Sennilega má rekja þann árangur til skimunar fyrir brjóstakrabbameinum, sterkra sjúklingasamtaka og góðrar vitundar í samfélaginu um sjúkdóminn ásamt góðri heilbrigðisþjónustu. Á það sama ekki að gilda fyrir krabbamein í ristli og endaþarmi?

Unnt er að fækka ótímabærum dauðsföllum af völdum krabbameina í ristli og endaþarmi. Á tímum sem þessum höfum við ekki efni á að skima ekki.

> Skimun greinir sjúkdóminn á fyrri stigum, fækkar dauðsföllum og er kostnaðarlega hagkvæm.






# Enn er beðið eftir lausn á skuldavandanum

Efnahagsmál


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins




Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar féll veitti Framsókn minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vernd fram að kosningum gegn því að hún uppfylltri þrjú skilyrði. Efst á blaði var að stjórnin þyrfti að ráðast tafarlaust í aðgerðir í skuldamálum heimila og fyrirtækja. Þá þegar, í janúar 2009, var þörfin fyrir slíkar aðgerðir orðin knýjandi og ráðaleysi sitjandi ríkisstjórnar í þeim efnum var ein meginástæða þess að henni var ekki sætt.

Undir umræðu um að öllu yrði stefnt í upplausn ef ekki kæmist á starfhæf ríkisstjórn þá og þegar, handsöluðum við samkomulag við nýju stjórnarflokkana þess efnis að ef þeir skiluðu ekki innan fárra daga tillögum að því hvernig tekið yrði á skuldavandanum myndum við leggja þeim til útfærðar tillögur. Þegar u.þ.b. þrjár vikur voru liðnar hafði stjórnin enn ekki lagt fram tillögur um það hvernig hún hygðist útfæra skuldaleiðréttingu. Við lögðum því fram okkar eigin tillögur sem við höfðum unnið með aðstoð þeirra sem best þekktu til.

Tillögurnar 18 fólu í sér heildaráætlun um hvað þyrfti að gera til að takast á við efnahagsvandann og snérust bæði um skuldaleiðréttingu og aðrar aðgerðir í efnahagsmálum. Eins og flestir muna urðu þessar tillögur tilefni einhverrar mestu áróðursherferðar sem sést hefur í íslenskum stjórnmálum. Talsmenn flokkanna sem við höfðum falið það traust að framkvæma hinar nauðsynlegu aðgerðir, og nokkur fjöldi sjálfstæðismanna, unni sér ekki hvíldar við að troða tillögurnar í svaðið.

Á þessum tíma voru lánasöfn banka mjög lágt metin. Lánasöfn, m.a. fasteignalánasöfn, breskra og bandarískra banka í vanda voru í sumum tilvikum seld á um og undir 10% af nafnvirði. Ísland var á þessum tíma skilgreint sem gjaldþrota land og lánasöfn bankanna undirmálslán í gjaldþrota bönkum í gjaldþrota landi. Þetta birtist m.a. í verði skuldabréfa bankanna sem seld voru á allt niður í 1% af nafnverði. Það var því vandalaust fyrir ríkið sem þá stýrði bönkunum að flytja lánasöfnin yfir á hrakvirði og láta umtalsverðar afskriftir ganga áfram til lántakenda.

Þrætt var fyrir að slíkt væri gerlegt en þegar leið að kosningum komumst við að tilvist skýrslna Deloitte og Oliver Wyman þar sem mat var lagt á verðmæti eignasafna bankanna. Það mat gaf tilefni til að flytja lánasöfnin yfir á verulegum afslætti og tækifæri til að láta þann afslátt ganga áfram til skuldara, a.m.k. að hluta til. Fram á síðasta dag fyrir kosningar vorum við sögð fara með fleipur. Í sjónvarpsumræðum kvöldið fyrir kosningar viðurkenndi þó fjármálaráðherra tilvist skýrslnanna en sagði að þær væru lokaðar inn í sérstökum klefa í fjármálaráðuneytinu. Leyniklefa með dulkóðaðri læsingu sem ekki einu sinni hann hafði aðgang að.

Eftir kosningar 2009 hélt Framsókn áfram að færa rök fyrir því að það væri sanngjarnt, hagkvæmt, nauðsynlegt og framkvæmanlegt að ráðast í skuldaleiðréttingu.

Við vöruðum mjög við þeirri leið sem var farin við stofnun nýju bankanna. Bentum á að myntkörfulán kynnu að verða dæmd ólögmæt og því þyrfti að taka tillit til þess við stofnun bankanna. Við lögðum áherslu á að önnur leið yrði farin og útlistuðum (m.a. í þingsályktunartillögu) hvernig æskilegast væri að standa að stofnun bankanna svo að áhætta ríkisins yrði lítil og bankarnir traustir og í stakk búnir til að sinna hlutverki sínu við endurreisn efnahagslífsins og fjármögnun atvinnusköpunar.

En ríkisstjórnin fór framhjá þinginu við stofnun nýju bankanna og framhaldið þekkja allir.

Þrátt fyrir að Ísland hafi á margan hátt verið betur í stakk búið til að hefja efnahagslega endurreisn og ná upp hagvexti eftir fjármálakrísuna en flest önnur vestræn ríki hefur ríkt hér stöðnun eða samdráttur í tvö og hálft ár. Skuldirnar og óvissan um framtíðina liggja eins og farg á heimilum og fyrirtækjum landsins.

Framsókn hefur í vel á þriðja ár varað við því að verið væri að hverfa frá hálfkláruðu verki. Gripið hefði verið til aðgerða til að verja eignir en stjórnvöld ættu eftir að huga að skuldunum. Skýrsla fjármálaráðherra um endurreisn bankanna sýnir að sú var raunin.

Nú eru meira að segja bankarnir sjálfir farnir að ganga lengra en ríkisstjórnin mæltist til varðandi afskriftir því að það kemur sífellt betur í ljós að efnahagsvandinn liggur í skuldsetningunni og hún skaðar samfélagið allt.

Margt fleira kemur fram í hinni merkilegu skýrslu, m.a. það að litið var á breska og hollenska ríkið sem meginkröfuhafa bankanna frá upphafi en ekki Innistæðutryggingarsjóðinn eða íslenska ríkið. Bretar og Hollendingar höfðu því veruleg áhrif á hvaða leið var farin. M.ö.o. það var ekki litið svo á að Íslendingar bæru ábyrgð á Landsbankanum (og ættu þar með kröfur á hann).

Ég er enn sannfærður um að með skynsamlegri stefnu og með því að nýta þau tækifæri sem enn eru til staðar í landinu getum við mjög fljótt snúið vörn í sókn. Allt veltur það á því að breytt verði um stefnu við stjórn landsins. Það viljum við í Framsókn gera og þannig halda ótrauð áfram baráttu fyrir bjartri framtíð Íslands.

> Þetta birtist m.a. í verði skuldabréfa bankanna sem seld voru á allt niður í 1% af nafnverði.


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

THULE® SWEDEN

# AFMÆLISTILBOÐ
## TAKMARKAÐ MAGN

# Ferðabox




Pacific 100




Pacific 200




Pacific 500




Pacific 600




Pacific 700

| NÚMER | HEITI | LÍTRAR | LITIR | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐ | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 631100 | Pacific 100 | 370 | grátt | 59.900 | 49.900 | 10.000 |
| 631200 | Pacific 200 | 460 | grátt/svart | 79.900 | 65.900 | 14.000 |
| 631500 | Pacific 500 | 330 | grátt/svart | 69.900 | 55.900 | 14.000 |
| 631600 | Pacific 600 | 340 | grátt/svart | 89.900 | 79.900 | 10.000 |
| 631700 | Pacific 700 | 460 | grátt/svart | 97.900 | 85.900 | 12.000 |

**Sjá nánar á: www.stilling.is/ferdabox**

Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling

# tímamót

timamot@frettabladid.is



74 **MORGAN FREEMAN** leikari er 74 ára í dag.
*„Líklegasta leiðin til að tapa örugglega er að hætta."*



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Valgerður Guðrún Vilmundardóttir**
Skúlagötu 20,

sem lést aðfaranótt 27. maí á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 3. júní kl. 13.00.

**K. Kolbrún Baldursdóttir** — **Guðmundur Fr. Ottósson**
**Ásgeir Torfason** — **Hrefna S. Sigurnýasdóttir**
**Ástríður G. Torfadóttir** — **Trausti Ævarsson**
**Valgerður G. Torfadóttir** — **Elías Kári Halldórsson**
**Ragnhildur Torfadóttir** — **Kristján Sigurðsson**
**Þórunn Vilmundardóttir**
**Jón Árni Vilmundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir

- **1968** Nýja sundlaugin í Laugardal í Reykjavík tekur til starfa.
- **1976** Bretar viðurkenna 200 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland.
- **1996** Sex sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum sameinast undir nafninu Ísafjarðarbær.
- **2007** Reykingabann tekur gildi á öllum veitinga- og skemmtistöðum á Íslandi.



**NÓBELSVERÐLAUNAHAFI** Dr. Barré-Sinoussi flytur fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag um uppgötvun HIV-veirunnar.

DR. BARRÉ-SINOUSSI: FLYTUR ÖNDVEGISFYRIRLESTUR

# Um uppgötvun veiru

Franski Nóbelsverðlaunahafinn dr. Francoise Barré-Sinoussi heldur öndvegisfyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag á málþingi til heiðurs fyrsta íslenska veirufræðingnum, Birni Sigurðssyni.

Barré-Sinoussi hóf veirurannsóknir sínar árið 1970 og þrettán árum síðar greindu hún og samstarfsfólk hennar frá uppgötvun á veirunni sem síðar hlaut nafnið HIV. Fyrir þessa uppgötvun hlaut hún Nóbelsverðlaunin í líf- og læknavísindum árið 2008 ásamt samstarfsmanni sínum, prófessor Luc Montagnier.

Í dag stjórnar hún rannsóknarstofu í veirufræði við Pasteur-stofnunina í París. Rannsóknarteymi stofnunarinnar leggur áherslu á að finna vörn gegn HIV-smiti og að leita lækninga við sjúkdómnum. Barré-Sinoussi hefur unnið markvisst að því að efla samskipti á milli þeirra sem rannsaka HIV og alnæmi á alþjóðvettvangi, stuðlað að aðgerðum í þágu heilsu í þróunarlöndum og lagt mikið af mörkum til að auka þekkingu á HIV-veirunni og alnæmi í Afríku og Asíu. Hún var nýverið kjörin formaður Alþjóða alnæmissamtakanna.

Á fyrirlestrinum sem hefst klukkan 14 í dag mun dr. Barré-Sinoussi flytja fyrirlesturinn Uppgötvun HIV-veirunnar: Dæmi um hvernig grunnrannsóknir eru hagnýttar í baráttu gegn nýrri farsótt. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er opinn öllum meðan húsrúm leyfir.

Einnig mun Halldór Þormar, prófessor emeritus við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, fjalla um Björn Sigurðsson og framlag hans til rannsókna í líf- og læknisfræði. Björn var fyrsti forstöðumaður Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum. Hann setti fram kenningar um hæggenga smitsjúkdóma sem hafa haldið nafni hans á lofti í vísindaheiminum. Til slíkra sjúkdóma teljast til dæmis alnæmi og Creutzfeldt-Jakob sjúkdómurinn.

Þá mun dr. Valgerður Andrésdóttir, sérfræðingur við Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum, ræða stöðu lentiveirurannsókna á Keldum um þessar mundir.




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S.HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sveinbjörg Jónsdóttir**
Framnesvegi 20, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, föstudaginn 27. maí. Útförin verður frá Innri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 6. júní kl. 14.00.

**Ásdís M. Sigurðardóttir** — **Árni B. Árnason**
**Róbert Rósmann** — **Beta Nonglak Phoemphian**
**Guðrún S. Guðjónsdóttir**
**Helga M. Guðjónsdóttir** — **Anton M. Antonsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir*

**Ragnheiður Jóna Ármannsdóttir**
Akraseli 6,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 25. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 3. júní kl. 11.00. Þeir sem vilja minnast hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

**Trond Are Schelander**
**Ármann Schelander**
**Knut Egil Schelander**
**Jan Olav Schelander**
**Katrín Eyjólfsdóttir** — **Ármann Gunnlaugsson**
**Eyjólfur Ármannsson**
**Synnøve Schelander Wang** — **Leif Ole Wang**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gíslína Magnúsdóttir**
Höfðagrund 11, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 29. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju 7. júní kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi.

**Magnús Ólason** — **Þóra Másdóttir**
**Hlöðver Örn Ólason**
**Sigríður K. Óladóttir** — **Þórður Sveinsson**
**Valentínus Ólason** — **Halldóra Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar,*

**Þorsteinn Jóakimsson**
bifreiðarstjóri, Hlíf 2, Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 25. maí. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 4. júní kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast hans vinsamlega láti minningarsjóð Úlfs Gunnarssonar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði njóta þess.

**Sigurbjörg Þorsteinsdóttir** — **Páll Kristmundsson**
**Rósa Þorsteinsdóttir** — **Árni Aðalbjarnarson**
**Gunnar Theodór Þorsteinsson** — **Elín Huld Halldórsdóttir**
**Friðgerður Þorsteinsdóttir**
**og barnabörn**





*Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför foreldra okkar, tengdaforeldra, ömmu, afa, langömmu og langafa,*

**Ásmundar Jónssonar og Helgu Jónu Sveinsdóttur**
Ásabraut 4, Akranesi.

Starfsfólki heimahjúkrunar og lyflæknisdeildar Sjúkrahúss Akraness eru færðar sérstakar þakkir fyrir alúð og frábæra umönnun.

**Ingibjörg Ásmundsdóttir** — **Jóhann Oddnýr Pétursson**
**Jón Óskar Ásmundsson** — **Guðrún Margrét Halldórsdóttir**
**Svanhvít Ásmundsdóttir** — **Þór Magnússon**
**Einar Aðalsteinsson** — **Suzanne T. Adalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**G. Kjartan Sigurðsson**
vélstjóri, Háaleiti 27, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 29. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 3. júní kl. 15.00.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Kjartansson** — **Rúna Sigurðardóttir**
**Margrét Ragna Kjartansdóttir** — **Pétur Valdimarsson**
**Hafdís Kjartansdóttir** — **Árni H. Árnason**
**Sif Kjartansdóttir** — **Haukur H. Hauksson**
**Lilja Guðrún Kjartansdóttir** — **Svanur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Aðalsteinn Sigfús Árilíusson**
frá Geldingsá á Svalbarðsströnd,

lést 28. maí. Útför hans fer fram frá Svalbarðskirkju mánudaginn 6. maí kl. 13.30.

**Lára Kristín Sigfúsdóttir** — **Hallgrímur Haraldsson**
**Hafsteinn Sigfússon** — **Eygló Kristjánsdóttir**
**Halldór Heiðberg Sigfússon** — **María Guðrún Jónsdóttir**
**Sigrún Heiðdís Sigfúsdóttir** — **Valbjörn Óskar Þorsteinsson**
**Sólveig Sigfúsdóttir** — **Reynir Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 1. júní 2011 – 10. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Delta kemur**
## Hefur mikla trú á flugi til Íslands

2

**Kortlagning á sjávarútvegi**
## Meira en grunnatvinnuvegur

4-5

**Gæðasprotar ná árangri**
## Ingvar Hjálmarsson skrifar

6

## Áfram kreppa

Landsframleiðsla dróst saman um 0,5 prósent í Danmörku á fyrsta fjórðungi ársins, samkvæmt gögnum hagstofu landsins. Samdrátturinn skýrist helst af því að almenningur hélt fastar um budduna en áður en einkaneysla á tímabilinu dróst saman um 1,9 prósent. Þetta er annar fjórðungurinn í röð sem efnahagssamdráttur mælist þar í landi og er kreppa skollin á í Danmörku, sem er þvert á væntingar, að sögn fréttastofunnar AFP. - jab

## Luku námi í fjármálaráðgjöf

Alls 46 starfsmenn í útibúum Arion banka brautskráðust úr undirbúningsnámi í fjármálaráðgjöf nú um mánaðamótin.

Námið er liður í samstarfsverkefni Arion banka og Háskólans á Bifröst sem hófst haustið 2010. Námið stunduðu starfsmenn að hluta til í gegnum fjarnámsvef skólans en einnig fór kennsla fram í vinnulotum á Bifröst og í höfuðstöðvum bankans.

Arion banki hefur undanfarin misseri staðið fyrir umfangsmiklu fræðslustarfi fyrir starfsmenn með það fyrir augum að stuðla að aukinni fagmennsku í þjónustu við viðskiptavini. - mþl

### HELST Í ÚTLÖNDUM



**LAGARDE KYNNIR FRAMBOÐIÐ**
Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, ferðast nú um heiminn til að afla stuðnings við framboð sitt til yfirmannsstarfs hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hún leggur mesta áherslu á upprennandi hagveldi og kom til Brasilíu í gær þar sem hún hitti Guido Mantega efnahagsráðherra. Hún lofar meðal annars að auka vægi þróunarlanda í ákvörðunartöku hjá sjóðnum.

**TOYOTA NÆR SÉR Á STRIK**
Japönsku Toyota-verksmiðjurnar segja framleiðsluna óðum að taka við sér og muni nú í júní komast upp í 90 prósent af því sem hún var áður en náttúruhamfarirnar miklu urðu þar um miðjan mars. Þó má búast við að skortur verði á sumum tegundum bifreiða og varahluta næstu mánuðina.

**AÐSTOÐ ENDURSKOÐUÐ**
Sérfræðingar frá Evrópusambandinu, Seðlabanka Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru að leggja síðustu hönd á endurskoðun fjárhagsaðstoðar til Grikklands. Búist er við niðurstöðu í dag eða á morgun, með ákvörðunum um hvort veita eigi Grikkjum meira fé eða breyta kröfum til þeirra um aðhald í ríkisfjármálum.

# Þriðjungur fyrirtækja er í viðvarandi mínus

Vanskil fyrirtækja nema 34% af lánum til þeirra. Hlutfallið er 11% hjá einstaklingum. Kaupmáttur nú er eins og 2003.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Töluverð óvissa ríkir um gæði eignasafna bankanna og þar með um raunverulegt eiginfjárhlutfall þeirra. Már Guðmundsson seðlabankastjóri segir þó flest benda til þess að þeir standi undir kröfum Fjármálaeftirlitsins um eigið fé. Seðlabankinn kynnti í gær skýrsluna Fjármálastöðugleika 2011. Seðlabankastjóri og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans, kynntu skýrsluna.

„Vanskil mælast mikil en erfitt er þó að túlka mæld vanskilahlutföll, þar sem ekki er ljóst að hve miklu leyti þau endurspegla skuldavanda sem endar í þroti, tafir á endurskipulagningu skulda eða ákvörðun sumra skuldara um að setja skuldir í vanskil vegna deilna um lagalegan grundvöll lánanna,“ segir Már og kveður enn mikið verk óunnið varðandi endurskipulagningu skulda fyrirtækja og að nokkru leyti heimila. „Það viðheldur óvissu um gæði eigna bankanna og hamlar fjárfestingu og hagvexti, sem hefur síðan aftur neikvæð áhrif á eignasafn bankanna. Eitt mikilvægasta verkefni næstu mánaða er framvinda þessarar endurskipulagningar.“

Seðlabankinn bendir einnig á í skýrslu sinni að Íbúðalánasjóður komi til með að þurfa aukinn ríkisstuðning, eigi hann að ná markmiðum um eiginfjárhlutfall. Bent er á að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hafi samþykkt framlag til sjóðsins gegn því að fyrir septemberlok næstkomandi lægi fyrir áætlun um endurskipulagningu sjóðsins. „Í ljósi þeirra miklu umsvifa sem Íbúðalánasjóður hefur og margvíslegrar áhættu sem tengist þeim er margt sem mælir með


MÁR GUÐMUNDSSON

því að starfsemi Íbúðalánasjóðs eigi að falla undir lög um fjármálafyrirtæki, þótt tilskilið lágmark eigin fjár gæti verið annað en hjá öðrum fjármálafyrirtækjum,“ segir í skýrslu bankans. Með því yrði fjárhagslegt eftirlit með sjóðnum á sama grunni og eftirlit með bönkum og sparisjóðum. „Slíkt myndi auka aðhald með starfsemi sjóðsins.“

Í skýrslu bankans kemur fram að frá hruni hafi vanskil fyrirtækja aukist verulega. Nú séu tæplega 6.500 fyrirtæki á vanskilaskrá og hafi ekki verið fleiri frá því í mars 2009.

Fjárhæð fyrirtækjalána í vanskilum í lok mars síðastliðins námu um 34 prósentum af lánum til þeirra, en um helmingur lána í vanskilum er sagður í endurskipulagningarferli. Að því loknu gætu þau færst í flokk lána í skilum. „Því ríkir veruleg óvissa um virði að minnsta kosti fjórðungs útlána til fyrirtækja,“ segir í skýrslu Seðlabankans.

Um þriðjungur fyrirtækja er sagður hafa haft viðvarandi neikvætt eigið fé, en almennt virðist fyrirtæki hafa brugðist við ytri aðstæðum. „Rekstrarafgangur fyrirtækja með jákvætt eigið fé hefur aldrei verið meiri frá árinu 1997.“

Sömuleiðis kemur fram að vanskil heimilanna hafi stóraukist frá hruni og nemi nú um ellefu prósentum af heildarútlánum stærstu viðskiptabankanna þriggja til heimila. Þó séu teikn á lofti um að fjárhagsstaða heimila fari batnandi. Kaupmáttur sé nú svipaður og hann var árið 2003.



# Atvinnuleysi tefur á Írlandi

Sendinefnd AGS á Írlandi hefur lokið fyrstu og annarri endurskoðun efnahagsáætlunar landsins, auk beiðni um endurskoðun áætlunarinnar. Írar fara fram á að breytt verði áherslum í lánveitingum þar sem minni peninga þurfi í byrjun áætlunarinnar en áður hafði verið talið.

AGS segir áætlunina, sem er til þriggja ára og hófst um miðjan desember, hafi hafist ve. Álit sendinefndar AGS er að helst ógni áætluninni að vöxtur sé hægari og atvinnuleysi meira en ráð var fyrir gert. Þá hafi frekari lækkun á lánshæfismati og þróun í öðrum evrulöndum sem eigi í vanda ýtt undir hærra vaxtaálag sem torveldi Írum fjármögnun. - óká




**MÓTVINDUR** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir margt hafa gengið vel í endurreisn írsks efnahagslífs. NORDICPHOTOS/AFP

# Árið byrjar verr en það síðasta

## Ríflega tveggja milljarða króna halli er á þjónustuviðskiptum við útlönd.

Þjónustujöfnuður við útlönd var neikvæður um 2,2 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins samkvæmt nýbirtum bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Útflutningur á þjónustu nam 58,2 milljörðum, en innflutningur 60,4.

„Þetta er lakasta niðurstaða þjónustujafnaðar frá því á fyrsta ársfjórðungi ársins 2009, en fyrsti fjórðungur ársins er gjarnan óhagstæðari en aðrir fjórðungar," segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Sérfræðingar bankans telja þó útlit fyrir að talsverður afgangur verði af slíkum viðskiptum í ár, eins og undanfarin ár.



**Á LEIÐ Í FLUG** Aukin ferðalög til útlanda gætu leitt til lakari þjónustjafnaðar við útlönd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Afgangur af þjónustuviðskiptum nam 44 milljörðum króna í fyrra og rúmum 39 milljörðum króna árið 2009. Frá aldamótum og fram að hruni var hins vegar jafnan halli á þjónustuviðskiptum við útlönd ár hvert. Við teljum að afgangur af þjónustujöfnuði muni reynast töluverður þetta árið, en þó gæti hann orðið heldur minni en síðustu ár í ljósi þess hversu ferðalög til útlanda hafa aukist að nýju," segir Greining Íslandsbanka. - óká

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,20% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,00% | 11,05% | 9,40 til 11,05% |
| BYR | PM-reikningur 2,00% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,00% [C] | 11,25% | 11,25% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,00% | 10,25% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Hraðbönkum fækkaði um tuttugu prósent

## Notendur einkabanka yfir 245 þúsund talsins.

Hraðbönkum fækkaði í fyrra um fimmtung og þjónustustöðvum banka um 15 prósent. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika.

Færri eru þó um hvern afgreiðslustað hér en gerist og gengur á Norðurlöndum, að meðaltali 2.500 íbúar á hvern þjónustustað, en 3.800 ytra. „Flestir íbúar voru á bak við hvern afgreiðslustað bankanna á höfuðborgarsvæðinu eða tæplega 5.000 íbúar en tífalt færri á bak við bankana á Vestfjörðum eða 475," segir í skýrslunni.

Jafnframt kemur fram að um síðastliðin áramót hafi notendur einkabanka verið 245.396 og notendur fyrirtækjabanka 58.457.

**HRAÐBANKAR**

| Staður | fjöldi | íb./hraðbanka |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsv. | 95 | 2.151 |
| Vesturland | 15 | 1.025 |
| Vestfirðir | 7 | 1.018 |
| Norðurland vestra | 12 | 615 |
| Norðurland eystra | 21 | 1.381 |
| Austurland | 17 | 724 |
| Suðurland | 17 | 1.400 |
| Reykjanes | 18 | 1.170 |
| Samtals | 202 | 1.583 |

*Heimild: Uppl. SÍ frá bönkum í maí 2011*

„Vægi heimabanka og notkun vefþjónustu í bankaviðskiptum hefur aukist frá aldamótum eins og kunnugt er og það hefur trúlega létt álagi af þjónustustöðvum bankanna." - óká

# Delta hefur mikla trú á flugi til Íslands

## Flugfélagið Delta hefur áætlunarflug milli New York og Keflavíkur. Segir fjölmörg tækifæri liggja hér á landi.

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Bandaríska flugfélagið Delta mun á morgun hefja áætlunarflug milli Íslands og Bandaríkjanna. Flogið verður fimm sinnum í viku á milli Keflavíkurflugvallar og Kennedy-flugvallar í New York.

Frank Jahangir, markaðsstjóri Delta í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku, segir í samtali við markaðinn að fjölmörg tækifæri felist í fluginu, bæði fyrir Delta og innlenda aðila.

Fyrsta vélin lendir í Keflavík í fyrramálið, en flogið verður fimm sinnum í viku fram í september. Í tilkynningu frá Delta segir að þetta sé í fyrsta sinn í rúm fjörutíu ár sem bandarískt flugfélag fljúgi hingað til lands.

„Aðalástæðan fyrir því að við hefjum flug hingað til Íslands er að við sáum tækifæri hér til að auka ferðalög almennings frá Bandaríkjunum," segir Jahangir. „Við erum búin að rannsaka markaðinn hér og erum fullviss um að nú sé rétti tíminn."

Þrátt fyrir að markaðurinn hér á landi sé ekki stór í samhengi Delta, sem flytur um 160 milljónir farþega á ári, segir Jahangir að þetta sé hluti af útvíkkun flugáætlananets félagsins um heim allan.

Hann segir að þetta víðtæka net geri Bandaríkjamönnum auðveldara að ferðast til Íslands og er bjartsýnn á árangurinn.

„Við höfum trú á því að við getum kynnt Ísland fyrir viðskiptavinum okkar og teljum víst að sá aukni straumur ferðamanna muni koma verslun og þjónustu hér á landi til góða."

Jahangir bætir því við að félagið horfi ekki síður til þess að kaupsýslufólk leggi leið sína hingað til lands.

Ekki er síður horft til þeirra tækifæra sem flug Delta býður íslenskum ferðalöngum. Jahangir segir einmitt að flugáætlananet félagsins muni gera Íslendingum kleift að kaupa sér ferðir á einum flugmiða til fimmtíu áfangastaða Delta í Norður- og Suður-Ameríku, sem og Karíbahafsins.

Hann segir að Delta geri sér hófsamar væntingar til þessa flugs.

„Við förum varlega í málin en sjáum nú þegar að útlitið er gott og trúum að það muni halda áfram. Það er alltaf erfitt að koma inn á nýjan markað en þessi sterka byrjun er mjög jákvæð fyrir framhaldið."



**VONGÓÐUR** Frank Jahangir, markaðsstjóri hjá Delta, segist bjartsýnn fyrir áætlunarflug milli Bandaríkjanna og Íslands sem hefst á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jahangir segir loks að tíð eldgos á Íslandi að undanförnu hafi ekki talið Delta hughvarf.

„Nei. Í raun hafa eldgosin komið Íslandi enn frekar á kortið á vissan hátt og vakið áhuga á því sem landið hefur upp á að bjóða."

Fyrsta vélin frá Bandaríkjunum lendir í Keflavík í fyrramálið og verður flugstjórinn í þeirri ferð Vestur-Íslendingurinn John S. Magnusson.




EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

motus – leysum málin

# Færa sig til Reykjanesbæjar

## Veffyrirtækið Kosmos&Kaos hefur nóg að gera í nýjum höfuðstöðvum.

Veffyrirtækið Kosmos&Kaos opnaði nýjar höfuðstöðvar í Reykjanesbæ á föstudag. Reykjanesbær hefur hingað til ekki verið þekktur fyrir vef- eða hugbúnaðarfyrirtæki en stofnendur Kosmos&Kaos kunna vel við sig á nýjum stað og segja verkefnin hlaðast upp.

„Hugmyndin var að búa til skrifstofuhúsnæði sem hentaði vel fyrir skapandi hugsun. Og raunar líka til að fólk spyrji af hverju við erum í Reykjanesbæ," segir Kristján Gunnarsson, annar stofnenda Kosmos&Kaos, og bætir við: „Gummi Sig, samstarfsmaður minn, býr hér í Reykjanesbæ. Við vildum líka gera svolítið sérstakt vinnuumhverfi og þar sem leigan er ódýrari hér og handverksmenn til reiðu sem voru tilbúnir í þetta verkefni með okkur þá fannst okkur þetta smellpassa."

Hönnun skrifstofunnar byggir á hugmynd sem hefur verið kölluð einn-sex og vísar til spýtna sem notaðar eru í mótatimbur. Kristján segir fyrirmyndina vera gistiheimili í Reykjanesbæ sem heitir 1x6. „Fyrst ætluðum við að gera einn vegg í þessum stíl og höfðum samband við þau á gistiheimilinu. Svo vatt þetta upp á sig þannig að öll skrifstofan er að lokum svona; allt úr endurunnum efnum nema lampar, ljós og stólar," segir Kristján. Þá er hugleiðsluherbergi á skrifstofunni en Kristján segir alla sem koma inn á hana fyllast af ró og hamingju.

Kosmos&Kaos hefur haft í nógu að snúast síðustu vikur og meðal annars hannað nýjar vefsíður fyrir Reykjanesbæ og Vodafone. „Við höfum störf í nóvember og vorum bara tveir en erum núna að ráða starfsmenn. Það er alveg ótrúlega mikið að gera," segir Kristján. - mþl

## Beina brautin

# **Arion banki** hefur boðið öllum fyrirtækjum aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu.

**470** fyrirtæki í viðskiptum við **Arion banka** hafa fengið tilboð um úrlausn. Með því hefur bankinn treyst grundvöll mörg hundruð starfa.

Markmið stjórnvalda með Beinu brautinni var að öll fyrirtæki sem uppfylltu skilyrði fengju tilboð um úrlausn fyrir **1. júní**.

Hlutfall fyrirtækja sem falla undir skilyrði
Beinu brautarinnar og fengið hafa tilboð frá **Arion banka**.




**Arion banki** hefur gert öllum þeim fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við bankann og falla undir skilyrði Beinu brautarinnar tilboð um úrlausn. Það **skiptir** máli – og af því erum við hjá **Arion banka** stolt.

Það er ekki einungis mikilvægt fyrir fyrirtækin sjálf og starfsmenn þeirra heldur ekki síður mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að fyrirtækin séu laus við óvissu og geti starfað af krafti, sjálfsöryggi og geti gert áætlanir til framtíðar.

Það **skiptir** máli að geta horft fram á veginn.

Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is**
eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 54893 05/11

# Sjávarútvegur er meira en grun

Nákvæm kortlagning á sjávarútveginum og öllum þeim fyrirtækjum sem horfa til hafs hefur staðið yfir í tæpt ár. Þetta er einstakt verk hér á landi. Þór Sigfússon átti hugmyndina að verkefninu. Hann segir í samtali við *Jón Aðalstein Bergsveinsson* að fyrirtæki í sjávarklasanum þurfi að vinna meira saman.



**FRÁ BRYGGJUPOLLANUM** Umfang sjávarklasans var kynnt á Sjóminjasafninu á Grandagarði að viðstöddum forsvarsmönnum úr íslensku atvinnulífi, útgerð og fj með einum eða öðrum hætti.

Það er eins og það þyki ekki fínt að tilheyra þessum klasa. Hluti af vinnu okkar er að koma fólki í skilning um að þarna eru vannýtt tækifæri. Við þurfum að fá fólk til að skynja það og að sækja eigi á þessi mið," segir Þór Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Tryggingafélagsins Sjóvár.

Þór og samstarfsfólk hans kynnti í síðustu viku verkefnið Sjávarklasann. Vettvangurinn var viðeigandi; Bryggjan í Sjóminjasafninu Víkinni úti á Grandagarði í Reykjavík. Þar voru mættir framámenn íslenskra fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti á bryggjupolla innan um síldartunnur og talíur, dvergútgáfur af hluta skipa með uppábúnum káetum og vaxmynd af fullklæddum sjómanni við það að stíga um borð. Á meðan kynningunni vatt fram syntu fiskar fram og aftur við bryggjusporðinn.

Markmið Sjávarklasans felst í því að kortleggja alla starfsemi sem tengist hafinu og fyrirtækjum sem horfa til hafs hér á landi. Jafnframt snýr verkefnið að því að kanna tengsl ólíkra greina innan sjávarklasans og gera tilraun til að greina þau tækifæri sem geta falist í samstarfi fyrirtækja.

Sambærileg vinna hefur verið innt af hendi í nokkrum öðrum löndum upp á síðkastið, svo sem á Nýja-Sjálandi, í Bretlandi og Noregi. Nálgun þeirra er með öðrum hætti en hér auk þess sem þau horfa á aðra þætti, svo sem hlut olíu í norskri landhelgi. Því er ekki að skipta hér. Umfang fyrirtækja sem tengd eru sjávarútveginum hefur aldrei verið kannað hér fyrr en nú.

**VERÐMÆTI Í KLASANUM**

Samstarf, hagræði og verðmætasköpun sem felst í klasavinnu hefur verið í umræðunni hér og utan landsteina um nokkurra ára skeið. Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, hefur lengi talað fyrir áhrifum klasa á þróun fyrirtækja og lífskjör. Síðast gerði hann það hér í fyrirlestri seint á síðasta ári í tengslum við þau tækifæri sem hann taldi geta falist í jarðvarmaauðlindunum og þeirri þekkingu á nýtingu þeirra, sem hefur byggst upp hér á landi til að skapa arðvænlega, alþjóðlega atvinnustarfsemi. Porter sagði mikilvægt að horfa fram á við, leita að tækifærum landsins og grípa þau.

Þór er á sama máli, hann segir fólk sem starfar í fyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi sjá mörg tækifæri.

„Fólk sér þau bæði í framleiðslugreinum í fiskeldi, lýsi og fiskimjöli, frekari úrvinnslu sjávarafurða og allri annarri úrvinnslu, svo sem ensímfyrirtækin og líftæknifyrirtækin sem vinna úr fiskinum lyf og fæðubótarefni," segir hann. „Við verðum að átta okkur á umfangi starfseminnar. Þetta gengur út á að skapa verðmæti út úr klasanum í þeim skilningi að þau fyrirtæki sem þar eiga heima geti tengst honum og gengið í takt. Þegar því er lokið getum við áttað okkur á því hvaða tækifæri kunni að vera þar."

Eins og fram kom í máli Guðmundar Kristjánssonar, forstjóra Brims, á kynningarfundinum í síðustu viku, eru takmörkuð tækifæri í hefðbundnum veiðum og vinnslu. Þar eru möguleikarnir takmarkaðir við hvaða fisk megi veiða í sjónum. Að hans mati geta fyrirtækin sem heyra undir sjávarklasann aukið verðmæti aflans með nýsköpun.

**UMFANG HAFSINS**

Nú er búið að skilgreina allar atvinnugreinar sem tengjast sjávarklasanum og hversu mikið þær eiga undir sjávarútveginum. Horft er til þess að matið gefi til kynna hvar þjóðin er sterkust í haftengdri starfsemi og hvar tækifærin liggja.

„Við höfum metið beint og óbeint framlag sjávarútvegs, bæði til landsframleiðslu og atvinnusköpunar. Síðan höfum við verið að kortleggja hvaða fyrirtæki falla inn í hvaða kassa fyrir sig," segir Linda Björk Bryndísardóttir, nemi í hagfræði og annar tveggja verkefnisstjóra Sjávarklasans.

Starf Lindu fólst í því að meta hlut sjávarútvegs og þjóðhagslega arðsemi greinarinnar. Linda kafaði í bókhald sjávarútvegsfyrirtækja sem ráða yfir tuttugu prósentum aflaheimilda á Íslandsmiðum og fann þar dýrmætar upplýsingar sem gerðu henni kleift að draga upp nokkuð skýra mynd af því við hvaða fyrirtæki sjávarútvegurinn á helst viðskipti við.

Brot af niðurstöðum Lindu eins og þær liggja nú fyrir má sjá í töflu á næstu síðu sem sýnir hvaða fyrirtæki eiga mest undir sjávarútveginum. Til marks um það hversu lifandi verkefnið er eru nýrri upplýsingar hér en kynntar voru á Bryggjunni í síðustu viku.

**FYRIRTÆKJAKLASINN Í KRINGUM SJÁVARÚTVEGINN**

- Rannsóknir, menntun og þjálfun
- Tæknibúnaður fyrir vinnslu og veiðar
- Stjórnun auðlinda, eftirlit og vöktun
- Græn orka upplýsingatækni á hafinu
- Sjávarútvegur og tengd matvælavinnsla



- Haftengd ferðaþjónusta
- Flutninga- og hafnastarfsemi
- Lífvirk efni hafsins
- Þjónusta, ráðgjöf og fjármálastarfsemi
- Sala, markaðssetning og dreifing
- Fiskeldi
- Landgrunnið og sjóefni

## Lítil samskipti innan sjávarklasans

### Hugmyndasmiðurinn segir misskilning að upprunaland fyrirtækja opni dyr erlendis.

Sjávarklasinn er sprottinn upp úr doktorsverkefni Þórs Vigfússonar í alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Kortlagningin hófst í fyrra og er áætlað að ljúka henni í haust. Verkefnið er unnið innan Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands, en fjölmörg fyrirtæki leggja til upplýsingar og hafa aðstoðað við fjármögnun. Tveir starfsmenn vinna við verkið auk Þórs.

Þór segir mér á hugmyndin hafi kviknað þegar hann var að rannsaka lítil tæknifyrirtæki í tengslum við doktorsnámið.

„Þar lagði ég áherslu á tengslanetið og það hvernig frumkvöðlar nýttu sér það til að styrkja fyrirtæki sín, komast til útlanda og annað í þá veruna. Við rannsóknina sá ég mun á milli greina, þar á meðal hjá fyrirtækjum sem tengdust sjávarútvegi. Þar voru ákveðin einkenni sem voru áhugaverð. Þau voru þrátt fyrir allt ekki í miklum samskiptum hvert við annað eða innan atvinnugreinarinnar líkt og tíðkast hjá leikjafyrirtækjum.



**Vorvaka** í minningu Guðmundar Halldórssonar, rithöfundar frá Bergsstöðum, verður í Húnaveri á morgun, uppstigningardag, klukkan 14. Guðmundur hefði orðið 85 ára í ár en tuttugu ár eru liðin frá andláti hans.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



praxis
...þegar þú vilt þægindi
Boston leður svart,hvítt,blátt,rautt kr 9.990
Mónako Rúskinn og mikrofíber hvítt,svart 36-46 kr.7.500
Lissabon leður svart,hvítt st. 36-42 kr. 8.900
Verona svart,hvítt st.36-41 kr.7.900
París leður svart,hvítt,blágrátt st. 36-42 kr.9.500
Amsterdam leður svart,hvítt st.36-42 kr. 6.900
Opið mán. – fös. kl. 11–17
Lokað á laugardögum
Boníto ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878


**Sveitin Rauðisandur í Vestur-Barðastrandasýslu hefur heillað Rut Hallgrímsdóttur ljósmyndara.**

# Birtan er svo síbreytileg

Ég er búin að fara ótal sinnum vestur á Rauðasand á tuttugu ára tímabili og hann er aldrei eins. Flóð og fjara er eins og hjartsláttur staðarins og birtan er svo síbreytileg," segir Rut Hallgrímsdóttir ljósmyndari.

Bók með myndum Rutar frá Rauðasandi er nýkomin út og sýning á þeim verður einnig í Ólafshúsi, elsta húsi Patreksfjarðar, nú um helgina. „Það var ákveðin áskorun að gefa út bók sem væri öll frá sama staðnum en samt fjölbreytt.


;FRAMHALD | 2




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


SPARAÐU
SMURÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSASKIPTI
20%
Láttu okkur þjónusta bílinn þinn og sparaðu 20% í leiðinni
Bílkó á BETRA VERÐI í allt sumar!
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
GRAFIKER

**Sjóarinn síkáti**, sjómanna- og fjölskylduhátíð, verður haldin í Grindavík helgina 3. til 5. júní. 100 viðburðir eru í boði, bærinn skreyttur, barnadagskrá, skemmtiatriði, sterkasti maður á Íslandi og margt fleira. www.sjoarinnsikati.is



# Tjaldað við suðurströndina

ÁGJALDSVÆÐINU Í GRINDAVÍK ER NÚ KOMIÐ NÝTT OG GLÆSILEGT ÞJÓNUSTUHÚS SEM GERIR TJALDBÚSKAP SUÐUR MEÐ SJÓ AÐ ÆVINTÝRI Í FYRSTA FLOKKS AÐSTÖÐU.

Það var á vordögum 2009 að Grindvíkingar opnuðu nýtt og sérhannað tjaldsvæði við Austurveg, þaðan sem fallegt útsýni er yfir höfnina. Með tilkomu nýja þjónustuhússins er tjaldsvæði Grindvíkinga orðið með því allra besta á landinu, og þótt víðar væri leitað. Arkitekt hússins, sem er alls 220 fermetrar, var Gunnar Páll Kristinsson.

Sumarið 2009 var gerð viðhorfskönnun meðal gesta á nýja tjaldsvæðinu. Útkoman var nánast á einn veg, því 98 prósent gesta reyndust ánægð og töldu það í háum eða góðum gæðaflokki. Athugasemdir sneru flestar að bað-, þvotta- og eldunaraðstöðu, en með tilkomu þjónustuhússins hefur nú verið komið til móts við það allt.



Nýja þjónustuhúsið er hið glæsilegasta og notalegt að tylla sér á sólpallinn með nesti og nýja skó.

Mikill kraftur er í ferðaþjónustu í Grindavík og hafa ný fyrirtæki haslað sér völl. Grindvísk ferðaþjónustufyrirtæki starfa saman undir nafninu Grindavík Experience og hefur sú samvinna gefið góða raun. Grindavíkurbær og Bláa lónið vinna nú saman að því að fleiri ferðamenn Bláa lónsins komi einnig til Grindavíkur, og binda menn vonir við að ferðamannastraumur til Grindavíkur muni stóraukast með tilkomu bundins slitlags á Suðurstrandarvegi þar sem umferð er líkleg til að margfaldast á næstu árum.



Ósinn á Rauðasandi. MYND/RUT HALLGRÍMSDÓTTIR

Framhald af forsíðu

Sá sem skrifar textann er 80 ára heimamaður, Ari Ívarsson, sem þekkir svæðið eins og lófann á sér.“

Rut hefur starfað sem portrettljósmyndari í um tuttugu ár og er með stofu í Skipholtinu. Hún ólst upp á Seltjarnarnesi með fjörurnar og hafið fyrir vitum. En hún rekur kynni sín af Rauðasandi til eiginmannsins, Emils Ágústssonar, sem var í sveit á Melanesi. „Emil byrjaði að segja strákunum okkar litlum sögur af lífinu fyrir vestan og upp frá því fórum við að fara í vettvangsferðir þangað. Þannig ánetjaðist ég Rauðasandi. Ég er búin að ganga þar um heiðar og fjörur og fljúga yfir því Emil er með flugréttindi. Þannig opnast mér alltaf ný og ný myndefni og sagan um fjölbreytt mannlífið fyrr á tímum lifnar líka við. Nú er búskapur stundaður á þremur bæjum í sveitinni en ferðaþjónusta fer vaxandi. Búið er að endurnýja Saurbæjarkirkju, opna lítið kaffihús og skipulagðar gönguferðir eru í kolanámurnar í Stálfjalli, yfir til Keflavíkur og út á Látrabjarg.“ *gun@frettabladid.is*



Grettistak á Melanesheiði. MYND/RUT HALLGRÍMSDÓTTIR









Harpan býr yfir nokkrum ráðstefnusölum.

## Ísland á topp tíu

ÍSLAND VERÐUR LÍKLEGA VINSÆLL ÁFANGASTAÐUR FYRIR RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR.

Ísland er á topp 10 lista samtakanna Great Hotels of the World yfir staði sem spáð er mestum vinsældum á árinu 2011 og á næstu árum sem áfangastaður fyrir ráðstefnur og hvataferðir. Frá þessu er greint á vef Ferðamálastofu.

Great Hotels of the World eru samtök sjálfstæðra lúxushótela og því ánægjulegt fyrir Ísland að fá slíka útnefningu.

1. Svartfjallaland
2. Króatía
3. Suður-Afríka
4. Indland
5. Portúgal (Lissabon)
6. Tyrkland
7. Grísku eyjarnar
8. Ísland
9. Sardinía
10. Suður-Kórea (Seúl)













Orðið nestisferð (picnic/pique-nique) var fyrst notað í frönskum bókmenntum 1692. Þá var hugtakið notað yfir gesti veitingahúss sem höfðu sitt eigið vín meðferðis, og lengi var það notað yfir máltíðir þar sem allir færðu eitthvað til borðsins, þótt ekki væri úti í náttúrunni.



Wikipedia.org

# natvinnuvegur þjóðarinnar



ármálafyrirtækjum. Allir tengjast þeir sjávarútvegi
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Velta sjávarútvegs nam um 290 milljörðum króna í fyrra, eða sem nemur nítján prósentum af vergri landsframleiðslu. Þá er áætlað að beint framlag sjávarútvegsins sem hlutfall af landsframleiðslu hafi verið 10,14 prósent í fyrra en óbeint framlag 8,63 prósent. Í veiðum og vinnslu hjá sjávarútvegsfyrirtækjum í fyrra voru 8.700 störf. Til viðbótar starfa svo tíu þúsund manns við sjávarútveg og heildarfjöldinn því nítján þúsund. Í útreikningunum er ekki tekið tillit til margföldunaráhrifa, launa eða rentu sem skapast í greininni, að sögn Lindu. Samanburðartölur við fyrri ár liggja hins vegar ekki fyrir.

Ekki er búið að kortleggja öll þau fyrirtæki sem tilheyra sjávarklasanum og greina þau með svipuðum hætti og fyrirtæki í sjávarútvegi auk þess sem enn á eftir að sjá hvernig þau fyrirtæki sem tilheyra sjávarklasanum tengjast hvert við annað. Stefnt er að því að verkefninu ljúki í haust.

Greiningu á sjötíu tæknifyrirtækjum er þó að mestu lokið. Niðurstaða yfirferðarinnar bendir til að velta geirans nam tæpum tíu prósentum af heildarveltu sjávarútvegsins, 26 milljörðum króna í fyrra.

Linda bendir á að greinin öll sem atvinnuvegur sé að þróast í aðra átt. Tæknigeirinn í sjávarklasanum sé orðin stuðningsgrein við sjávarútveginn og gefi henni samkeppnisforskot. „Það er ljóst að margar atvinnugreinar eiga mikið undir sjávarútveginum," segir hún.

### MEIRA EN GRUNNATVINNUVEGUR

Linda segir sjávarútveginn hafa verið gagnrýndan að ósekju upp á síðkastið. „Umræðan fer oft á þann veg að mikilvægi sjávarútvegs sé að minnka. Svo þarf alls ekki að vera. Starfsemin er að breytast. Það verður að líta á sjávarútveginn og tengda starfsemi hans sem eina heild. Þetta er meira en bara veiðar og vinnsla. Þótt vinnuafl í sjávarútvegi sé að dragast saman þá þýðir það ekki endilega að vinnuafl á heildina litið sé að dragast saman. Það er ekki hægt að horfa á þennan eina hluta, veiðar og vinnslu. Þetta er svo miklu meira," segir hún og bendir á að sjávarútvegurinn hér sé ólíkur öðrum greinum. Hann sé skilgreindur sem grunnatvinnuvegur og hafi hann sem slíkur mikil margföldunaráhrif.

„Það eru svo margar atvinnugreinar sem eiga mikið undir sjávarútvegi. Ef hann myndi leggjast af yrðu þær fyrir miklu hnjaski, hugsanlega leggjast líka af," segir hún og bendir á sem dæmi að ef skósmiður loki verkstæði sínu þá hafi það lítil ef nokkur keðjuverkandi áhrif. Öðru máli gegni í sjávarútvegi; sé greininni kippt út geti önnur fyrirtæki farið sömu leið.

„Við höfum sýnt hversu umfangsmikil starfsemin er. Burtséð frá því hver áhrif frumvarpsins verða, ef það verður að lögum, hvort heldur þau verða jákvæð eða neikvæð, þá mun áhrifanna gæta umfram veiðar og vinnslu. Tengdar greinar munu að öllum líkindum finna fyrir því mjög fljótlega. Fólk verður svo að geta sér til um hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð," segir hún.

## HVAR ER VÖXTURINN?




Myndin sýnir að lítill vöxtur er í hefðbundnum veiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Öðru máli gegnir um fyrirtækin hægra megin á myndinni. Þar eru ýmir tæknifyrirtæki sem falla undir sjávarklasann.

**Umræðan fer oft á þann veg að mikilvægi sjávarútvegs sé að minnka. Það er rangt. Starfsemin er að breytast. Það verður að líta á sjávarútveginn og klasann sem heild. Þetta er meira en grunnatvinnuvegur. Þótt vinnuafl í sjávarútvegi sé að dragast saman þá þýðir það ekki að vinnuafl á heildina litið sé að dragast saman. Það er ekki hægt að horfa á þennan eina hluta, veiðar og vinnslu. Þetta er svo miklu meira**

## HLUTUR ATVINNUGREINA

| Grein | Hlutur |
|---|---|
| Málmsmíði og viðgerðir* | 50,75% |
| Umboðsverslun** | 26,57% |
| Rafmagns-, gas- og hitaveita | 18,4 |
| Trjáiðnaður*** | 15,5 |
| Samgöngur og flutningar**** | 5,0-10,0% |
| Önnur viðsk. og sérhæfð þjónusta | 8,66% |
| Vátryggingafélög | 6,5% |
| Vélaleiga | 4,6% |
| Efnaiðnaður***** | 4,2% |
| Vélsmíði og vélaviðgerðir | 1,4% |
| Rannsóknir og þróun | 1,2% |

** Öll slippþjónusta og einstaka tæknifyrirtæki ** Kaup á eldsneyti og innfluttum vélum og tækjum. *** Þarna á meðal eru fyrirtæki sem framleiða bretti og umbúðir **** Innan flutningaþjónustu er löndun ***** Þarna á meðal eru fyrirtæki sem selja málningu og hreinsiefni*

# Margir eiga sitt undir sjávarútveginum

Fyrstu niðurstöður rannsókna á sjávarklasanum benda til að allt að sjö hundruð fyrirtæki eiga teljandi hluta undir í viðskiptum við sjávarútvegsfyrirtækin. Rannsókninni er hvergi nærri lokið og breytist því hlutfallið í samræmi við það sem myndin af sjávarklasanum verður gleggri.

Taflan hér sýnir hvaða atvinnugreinar það eru sem eiga mest undir í viðskiptum sínum við sjávarútvegsfyrirtækin.

Að sama skapi telja forsvarsmenn sjávarútvegsins að þessi fyrirtæki geti fundið fljótlega fyrir afleiðingunum ef afkoma greinarinnar breyttist hvort sem væri til hins betra eða hins verra.



**ÞÓR SIGFÚSSON** Forsvarsmenn fyrirtækja í sjávarklasanum tengjast lítið öðrum fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þau voru sum hver í nánum tengslum við nokkur sjávarútvegsfyrirtæki, sem voru þeirra stærstu viðskiptavinir en lítið sín á milli. Í öðrum hugbúnaðargeirum sá ég meiri samskipti og meiri tengsl á milli frumkvöðlanna og fyrirtækja innan greinarinnar," segir Þór sem í framhaldinu tók að skoða hvernig efla mætti samskiptanet fyrirtækja innan sjávarklasans. „Í því felast gríðarleg verðmæti ef við náum að styrkja samstarf fólks í þróunarstarfi og markaðssetningu. Mikil störf og verðmæti geta orðið til," heldur hann áfram.

Þór telur ástæðu þess að fyrirtæki sem tengjast sjávarklasanum hafi lítil samskipti sín á milli þá að greinin sé gömul samanborið við aðrar tæknigreinar. Það geti komið niður á markaðsstarfi þeirra í öðrum löndum.

„Sumir halda að það nægi að vera frá Íslandi og að það eitt og sér geti opnað þeim næstum sjálfkrafa dyr í útlöndum. Það reynist oft því miður ekki vera," segir Þór.

# Hver er þessi klasi?

Bandaríski háskólaprófessorinn Michael Porter hefur um árabil talað fyrir mikilvægi klasastarfs. Hann skilgreinir klasa sem landfræðilega þyrpingu tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana sem starfi á sérhæfðum sviðum og vinni bæði saman auk þess að eiga í samkeppni.

Þeir sem rannsakað hafa klasamyndun segja hana hafa jákvæð áhrif á samkeppnishæfni, mótun þekkingar og geta skapað verðmæti.

Porter sagði í erindi sem hann hélt í Háskólabíói í fyrravetur að eigi klasinn að virka þurfi regluverk hans að vera í lagi, framtíðarsýn og skipulag að vera skýrt auk þess sem markmiðin þurfi að vera augljós.



**MICHAEL PORTER** Bandaríski fræðimaðurinn ræddi um þau tækifæri sem geta falist í auðlindum jarðvarmans hér í Háskólabíói í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gæðasprotar ná árangri

SPROTAR



Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur

Til að koma sprotafyrirtæki af stað þarf óbeislaðan sköpunarkraft, þrautseigju og elju. Kraftmiklir frumkvöðlar sigla áfram á fullu stími og sigra hverja hindrunina á fætur annarri til að koma hugmynd sinni og fyrirtæki á góðan stall. Í hamaganginum sem fylgir nýjum fyrirtækjum er alltaf viss áhætta að atriði eins og ferlar og skjölun gagna mæti afgangi. Þessi grein færir fram nokkur atriði sem hjálpa frumkvöðlum að skipuleggja gæðamál sprotans síns frá byrjun og vera þannig betur tilbúnir til að uppfylla kröfur markaðarins um þroskuð og öguð vinnubrögð.

**SKRÁÐU JAFNÓÐUM**

Ef þú ert að leysa verkefni í fyrsta sinn – skráðu hvernig þú leysir það. Þetta mun flýta fyrir þér í næsta skipti sem þú leysir svipað verkefni og auðveldar þér líka þá að láta aðra leysa það fyrir þig. Ef þú gerir þetta við algeng verkefni í fyrirtækinu þínu þá ertu kominn með vísi að fínni gæðahandbók áður en þú veist af. Skráðu jafnóðum.

Með því að skrá vinnuferli frá byrjun þá tryggirðu að verðmæt þekking haldist í fyrirtækinu í stað þess að vera eingöngu bundin við ákveðna einstaklinga. Fjárfestar horfa líka hlýlega til þeirra fyrirtækja sem sýna fram á að stór hluti verðmætanna í fyrirtækinu sé bundinn innan veggja þeirra í vel skjöluðum ferlum og gögnum.

**SAFNAÐU GÖGNUM**

Með því að fylgja skilgreindum ferlum þá skaparðu tækifæri til að safna gögnum. Með góðum gögnum um reksturinn þinn ertu alltaf í frábærri stöðu til að skapa þér samkeppnisforskot. Þessi gögn eru ekki bara af fjárhagslegum toga. Safnaðu gögnum um allt mögulegt svo sem álit viðskiptavina, tímaskráningu, fjölda símtala, fjölda gallaðra vara í framleiðsluferli, heimsóknir á vefsíðuna þína eða annað sem þú telur að hjálpi til við þinn rekstur. Í rekstri fyrirtækja verður til gífurlegt magn upplýsinga sem hægt er að nýta til aukinnar verðmætasköpunar. Sniðugir frumkvöðlar byrja strax að safna gögnum og nota þau svo til að stjórna rekstrinum betur.

**SPARAÐU MEÐ VOTTUNUM**

Mjög líklegt er að markaðsaðilar krefjist formlegra vottana eða merkinga á vörunum þínum, svo sem CE-, UL- eða TÜV-merkinga. CE-merkingar leyfa fyrirtækjum að markaðssetja vöru sína án hindrana innan Evrópska efnahagssvæðisins. Evrópsk yfirvöld skylda framleiðendur til að hafa slíkar merkingar ætli þeir sér að markaðssetja vörur sínar á Evrópska efnahagssvæðinu. UL-merkingar segja til um að varan uppfylli ákveðna UL-staðla sem eiga við hana og eru oft krafa frá kaupendum. Þessar merkingar hjálpa til við að tryggja ákveðna neytendavernd á hverju markaðssvæði. Fyrirtæki sem hyggjast nota slíkar merkingar þurfa að útfæra ákveðnar kröfur til að þau geti leyft sér að merkja framleiðsluvörur sínar á slíkan máta. Ýmsar leiðir eru færar varðandi úttekt á gæðakerfi eða vöru. Eðli vörunnar eða þjónustunnar ræður því hvort ytri úttektaraðilar þurfi að koma að málum eða hvort framleiðandanum sé treyst til að gera það sjálfur.

Mikilvægt er að hafa í huga í byrjun hvaða staðlar eiga við vöruna eða þjónustuna sem um ræðir. Oft eru kröfur um að verklagsreglur og/eða gæðakerfi hafi verið komið upp innan fyrirtækisins, jafnvel á meðan á þróun stóð. Í sumum tilvikum þarf jafnvel vottað gæðakerfi sem er reglulega tekið út af ytri aðila. Þeir frumkvöðlar sem hafa hugað að þessum atriðum frá byrjun hafa töluvert forskot á þá sem reyna að bjarga sér með slíkar vottanir eftir á.

**GAGNRÝNIN HUGSUN**

Taktu reglulega frá tíma til að endurskoða ferli innan fyrirtækisins með gagnrýnum hætti. Er hægt að gera hlutina betur, á ódýrari máta eða öðruvísi. Þú skalt stanslaust hvetja starfsfólk til að taka þátt í að betrumbæta hlutina. Þetta er lykilþáttur í öllum gæðakerfum og á svo sannarlega við um smærri fyrirtæki líka. Gagnrýnin hugsun í gæðakerfinu þínu mun leiða til betri árangurs í rekstri.

Þegar hlutir fara úrskeiðis í rekstri fyrirtækisins er mikilvægt að hafa skýra áætlun um hvernig fyrirtækið bregst við. Sem dæmi getur fyrirtækið skilað gallaðri vöru á markað eða viðskiptavinur skilar inn kvörtun yfir lélegri þjónustu. Meðhöndlun fyrirtækja á þessum hlutum skilja á milli þeirra sem ná árangri og hinna. Markviss meðhöndlun mistaka, eða frábrigða, tryggja að orsök mistakanna finnst og aðgerðir settar í gang til að fyrirbyggja að sömu mistökin eigi sér stað aftur.

Með því að tileinka þér markvissa hugsun um gæðamál frá stofnun fyrirtækisins þíns nærðu að tryggja öguð vinnubrögð sem líklegri eru til að skila árangri. Til eru margir sérfræðingar í gæðamálum sem geta hjálpað þér að innleiða gæðahugsun í þínu fyrirtæki og gott er að leita ráða hjá þeim. Mikilvægasta skrefið er samt að frumkvöðullinn sjálfur tileinki sér slíka hugsun frá upphafi. Það mun skapa mikil verðmæti í sprotanum og auðvelda framtíðarvöxt. Kærar þakkir fær Kolbrún hjá Nox Medical fyrir góð ráð við gerð þessarar greinar.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki. Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com

GAMLA MYNDIN

Vísir fékk að líta á bak við tjöldin hjá Seðlabankanum:

## Seðlarnir mæta örlögum sínum

Fæstir velta fyrir sér lífshlaupi peningaseðla sem eru í umferð, en fyrir margt löngu síðan, árið 1967 nánar tiltekið, fékk blaðamaður Vísis leyfi til að kynna sér þessi mál niður í kjölinn með heimsókn á Seðlagreiningardeild Seðlabankans.

Hlutverk þeirrar deildar, sem var til húsa í kjallara undir Landsbankanum við Austurstræti, var að fara yfir notaða seðla. Sjö starfsstúlkur sem þar unnu tóku frá þá seðla sem voru orðnir ónýtir og töldu þá heilu í 100 seðla búnt sem sett voru aftur út í veltuna. Á myndinni má einmitt sjá Sigfús Styrkársson, starfsmann deildarinnar, með afrakstur dagsins, 15,3 milljónir króna sem raðað var í skúffurnar þrjár á gólfinu. Um þriðjungur var tekinn úr umferð með því að gata þá og brenna í þar til gerðum ofni.

Í þá tíð voru í gildi seðlar í sex upphæðum, 5, 10, 25, 100, 500 og 1000 krónur. - þj



**NOTAÐIR SEÐLAR YFIRFARNIR** Sigfús Styrkársson við vinnu sína í Seðlagreiningardeildinni.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Frá Skíð kemur konungur drykkja

Í GLASI MEÐ ÓLA KRISTJÁNI






Skoski rithöfundurinn Robert Louis Stevenson (höfundur Dr. Jekyll og Mr. Hyde og Fjársjóðseyjunnar) greindi frá því í einu ljóða sinna, *The Scotsman*'s *Return From Abroad*, hvaða viskí hann héldi helst upp á: „The king o' drinks, as I conceive it, / Talisker, Isla, or Glenlivet!“

Öll eru þessi viskí afbragðsgóð og nær hann nokkurri breidd í vali sínu, úr reykjarkeim Islay og Talisker yfir í mýkt Glenlivet. Þá er gaman að því hvað smekkur hans er nálægt undirritaðs. Í fyrstu umfjöllun þessara pistla var til dæmis fjallað um Islay (Isla) viskíið Laphroaig, sem viðurkennast verður að er í sérstöku uppáhaldi.

Núna verður hins vegar kíkt á það sem rithöfundurinn nefndi fyrst í ljóðlínu sinni, Talisker. Viskíið kemur frá einu viskíverksmiðjunni sem er að finna á skosku eynni Skíð (Isle of Skye). Skíð (sem á gelísku en ýmist nefnd *An t-Eilean Sgitheanach* eða *Eilean a' Cheó*) er svo aftur stærst og nyrst Suðureyja á Skotlandi.

Talisker er almennt talið með fremstu viskíum í heimi (líklega er vissara að tala frekar um „fremstu“ en „bestu“ vegna þess hve smekkur manna er misjafn). Þannig gefur viskísérfræðingurinn Michael Jackson því einkunnina 90 af 100 í bókinni Michael Jackson's Complete Guide to Single Malt Scotch.

Talisker er eitt af þessum viskíum sem sumir lýsa sem sprengju í bragðlaukana. Viskíið er líka 45,8 prósent að styrkleika sem bætir dálítið á brunakraftinn. Með því að bæta skvettu af vatni í viskíið breytast eiginleikarnir dálítið, sopinn mýkist og blómakeimur bætist við. En það er „smag sag“ hvort fólk vill bæta við vatni eða ekki. Móreykjarbragðið er áberandi, en þó ekki jafn afgerandi og í sumum Islay-viskíum. Góða stund má svo dunda sér við að greina bragðið og tilbrigði vegna þess hve eftirbragðið lifir lengi.

Framleiðandinn lýsir drykknum svo að hann sé skærgullinn, með kröftugum móreyk og vísan að sjávarseltu, ferskum ostrum og sítrussætleika. Undir það má vel skrifa.

FYRIRTÆKIÐ

# Gæðavörur seljast

**Tvíbökur Rusk hafa vakið mikla lukku. Byrjuðu sem heimabakstur en fást nú í flestum búðum.**

Þrátt fyrir að hafa aðeins verið á markaðnum síðan í mars á þessu ári hafa tvíbökubrauðin frá Rusk vakið mikla lukku og árangurinn hefur verið framar öllum væntingum eigenda. Um er að ræða sannkallað fjölskyldufyrirtæki þar sem hjónin Guðmundur Árni Jónsson og Lára Nanna Eggertsdóttir eru að vinna með brauð sem þau hafa lengi bakað til heimabrúks. Þau eru skorin í þunnar sneiðar sem eru svo þurrkaðar í ofni.

„Við höfum verið að baka þessi brauð heima við í rúm tvö ár,“ segir Guðmundur.

„Svo voru vinir og ættingjar farnir að þrýsta á okkur að reyna að setja brauðin á markað þannig að einn daginn ákváðum við að slá til.“

Þau fengu svo aðstöðu, tæki og tól hjá HP Kökugerð á Selfossi og svo fór allt í gang.

Nú er Rusk með þrjár tegundir af tvíbökum í sölu í flestum stórmörkuðum og einnig í heilsuverslunum og ostabúðum. Guðmundur segir viðtökurnar hafa verið framar vonum.

„Við vorum ekki búin að gera okkur nokkrar væntingar varðandi viðtökurnar, og renndum blint í sjóinn en það er greinilegt að það er markaður fyrir góða vöru úr gæðahráefni. Þar fyrir utan er þetta vara sem hvergi annars staðar er til.“

Guðmundur segir engin leyndarmál felast í uppskriftunum. Þar sé meðal annars að finna lífrænt spelt, heilhveiti, lífræn sojamjólk, AB mjólk, og fleira hollt og gott.

Hjónin hafa fleiri uppskriftir á takteinum, en stefna fyrst að því að auka útbreiðslu um landið.

„Svo sjáum við hvað gerist í kjölfarið,“ segir Guðmundur, og bætir því við að fyrirspurnir um tvíbökurnar berist víða að, jafnvel frá útlöndum. - þj



**MEINHOLLT** Guðmundur og Lára Nanna með tvíbökurnar frá Rusk.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Hef opnað sálfræðistofu að Laugavegi 36



Veiti ráðgjöf til einstaklinga og stjórnenda með sérstakri áherslu á stjórnun streitu og bætt jafnvægi vinnu og einkalífs.

Sturla J. Hreinsson, cand psych

**Storð ehf**

Jarðbundin ráðgjöf

Laugavegi 36
stordehf@gmail.com
sími: 8684538






Vildaráskrift að Stöð 2 Sport inniheldur 2 Sport, 2 Sport 2, 2 Sport 3, 2 Sport 4, 2 Sport 5

512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

**25.000** manns, eða þar um bil, eru nú á vanskilaskrá.

**433.000** Íslendingar verða líklega til árið 2060, samkvæmt spá Hagstofunnar.

**5,4** milljarða skuldir og skuldbindingar hvíla á Sandgerðisbæ.

BANKAHÓLFIÐ

## Strandaglópar

Forkólfar í bandaríska frumkvöðlageiranum steggjuðu vin sinn hér á landi um fyrri helgi. Það hefði ekki verið í frásögur færandi ef fluginu heim hefði ekki verið frestað þegar gaus í Grímsvötnum. Þess vegna misstu þeir af opnun frumkvöðlaráðstefnunnar Techcrunch Disrupt sem haldin var í New York í síðustu viku. Meðal strandaglópa voru stórvesírar frá samskiptasíðunni Twitter, Google og Microsoft. MG Seigler, blaðamaður netmiðilsins, TechCrunch, var í hópnum og skrifaði hann líflegan pistil um strandið fyrir miðilinn frá bar í miðborginni.



## Tækifæri í gosinu

Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Clara, sem búsettur er í San Fransico þekkir þá flesta sem tepptust hér. Eins og frumkvöðla er háttur sá hann tækifæri í svartnættinu. Hann bauð þeim að skoða skrifstofur Clara og blés síðan til lítillar frumkvöðlaráðstefnu undir yfirskriftinni TechCrunch Erupt. Helsta framáfólki í nýsköpunargeiranum hér var boðið til fundarins á annarri hæðinni í Kjörgarði við Laugaveg. Fimmtíu mættu, sem þykir gott, ekki síst ef tillit er tekið til þess að ráðstefnan var ákveðin með einnar klukkustundar fyrirvara.



## Nýr formaður ÍMARK

Guðmundur Arnar Guðmundsson, vörumerkjastjóri Icelandair og pistlahöfundur Markaðarins um tíma, var kjörinn formaður Ímark, félags íslensks markaðsfólks, á aðalfundi félagsins 18. maí síðastliðinn. Hann tók við af Gunnari B. Sigurgeirssyni, markaðsstjóra Ölgerðarinnar. Nokkrar breytingar urðu á stjórninni, en þrír af sex stjórnarmönnum hættu og komu fjórir í þeirra stað. Nýir stjórnarmenn eru Kristján Geir Gunnarsson frá Nóa Síríusi, Friðrik Larsen hjá Háskólanum í Reykjavík, Gísli S. Brynjólfsson úr Hvíta húsinu og Guðrún Einarsdóttir hjá Nova.






Eignastýring • Markaðsviðskipti • Fyrirtækjaráðgjöf

**Arctica Finance** er framsækið, óháð og sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið er í eigu starfsmanna sem búa að áralangri og víðtækri reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

**www.arctica.is** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 513 3300

A/F ARCTICA FINANCE

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**Garðaumsjón**
Veiti alhliða þjónustu á sviði garðyrkju. Sláttur, úðun, mold , trjáfellingar ofl. Halldór garðyrkjumaður S. 698 1215.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

BÓKHALD, LAUNAÚTR, OG RÁÐGJÖF: Vönduð vinna, löng reynsla og sanngjarnt verð. Uppl. 6183909 Svavar.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**HAMRABORG ehf**
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Byggingafélagið Álmur ehf Getum bætt við okkur verkefnum í Nýsmiði viðhaldi breytingum ásamt sólpalla og skjólveggja smíði. uppl s.8998459 almurehf@gmail.com

Baðherbergi flísalagnir. Hef mikla reynslu. Hef EU réttindi í endurnýjun baðherbergja. Og málari/smiður sé um alla viðhaldsvinnu, 25 ára reynsla. Góð vinnubrögð og snyrtilegur. Uppl. í s. 775 0772.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

THE BEST!!! TANTRIC, LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!! 24/78698602

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NEW NEW NEW !!!TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME SPECIALY !s.8995836

THE BEST!!LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!S: 869 8602.

## Fasteignir

**ER MEÐ KAUPENDUR/LEIGJENDUR AF EFTIRFARANDI:**

- 200-300 FM EINBÝLI Í KÓPAVOGI /FOSS-VOGSMEGIN
- TVÖFALDUR BÍLSKÚR SKILYRÐI.
- PARHÚS / EINBÝLISHÚS Í LINDARHVERFI KÓPAVOGS.
- EINBÝLISHÚS MEÐ 5 + SVEFNHERBERGJUM Í KÓPAVOGI EÐA GARÐABÆ
- VANTAR HÆÐ TIL LEIGU Í VESTURBÆ RVÍK - LEIGA MÁ VERA ALLT AÐ 200,000 Á MÁNUÐI



Gunnar
Sölustjóri

HRINGDU NÚNA 699-3702

LANDMARK
FASTEIGNASALA



Magnús
Einarsson
Lögg. fast.

www.landmark.is • sími: 512 4900 • Bolholti 4

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 869 4650

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Iðnaður

**GE VERK**
S: 866-8798
KJARNABORUN
STEYPUSÖGUN
SMÁGRÖFUR
RAUFARSÖGUN
MÚRBROT

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## Trésmíði



**Bergiðjan ehf**
**Íslensk framleiðsla**
10, 14 og 21fm gróðurhús. Uppl. í s. 774 6633. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. email: pukinn@simnet.is Erum með myndir á facebook

# KEYPT & SELT

## Til sölu









Rýmingarsala á innréttingum og skrifstofubúnaði í útibúi Arion banka í Árbæ (Hraunbæ 117). Einnig verða boðin til sölu fleiri húsgögn og þar á meðal gömul tekk húsgögn. Tilvalið tækifæri fyrir aðila sem eru að fara í gang með fyrirtæki eða þurfa einfaldlega aðstöðu á heimaskrifstofunni. Opið verður í útibúinu þriðjudaginn 31. Maí og miðvikudaginn 1. Júní frá 14 til 21. Uppl. www.landsel.is og í síma 8561488.

**ÞVOTTAVÉLAR, VARAHLUTIR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Ísskápar, stálísskápur á 60þ., þvottavélar, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, barkalaus þurrkari 8kg á 40. Barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp. Subary legacy '97. S. 896 8568.

Heima er bezt tímarit - þjóðlegt og fróðlegt. Áskr.sími 553 8200 - www. heimaerbezt.net

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Orka, næring, vellíðan... Herbalife er næringarbakhjarl Barcelona-liðsins í fótbolta. uppl. og ráðgjöf Svavar. 6183909




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

Kínverskur nuddari getur hjálpað þér að bæta við heilsuna. Nálastunga í boði. Hamraborg 20A 5646969

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Seljum maðka fyrir veiðimenn. Uppl. í s. 660 0550 & 822 5235

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu með aðgang að eldhús, baðherbergi og þvottavél í miðbæ Reykjavíkur við Hlemm. Uppl. í s. 661 5219.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir húsnæði fyrir léttan iðnað og skrifstofuaðstöðu. Uppl Ingvar s. 659 5981

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Íslenska Gámafélagið**
**Íslenska gámafélagið óskar eftir starfsmanni til að sjá um mötuneyti fyrirtækisins. Um er að ræða fullt starf í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Gufunesi. Nánari upplýsingar og umsóknir óskast til starfsmannastjóra á netfangið helga@igf.is.**

**PÍPULAGNIR**
**Óska eftir að ráða pípulagningarmann til starfa í 2 - 3 mánuði í sumar.**

**Gæti orðið meira. Upplýsingar í síma 892 3639 Snittvélin ehf. snittvelin@simnet.is**

**Workers needed**
Ned good workers for brick work. More information in tel: 696 6676.

óska eftir hressum og skemmtilegum aðilum í vinnu við úthringingar. föst laun og árangurstenging. uppl. Þorgils 773-1800

Sólbaðsstofa óskar eftir kvk,starfsfólki. 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 772-5555

Vanan stýrimann og vélavörð vantar á línubát sem er á blálaunguveiðum. uppl: 4500201 / 8478182.

## Atvinna óskast

Íslenskur karlmaður með rútupróf er að leita sér að vinnu. Uppl. í s. 663 1902.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

598 KR.KG
ALI FERSKUR **GRÍSABÓGUR**

695 KR.KG
BÓNUS FERSKUR **HEILL KJÚKLINGUR**

998 KR.KG
ALI FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**

1998 KR.KG
BÓNUS FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**

598 KR.PK
NAUTAVEISLU **HAMBORGARAR** M. BRAUÐI **4 STK.**

NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK

198 KR. 770g
MYLLU **SAMLOKUBRAUÐ** 770g

798 KR.
NICKY **WC PAPPÍR 12 RÚLLUR**

198 KR. 4 stk
BONUS KRINGLUR MJÚKAR

NÝ STÆRÐ 150g Í OLÍU
DALA FETA-OSTUR
195 KR.

BÓNUS 4 STK.
**STÓR HAM-BORGARABRAUÐ**
159 KR.

KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g **UNGNAUTA HAMBORGARAR**
1598 KR.

**FABRIKKU SÓSA** 300ml
359 KR.

**EUROSHOPPER**
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
98 KR.
SÍÐUSTU DÓSIRNAR Á ÞESSU VERÐI !

298 KR.300ml
UMBRO **STURTUSÁPA**

29 KR.85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR

23 KR. HVER ÞVOTTUR
MILT ÞVOTTAEFNI FYRIR ALLAN ÞVOTT
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA **40 ÞVOTTAR**
898 KR. PAKKINN

Coca-Cola zero
59 KR.

Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.

BÓNUS *MARGNOTA* BURÐARPOKINN
200 KR.STK.
VERNDUM UMHVERFIÐ

25% AFSLÁTTUR
SAMLOKUOSTUR Í SNEIÐUM
25% afsláttur við kassann Merkt verð 1588 kr./kg.
1191 kr.kg

750ml á verði 500ml
598 KR.
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN OLÍA

527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** óskiptu, **6.** í röð, **8.** sægur, **9.** hnoðað, **11.** skóli, **12.** fjöldi, **14.** áburður, **16.** snæddi, **17.** fúadý, **18.** umrót, **20.** á fæti, **21.** seytlar.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smyrsl, **3.** í röð, **4.** viðtaki, **5.** sarg, **7.** félagsskapur, **10.** traust, **13.** gifti, **15.** truflun, **16.** spíra, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** öllu, **6.** rs, **8.** mor, **9.** elt, **11.** fg, **12.** margt, **14.** gúanó, **16.** át, **17.** fen, **18.** los, **20.** tá, **21.** agar.
**LÓÐRÉTT: 1.** krem, **3.** lm, **4.** loftnet, **5.** urg, **7.** slagtog, **10.** trú, **13.** gaf, **15.** óháð, **16.** ála, **19.** sa.


### Við leitum að fagmenntuðum bifvélavirkjum á bílaverkstæði HEKLU

Boðið er upp á skemmtilegan vinnustað, úrvals aðstöðu til viðgerða og viðhalds, gott tæknilegt umhverfi ásamt miklum möguleikum á þjálfun og endurmenntun. Á verkstæðum HEKLU er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á Volkswagen Group og ISO 9001:2000 stöðlum. Gæðakerfið er vottað af faggildum aðilum.

Bifvélavirki á bílaverkstæði hefur það hlutverk að greina, finna úrlausnir og vinna við viðgerðir á verkstæðinu.

**Ábyrgð og verkefni:**
- Öll almenn viðhalds- og viðgerðavinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Deila þekkingu með starfsfélögum
- Framfylgja öllum öryggisreglum og gæðakröfum framleiðenda

**Hæfniskröfur:**
- Fullgild réttindi sem bifvélavirki
- Reynsla af starfi sem bifvélavirki
- Góð tungumálakunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Áhugi á símenntun í greininni og vilji til að kynna sér tækninýjungar
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími á verkstæðinu er frá kl. 8:00 - 16:00.

Allir starfsmenn HEKLU er hvattir til að sýna frumkvæði, metnað og vilja til að ná árangri í starfi.

Vinsamlegast sendið inn umsóknir ásamt ferilskrá á **mh@hekla.is**

Frekari upplýsingar um starfið gefur **Magnús Halldórsson** í síma **825 5638**

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA



Skipulagsstofnun

## Þorlákshafnarlínur 2 og 3 í Sveitarfélaginu Ölfusi

### Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Stofnunin telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Það eigi einkum við um fyrirhugaða lagningu Þorlákshafnarlínu 3 frá tengivirki við Orustuhól á Hellisheiði öðru hvoru megin við Skálafell að Sandfelli. Með lagningu línunnar væri verið að raska stærstu landslagsheildunum á Hengils- og Hellisheiðarsvæðinu sem enn eru ósnortnar en með auknu raski á Hengilssvæðinu hefur verndargildi ósnortinna og lítt snortinna svæða þar farið vaxandi. Skipulagsstofnun telur ótvírætt að lagning Þorlákshafnarlínu 3 muni hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og muni rýra talsvert útivistargildi svæðisins í kringum Skálafell sem Sveitarfélagið Ölfus hefur skilgreint sem hverfisverndarsvæði vegna útivistar. Skipulagsstofnun telur að leggja eigi háspennulínur sem mest um þegar röskuð svæði eða í grennd við núverandi mannvirki eins og gert er ráð fyrir í tilfelli Þorlákshafnarlínu 2 eða að öðrum kosti eigi að stefna að því að leggja nýjar línur samsíða eins og áætlað er í tilfelli fyrirhugaðra lína frá Sandfelli að Þorlákshöfn.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Landsnets er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulagsstofnun.is.

**Skipulagsstofnun**


# Sósíalistar dauðans

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Um þarsíðustu helgi fóru fram héraðskosningar hér á Spáni og eins og jafnan þegar kosningar fara fram varð ég margs vísari um meðbræður mína.

**ÉG** hafði til dæmis lengi dáðst að nautabönum og þá sérstaklega fyrir það hve vel þeir sýna þegar skepnan nær að setja hornin í þá. Ef ég hefði skepnu upp á hálft tonn á eftir mér sem síðan ræki horn í síðu mína myndi ég líklegast ganga af göflunum og kikna í hnjánum af ótta í hvert skipti sem ég sæi horn. Yrði þetta svo römm fóbía að ég myndi líklegast aldrei aftur geta farið til Hornafjarðar. En þessu er öðruvísi farið með nautabana sem stundum eru stangaðir margsinnis niður en standa alltaf upp aftur rétt eins og fótboltakappi sem hefur verið felldur og bíður þess eins að dómarinn dæmi aukaspyrnu. Svo halda þeir áfram að veifa skikkju sinni framan í skepnuna eins og ekkert hafi í skorist.

**ÞESSI** hegðun var mér alveg óskiljanleg og taldi ég það víst að engir aðrir en nautabanar gætu sýnt af sér slíka fífldirfsku. En þar varð mér á í messunni.

**ÉG** fór nefnilega í þorpið Zújar í Granadahéraði þar sem ég er skráður til heimilis og gerði mig líklegan til að kjósa. Svo undarlega brá við að mér varð létt þegar ég komst að því á kjörstað, sem er vel vaktaður af sjálfum frambjóðendunum, að ég var ekki á kjörskrá. „Þú kemur bara á mánudaginn og leggur inn kvörtunarbréf," sagði bæjarritarinn þegar ljóst var að ég var ranglega óskráður á kjörskrá.

**ÞAÐ** sannaðist nefnilega hið fornkveðna þennan kjördag að sá á kvölina sem á völina. Hér er nefnilega hægt að velja á milli andalúsískra þjóðernissinna sem er staðbundinn brandari, Lýðflokksins hægrisinnaða sem er spilltari en andskotinn og síðan Sósíalistaflokksins.

**OG** viti menn, meiri hluti Zújar-búa skaut nautabananum ref fyrir rass. Það er að segja, eftir að Sósíalistaflokkurinn er búinn að koma atvinnuleysinu upp í 30 prósent í Zújar eins og í Granadahéraði öllu, þá dressaði meirihluti íbúa sig upp, mætti í kjól og hvítu á kjörstað og kaus sósíalista til áframhaldandi stjórnarsetu. Þvílíka fífldirfsku hef ég aldrei nokkurn tímann séð í einu einasta nautaati.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# VÖNDUÐ REGNFÖT



**weather report**
Pollagalli
st. 80-130
Vnr. 836931
**5.999kr**

**weather report**
Pollagalli
m/ flísfóðri
st. 80-130
Vnr. 836930
**7.999kr**

**Waterland**
Gúmmískór
st. 20-35
Vnr. 787455
**2.299kr**

**Waterland**
Gúmmískór
st. 20-35
Vnr. 787458
**2.299kr**

**Waterland**
Gúmmískór
st. 20-35
Vnr. 787455
**2.299kr**

**Waterland**
Gúmmískór
st. 20-35
Vnr. 836357, 836358
**2.499kr**

**Waterland**
Gúmmístígvél
st. 19-35
Vnr. 822070
**3.499kr**

**Waterland**
Gúmmístígvél
st. 20-35
Vnr. 836361
**3.499kr**

**Waterland**
Gúmmístígvél
st. 19-35
Vnr. 822071
**3.499kr**

Gúmmístígvél
st. 20-33
Vnr. 836359
**3.999kr**

**Skoppa & Skrítla**
Gúmmístígvél
st. 20-33
Vnr. 836360
**3.999kr**

Gildir til 5. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# menning

menning@frettabladid.is

**JÓN INGI SÝNIR Í EDEN** Jón Ingi Sigurmundsson hefur opnað málverkasýningu í Eden í Hveragerði. Jón Ingi hlaut nýlega menningarviðurkenningu Árborgar 2011 á hátíðatónleikum í tilefni hátíðarinnar Vor í Árborg, þar sem Kjartan Björnsson,formaður menningarnefndar, og Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs, afhentu Jóni Inga viðurkenninguna. Sýningu Jóns Inga í Eden lýkur 13. júní (annan í hvítasunnu).

Leikhús ★★★

**Rebbasögur**

Listahátíð í Reykjavík

**Höfundur og leikstjóri:** Jean-Luc Penso **Brúðustjórnun:** Jean-Luc Penso og Erika Capello **Raddir:** Þór Tulinius og Vigdís Gunnarsdóttir **Íslensk þýðing:** Friðrik Rafnsson **Söngtextaþýðing:** Sölvi Björn Sigurðsson **Tæknimaður:** David Dubois. Rebbasögur í Tjarnarbíói. Le roman de Renart, Leikhús litla spegilsins.

## Skuggaleikhús í Tjarnarbíói

Refurinn Renart beitir öllum klækjum sem hann getur til þess að stríða hinum dýrunum; sérstaklega tekur hann úlfinn Ysengrin og fjölskyldu hans fyrir. Svona hrekkjusvínasögur eru víða þekktar. Hér birtust þær í kínverskri skuggaleikhúshefð, þó leikhúsið sjálft væri franskt. Þetta var sýning ætluð alyngstu áhorfendunum enda voru þeir óþreyjufullir og margir á þessari sýningu.



Hér var flókin saga sögð með líklega alltof mörgum orðum. Vigdís Gunnarsdóttir og Þór Tulinius töluðu fyrir dýrin. Betur hefði farið á því að rebbinn hefði haft karlmannsrödd. Þetta var engu að síður mikið sjónarspil og gaman að sjá þessa gömlu hefð í fullu fjöri. Skuggar og litir. Leikið á þremur tjöldum sem voru kannski í minnsta lagi fyrir einmitt þennan sal. Tónlistin og hljóðin voru skemmtileg.

Rebbasaga var frumsýnd í Taílandi árið 1993 og hefur ferðast um allar koppagrundir síðan; um Indónesíu, Kína, Frakkland og víðar. Sýningin er samstarfsverkefni Listahátíðar, franska sendiráðsins og Alliance française. Höfundurinn og leikstjórinn Jean-Luc Penso lærði þessa tækni af Kínverjum og stofnaði Leikhús litla spegilsins 1978.

Það er svolítið erfitt að átta sig á brúðunum úr salnum en þær eru allar búnar til úr nautshúðum og þær festar á þunnar stangir sem nema við útlimi brúðunnar þannig að hver fígúra getur fett sig og brett bæði afturábak og áfram. Sérstaklega skemmtilegt þegar þrír litlir pollar dönsuðu einhvers konar breikdans í dýraheimi.

Salurinn var nú heldur farinn að ókyrrast þegar á leið enda sýningin full löng og hefði mátt þétta söguna betur og gera persónu rebbans skýrari. Það sem var þó eftirminnilegast að sögn lítillar persónu sem leikinn sá, var þegar rebbinn datt oran í brunninn djúpa og þegar hann gabbaði hinn til þess að hjálpa sér. Það að fingur stjórnandans sést er hluti af töfrum þessa leikhúsforms.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Haganlega gerð leiksýning fyrir yngstu kynslóðina en helst til löng.

# Að fanga hverfandi andrá

**Núið og hverfulleiki andartaksins eru inntak bókverksins Júní eftir Hörpu Árnadóttur myndlistarmann, sem kemur út í dag. Bókin er nátengd sýningunni Mýraljós en báðar byggja þær á eins konar dagbókarbrotum Hörpu frá dvöl hennar á Bæ á Höfðaströnd í fyrrasumar.**

„Það var ekki meiningin í upphafi að þetta yrði bókverk. En þegar uppi var staðið hafði svo mikið efni raðast upp á vinnustofuvegginn hjá mér, með frekar línulegri frásögn og eitt leiddi af öðru,“ segir Harpa Árnadóttir myndlistamaður um tilurð bókarinnar Júní sem kemur út í dag á vegum Crymogeu.

Bókin samanstendur af textabrotum og myndum, texti sem oft er í raun mynd og unnin er upp úr eins konar dagbókarfærslum Hörpu þegar hún dvaldi á Bæ á Höfðaströnd í Skagafirði í boði Steinunnar Jónsdóttur fyrir ári síðan. Útgáfa bókarinnar er nátengd sýningunni Mýrarljósi í Listasafni ASÍ, sem er hluti af Listahátíð í Reykjavík og byggir á sömu vinnubókum.

„Þetta eru persónulegar og hversdagslegar hugleiðingar sem endurspegla augnablik sem ég upplifði og minningar sem streyma fram. Svona eins og að hugsa beint á blöðin. Það má kannski segja að þetta sé tilraun til að fanga andblæ sumarsins, ilm, birtu og veðrabrigði, að lýsa hverfandi andrá; hvernig maður upplifir augnablikið og rennur saman við það. Þetta snýst um að lifa í núinu og að njóta þess.“

Mikil vinna var lögð í hönnun og frágang bókarinnar, sem líkist innbundu safni nýgerðra vatnslitamynda og textablaða sem smeygt hefur verið inn í möppu. Um hönnun sáu Hildigunnur Gunnarsdóttir og Snæfríð Þorsteins sem unnið hafa að unnið að fleiri bókum Crymogeu, þar á meðal hina víðfrægu Flora Islandica eftir Eggert Pétursson. Í tilefni útgáfunnar verður efnir Crymogea til móttöku í Listasafni ASÍ milli klukkan 17 og 19 í dag.

bergsteinn@frettabladid.is



**HARPA ÁRNADÓTTIR** Júní er sambland af textabrotum og vatnslitamyndum sem endurspegla ákveðin augnablik sem Harpa upplifði á Höfðaströnd í Skagafirði í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HARPA ÁRNADÓTTIR

Harpa Árnadóttir er fædd árið 1965 á Bíldudal í Arnarfirði. Eftir háskólanám í sagnfræði og bókmenntum fór hún í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi við Listaháskólann í Valand, Gautaborg. Harpa hefur sýnt víða og eru verk hennar í eigu ýmissa opinberra safna og einkasafnara á Íslandi og í Svíþjóð. Hún hefur hlotið verðlaun fyrir teikningar hjá Þjóðlistasafni Svíþjóðar.




„Bækur eru saklausir hlutir, en rithöfundar eru ægilegar verur“.
Þórbergur Þórðarson, Mitt rómantíska æði.

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:

HÖFUNDAKVÖLD #5

Miðvikudaginn 1. júní kl. 20.00

Kajsa Ingimarson á höfundakvöldi í Norræna húsinu

Þórdís Gísladóttir, þýðandi, ræðir við Kajsu um verk hennar.

Léttar veitingar í boði.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

NORRÆNA HÚSIÐ

Sturlugata 5 101 Reykjavík S. 5517030 nh@nordice.is www.norraenahusid.is

www.boddydesign.com




**ÓTTAR NORÐFJÖRÐ** Sólkross er komin út á Spáni og kemur út á þýsku í sumar.

# Sólkross kemur út á spænsku og þýsku

Óttar M. Norðfjörð gerir víðreist þessi dægrin. Óttar var staddur á einni stærstu bókahátíð Spánar um helgina, Fería del Libro, í Madríd. Tilefnið var útgáfa bókarinnar Sólkross, sem kom út þar í landi á dögunum undir heitinu La Cruz Solar.

Að sögn Tómasar Hermannssonar, útgefanda hjá Sögum, vakti Óttar nokkra athygli á bókahátíðinni. „Spánverjar eru spenntir fyrir bókinni; henni er vandlega stillt upp í bókabúðum og það myndaðist röð við básinn hans á hátíðinni þar sem hann áritaði bókina.“

Þá hafa stærstu fréttaveitur Spánar rætt við Óttar, til dæmis dagblaðið El Mundo og Radio Nacional. Sólkross er spennusaga með sögulegu ívafi og kom út á Íslandi 2008 og er væntanleg í Þýskalandi í júlí. Nýjasta bók Óttars, Áttblaðarósin, kom út fyrir síðustu jól. - bs

# Álfasýning á Akureyri

**Álfar og huldufólk, sumarsýning Minjasafns Akureyrar, verður opnuð í dag.**

**Sýningin samanstendur af útskurðarverkum listakonunnar Ingibjargar H. Ágústsdóttur sem tengjast gripum og sögum af huldufólki og samskiptum þeirra við menn, gripa úr hulduheimum sem varðveittir hafa verið í Þjóðminjasafni Íslands ásamt gripum í einkaeign. Við þetta bætist fróðleikur um þjóðtrúna sem tengd er álfum og huldufólki og gefur gestum safnsins góða innsýn inn í hulduheima.**

**Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri opnar sýninguna klukkan 17.**



**VIÐ ÁLFAKLETT** Ingibjörg H. Ágústsdóttir skar út verkin á sýningunni.

# HLAUPTU LENGRA Í SUMAR



**NIKE AIR ALTO+**
Hlaupaskór með loftpúðum í öllum sólanum. Hólf í sóla fyrir sendi í iPod og iPhone.
Dömustærðir: 36,5 - 41.
Herrastærðir: 42 - 47.

**14.990**
(fullt verð 19.990)

**11.990**



**PRO TOUCH PASTO / PARCO**
Hlaupasett. Vindjakki og hlaupabuxur úr DRY PLUS-efni með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.

**19.990**



**NIKE AIR MAX MOTO+ 8**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl.
Dömustærðir.



**18.990**

**ADIDAS ADIZERO ACE 3**
Hlaupaskór með adiPRENE-dempun undir tábergi og hæl. Dömu- og herrastærðir.



**21.990**

**ASICS GT 2160**
Hlaupaskór með gel-dempun undir tábergi og hæl. Dömu- og herrastærðir.



**25.990**

**NIKE AIR PEGASUS+ 27**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl.
Herrastærðir.



## NÝTT!
Í INTERSPORT LINDUM

Footbalance

## SÉRÚTBÚIN INNLEGG FYRIR ÞÍNA FÆTUR

**Enginn fótur er eins. Þess vegna býður Intersport upp á fría fótagreiningu til að sjá hvernig fóturinn þinn er uppbyggður. Út frá greiningunni getum við svo búið til sérútbúin innlegg sem leiðrétta fótastöðuna, auka þægindi og bæta árangur þinn um leið. Það tekur aðeins 10 mínútur að búa til hvert innlegg. Talaðu við afgreiðslumann í skódeildinni!**

INTERSPORT

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 **LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

EXPO - www.expo.is

# Vigdís kjörin í yfirstjórn ASSITEJ

Vigdís Jakobsdóttir leikstjóri var kjörin í yfirstjórn alþjóðlegu leiklistarsamtakanna ASSITEJ á heimsþingi samtakanna sem haldið var 23. til 26. maí í Kaupmannahöfn og Malmö. Ísland hefur verið félagi í samtökunum síðan 1990 en þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur fulltrúi á sæti í yfirstjórninni.


VIGDÍS JAKOBSDÓTTIR

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök um barna- og unglingaleikhús. Um er að ræða regnhlífarsamtök yfir landsskrifstofum í meira en áttatíu löndum um allan heim og að þeim koma þúsundir leikhúsa, stofnana og fagfólks í leikhúsi.

Samhliða heimsþinginu var boðið upp á stóra alþjóðlega leiklistarhátíð í borgunum tveimur, þar sem boðið var upp á tugi leiksýninga frá öllum heimshlutum. Sýning Þjóðleikhússins á Sindra silfurfiski var fulltrúi Íslands á hátíðinni. **- bs**

## DJASSSVÍTA Í HÍ

Áshildur Haraldsdóttir, Einar Scheving, Neal Kirkwood og Richard Korn leika svítu nr. 1 fyrir flautu og jasspíanótríó eftir Claude Bolling á síðustu hádegistónleikum skólaársins í Háskóla Íslands í dag. Tónleikarnir verða haldnir í Hátíðasal Aðalbyggingar og hefjast klukkan 12.30. Aðgangur er ókeypis.

# PÍANÓIÐ DREPIÐ

Tónlist ★★★★

**MINØR/PIONÉR**

Flutt í Hörpu

**Tónlist eftir:** Högna Egilsson, Davíð Þór Jónsson og President Bongó. **Textar eftir:** Atla Bollason. **Fram komu:** Karlakórinn Fóstbræður kom fram undir stjórn Árna Hraðarsonar. **Lýsing:** Páll S. Ragnarsson.



Tónskáldið Alexander Skrjabín skynjaði tónlist í litum. Hann dreymdi um tónleika þar sem áheyrendur myndu ekki aðeins heyra tónlist, heldur sjá hana líka sem hafsjó af litum. Tæknin í þá daga var auðvitað takmörkuð (Skrjabín lést árið 1915), en þetta er hægðarleikur í dag. Í einum af sölum Hörpu, Norðurljósum, eru veggirnir t.d. hálfgegnsæir, og þeir geta skipt litum. Gaman væri að hafa tónleika þar með tónlist eftir Skrjabín.

Á laugardagskvöldið voru í Norðurljósum tónleikar með verkum eftir Högna Egilsson (úr Hjaltalín), píanóleikarann Davíð Þór Jónsson og hljóðstjórann President Bongó. Ljósatæknin var nýtt til fulls á tónleikunum. Veggirnir breyttu um lit eftir stemningu tónlistarinnar hverju sinni. Það var mögnuð upplifun. Litadýrðin gaf tónlistinni alveg nýja vídd.

Auðvitað skipti það máli hvernig tónlistin hljómaði. Og hún var yfirleitt stórskemmtileg, auk þess sem hljómburðurinn var flottur. Framvindan í hverju lagi var í sjálfu sér ekki mikil, en andrúmsloftið var grípandi. Einfaldar, mjög djúpar bassahendingar voru áberandi, bæði leiknar á píanó og úr tölvu. Yfir öllu svifu alls konar safaríkir píanóhljómar.

> Högni söng – hann er með fallega rödd. Það var rík tilfinning í öllu sem hann gerði, einlægni og fegurð.

Högni söng – hann er með fallega rödd. Það var rík tilfinning í öllu sem hann gerði, einlægni og fegurð.

Karlakórinn Fóstbræður kom líka fram undir stjórn Árna Harðarsonar. Hugsanlega hefði hlutverk hans mátt vera veigameira. Hann var allur á rólegu nótunum, söng veikt og þægilega, sjaldnast meira en það. Hér hefði breiddin í tónlistinni mátt vera meiri.

Fjölbreytnin var ríkulegri í hinu sjónræna. Á sviðinu var ekki bara flygill, heldur einnig gamall píanógarmur. Í kringum hann var hrúga af járnarusli; bárujárn og ryðguð púströr. Á tímapunkti rótaði Davíð í hrúgunni, og hávaðinn bergmálaði í hljóðkerfi salarins og varð hluti af tónlistinni. Undir lok tónleikanna réðst Högni svo á píanóið með sleggju og barði hljómborðið í klessu. Oft hefur mann langað til að gera það, he he!

Niðurlæging píanósins var fullkomnuð í lok tónleikanna, en þá var píanóið híft upp í loft og skilið þar eftir dinglandi. Gaman hefði verið að sjá það detta aftur á sviðið, með tilheyrandi braki og brestum. En sjálfsagt hefur ekki fengist leyfi fyrir því!

Einstaka atriði var heldur langdregið, eins og t.d. þegar bókstafurinn A var búinn til úr járnaruslinu (sem væntanlega vísaði til afmælis Amnesty International þann dag). Það tók óþarflega langan tíma, sem gerði tónlistina heldur endurtekningarsama. En í það heila voru tónleikarnir frumlegir og spennandi, og maður gekk glaður út að þeim loknum.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Athyglisverðir tónleikar með fallegri tónlist. Lýsingin var frábær.

# JBK Ransu ræðir Abstrakt

**JBK Ransu spjallar við gesti og segir þeim frá verkum sínum á sýningunni Abstrakt klukkan 20 í kvöld.**

**Abstrakt er samsýning þeirra Jóns og Guðrúnar Bergsdóttur í samstarfi við listahátíðina List án landamæra, sem hefur það að markmiði að koma list fólks með fötlun á framfæri og að koma á samstarfi milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks.**

**Ransu er þekktur fyrir sterk abstrakt málverk en Guðrún saumar út undraverðar myndir þar sem flæða saman litir og form. Hlið við hlið á veggnum mætast verk þeirra í heimi lita og forma.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 1. júní**

### Tónleikar

**12.00** **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** tenór og **Antonía Hevesi** píanóleikari koma fram á hádegistónleikum í **Hafnarborg** í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 12.

**12.30** Lokatónleikar skólaárs HÍ fara fram í dag kl. 12.30. Svíta nr. 1 fyrir flautu og jasspíanótríó eftir **Claude Bolling** verður leikin. Tónleikarnir fara fram í **Hátíðasal Aðalbyggingar HÍ**. Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

**23.00** Hljómsveitirnar **Agent Fresco**, **Benny Crespo's Gang**, **Valdimar** og **Andvari** koma allar fram á **Sódóma** í kvöld. Húsið opnar kl. 22 og hefjast tónleikarnir kl. 23. Aðgangseyrir kr. 1000.

### Opnanir

**17.00** Minjasafnið á Akureyri opnar sýninguna **Álfar og huldufólk** í dag kl. 17. Sýningin samanstendur af útskurðarverkum listakonunnar Ingibjargar H. Ágústsdóttur.




# LAGERÚTSALA
# 15-70%
# AFSLÁTTUR



## AF **ÖLLUM** VÖRUM






Aðeins í **5 daga** frá miðvikudegi til sunnudags.
Lagersalan fer fram í **Casa** Skeifunni 8.

Casa

www.casa.is

**Opið: Miðvikudag frá kl. 10 til 19 • Fimmtudag frá kl. 10 til 19 • Föstudag frá kl. 10 til 19 • Laugardag frá kl. 10 til 18 • Sunnudag frá kl.13 til 18**

# Fólk

folk@frettabladid.is



**86 MILLJÓNIR DALA** komu inn í kassann fyrstu sýningarhelgi gamanmyndarinnar The Hangover 2 með þeim Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms. Myndinni tókst næstum því að slá met The Matrix: Reloaded yfir aðsókn á bannaðar myndir.

## Eiga nóg af lögum á lager

Hinn ávallt unglegi Billy Joe Armstrong, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinar Green Day, lýsti yfir á Twitter-síðu sinni á dögunum að hann og hljómsveitarfélagar hans væru duglegir við að semja lög þessa dagana. „Green Day er búin að semja ný lög á hverjum degi,“ sagði hann. „Við eigum tonn af nýjum lögum. Við erum að fara í ferska og kröftuga átt.“



**Í GANG** Búast má við að ný plata frá Green Day líti dagsins ljós í ár eða á næsta ári.

Green Day sendi síðast frá sér plötuna 21st Century Breakdown árið 2009, en platan var sú áttunda í röðinni frá þessari vinsælu hljómsveit. Hljómsveitin hafði hingað til ekki gefið neitt upp um nýja plötu, en nú vonast aðdáendur hljómsveitarinnar til þess að plata sé væntanleg frá Green Day á árinu.


AEBI
Swiss Quality



- sala
- varahlutir
- þjónusta

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


# Sjálfstætt fólk hefur selst í fjórum milljónum eintaka

**Bækur Halldórs Laxness hafa selst í sjö til átta milljónum eintaka. Þær hafa verið þýddar á yfir fimm tugi tungumála og gefnar út í sex hundruð útgáfum um allan heim. Sjálfstætt fólk er enn mest selda bókin eftir Íslending.**

Mikla athygli vakti þegar Fréttablaðið greindi frá því að sjálfur James Bond, Daniel Craig, hefði gengið inn í bókabúð í smábænum Oswestry í Shropshire-sýslu og beðið sérstaklega um Sjálfstætt fólk eftir Nóbelsskáldið Halldór Laxness. Bókin var þá ekki til en bóksalinn útvegaði sér hana skömmu seinna og hyggst hafa hana tilbúna handa Craig þegar hann rekur inn nefið næst.

Valgerður Benediktsdóttir hjá réttindastofu Forlagsins segir í samtali við Fréttablaðið að þegar bókin hafi komið út í Bandaríkjunum árið 1946 hafi hálf milljón eintaka selst á tveimur vikum. „Bókin kom líka út í stóru upplagi á sínum tíma í ýmsum löndum, eins og Sovétríkjunum sálugu, Kína og Indlandi. Beinharðar sölutölur eru hins vegar hvergi til enda langt um liðið. Ég gæti skotið á að bókin hafi selst í þremur til fjórum milljónum eintaka en það er þó skot út í loftið.“ Valgerður segir að Sjálfstætt fólk sé mest selda bók eftir Íslending fyrr og síðar. Bækur Arnalds Indriðasonar gætu þó farið að skáka þeim titli á næstu árum. „Að minnsta kosti þrjár bækur Arnalds hafa rofið milljón eintaka múrinn; Mýrin, Napóleonsskjölin og Grafarþögn. Napóleonsskjölin seldust til að mynda í yfir einni milljón eintaka bara í Þýskalandi,“ segir Valgerður, en samkvæmt síðustu sölutölum hefur Arnaldur selt ríflega sjö milljónir eintaka.

Halldór er þó eflaust ennþá víðförlasti rithöfundur Íslands því bækur hans hafa verið þýddar yfir á tæplega fimmtíu tungumál og komið út í á sjötta hundrað útgáfum um allan heim, Sjálfstætt fólk er sú bók Halldórs sem víðast hefur farið. Valgerður segir hins vegar nánast vonlaust að skjóta á heildartölu seldra bóka hjá Halldóri. „Sölutölur frá fimmtíu ára tímabili liggja hvergi á lausu, þannig að þetta verður aldrei nákvæmt. Það er vitað að oft á tíðum bárust hvorki íslenskum útgefanda Halldórs né Halldóri sjálfum söluyfirlit að utan og jafnframt er vitað að oft voru bækur hans endurprentaðar án þess að viðkomandi forlög sendu upplýsingar um slíkt hingað til lands. Ég hef persónulega viljað halda mig nálægt sjö til átta milljónum eintaka en ég hef alltaf viljað stíga varlega til jarðar hvað slíkar tölur varðar.“

freyrgigja@frettabladid.is



**VÍÐLESIÐ NÓBELSSKÁLD**



Bók **Halldórs Laxness**, Sjálfstætt fólk, hefur selst í þremur til fjórum milljónum eintaka. Erfitt er hins vegar að fá sölutölur staðfestar, þar sem hvergi er til heillegur listi yfir seld eintök bóka Nóbelsskáldsins. **Arnaldur Indriðason** hefur selt yfir sjö milljónir eintaka en þrjár bækur hans hafa rofið milljón eintaka múrinn. Sjálfstætt fólk er þó enn mest selda bókin eftir Íslending.

**VÍÐFÖRULL**

Bækur Halldórs Laxness hafa verið þýddar á yfir fimmtíu tungumál og þá gefur breski útgáfurisinn Random House bækur hans út í fimmtíu löndum. Meðal tungumála sem Halldór hefur verið þýddur yfir á eru:

- Albanska
- Armenska
- Arabíska
- Aserska
- Bengalska
- Esperanto
- Hebreska
- Hvít-rússneska
- Kóreska
- Moldóvska
- Orija-mál, Indlandi
- Úsbekíska

## Tilnefndir fyrir kossa

**Catherine Hardwicke, leikstjóri Twilight-myndanna, er ánægð með að leikararnir Robert Pattinson og Taylor Lautner hafi verið tilnefndir fyrir besta kossinn á MTV-kvikmyndaverðlaununum. Um er að ræða kossa þeirra og leikkonunnar Kristen Stewart á hvíta tjaldinu. „Kannski verður þetta jafntefli. Það væri það besta í stöðunni,“ sagði Hardwicke, sem síðast leikstýrði myndinni Red Riding Hood.**

## Vilja breyta nafninu

**Framleiðendur sjónvarpsþáttarins Cougar Town, sem hefur verið sýndur á Stöð 2, hafa í hyggju að breyta nafni þáttarins, finnst það vera útvatnaður brandari. Þeir hafa biðlað til aðdáenda um að koma með tillögur að nýju nafni.**

**Cougar Town er nú á sínu þriðja ári og skartar gömlu Friends-leikkonunni Courteney Cox í aðalhlutverki. Framleiðendunum finnst nafnið ekki vera nógu lýsandi fyrir efni þáttanna, en þeir snúast að mestu leyti um áfengisdrykkju og ástir miðaldra fólks í einu af fjölmörgum úthverfum Bandaríkjanna. „Ég prófaði Sunshine State og Grown Ups en þau nöfn voru of lík nöfnum þátta sem voru fyrir á dagskrá,“ segir Bill Lawrence, einn af framleiðendum þáttarins.**



**ENDURNEFNA** Cougar Town verður endurnefndur þegar hann snýr aftur í þriðja sinn. Courteney Cox leikur þó áfram aðalhlutverkið.


4GB minnislykill fylgir öllum netlyklaáskriftum í dag



Gríptu tækifærið og græjaðu þig upp fyrir bústaðinn. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn




**VIRK** Coldplay sendir frá sér nýja plötu á þessu ári.

## Coldplay sendir frá sér nýtt lag

Coldplay hefur tilkynnt að nýtt lag sé væntanlegt frá hljómsveitinni laugardaginn 4. júní. Lagið heitir Every Teardrop Is a Waterfall.

Hægt verður að hlusta á lagið frá og með næsta föstudegi á vefsíðu Coldplay, en lagið er það fyrsta sem Chris Martin og félagar senda frá sér frá því þeir gáfu út Strawberry Swing árið 2009. Í millitíðinni kom reyndar út jólalagið Christmas Lights, en þau telja ekki með.

Síðasta plata sem Coldplay sendi frá sér var Viva la Vida or Death and All His Friends sem kom út árið 2008. Ný plata er væntanleg á þessu ári, en hún hefur ekki ennþá hlotið nafn.

Opið fimmtudag kl. 13 til 18

# Snyrtivörubomba

## 1. - 11. júní

# 3 fyrir 2

## af snyrtivöru*

Kauptu þrjár snyrtivörur, borgaðu bara fyrir tvær

*Ódýrasti hluturinn fylgir frítt með

BIOTHERM
CLARINS PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS snyrtivörur
EGF HÚÐDROPAR
Elizabeth Arden
ESTĒE LAUDER
HR HELENA RUBINSTEIN
JOHN FRIEDA COLLECTION LONDON PARIS NEW YORK
LANCÔME PARIS
nails inc. LONDON
OLAY
SENSAI Kanebo INTERNATIONAL
SHISEIDO



Tilboðið gildir ekki af MAC. Gefum 10% afslátt af öllum MAC-vörum til 11. júní.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Solla Soulful með sumarplötu

Tónlistarkonan Sólveig Þórðardóttir, sem kallar sig Sollu Soulful, hefur nú gefið út sína fyrstu plötu, Open a Window.

Platan inniheldur lög og texta eftir hana sjálfa og má heyra í þeim áhrif frá sálartónlist, djassi og blús. Platan átti upphaflega að koma út fyrir síðustu jól en vegna þess hve seint hún kom til landsins ákvað Solla að fresta útgáfunni. „Ég sé ekki eftir því. Þetta er meiri sumarplata hvort sem er,“ segir Solla, sem útskrifaðist af djass- og rokkbraut FÍH fyrir tveimur árum.

Lögin á plötunni fjalla mest um ástina og hennar fylgifiska. „Ég sem voða mikið út frá minni persónulegu reynslu. Textarnir eru bjartir og dimmir í senn. Stundum fara þeir út á ævintýralegar slóðir en meginþemað er ástin,“ segir hún.

En hvaðan kemur nafnið Solla Soulful? „Mér fannst nafnið Solla vera eitthvað svo einmanalegt eitt og sér. Ég hugsaði með mér hvaða nafn myndi bæði lýsa sjálfri mér og tónlistinni. Ég er „soulful“ í túlkun og tónlistin er líka undir áhrifum frá sálartónlist.“

Með henni á plötunni eru Ragnar Emilsson á gítar, Ingi Björn Ingason á bassa, Egill Örn Rafnsson á trommur og Kjartan Valdemarsson á píanó og Hammond. Þær Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir og Unnur Birna Björnsdóttir spila einnig á strengi í nokkrum lögum.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða á Café Rosenberg 8. júní kl. 21.30. - fb



**FYRSTA PLATAN** Sólveig Þórðardóttir, eða Solla Soulful, hefur gefið út sína fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skilnaður hjá Minogue

**Söngkonan Dannii Minogue og eiginmaður hennar, ruðningskappinn fyrrverandi Kris Smith, hafa ákveðið að prófa reynsluskilnað. „Við erum komin aftur heim til Melbourne sem ein fjölskylda. Samband okkar og Ethans mun ávallt halda áfram,“ sögðu þau í yfirlýsingu sinni, en Ethan er eins árs sonur þeirra. Minogue, sem er systir söngkonunnar Kylie, kynntist Smith fyrir þremur árum á Ibiza. Þau hafa gefið til kynna að þau ættu í vandræðum með hjónabandið á Twitter-síðunni og kemur skilnaðurinn því fáum á óvart.**



**SÁTTUR** Douglas kveðst vera ánægður með sitt líf; baráttan við krabbameinið hafi kennt honum að meta hlutina upp á nýtt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Douglas sáttur með sitt

Michael Douglas er smám saman að komast aftur á ról eftir að hafa greinst með krabbamein í hálsi. „Mér líður ansi vel. Eftir afar erfiða meðferð finnst mér eins og ég sé að vakna aftur til sjálfs mín,“ segir Douglas í samtali við breska OK!. „Krabbameinið er farið og það hefur ekki látið á sér kræla aftur. Fyrsta árið verð ég að fara í skoðun í hverjum mánuði en mér finnst læknarnir vera mjög bjartsýnir.“

Douglas bætti því við að þessi reynsla hefði kennt honum að meta allt í kringum sig upp á nýtt. „Ég er ákaflega þakklátur fyrir það líf sem ég hef lifað og þann árangur sem ég hef náð. Ég er ótrúlega heppinn að hafa hitt Catherine Zetu-Jones og hafa hafið nýtt fjölskyldulíf með henni. Þessi barátta hefur fært mig nær fjölskyldunni.“

# CHERYL COLE DREGUR SIG Í HLÉ

**Breska söngkonan Cheryl Cole hyggst láta lítið fyrir sér fara eftir að hún var óvænt rekin úr bandaríska X-Factor. Baulað var á Simon Cowell í Bretlandi nýverið.**

Breska þjóðin er æf yfir þeirri meðferð sem söngkonan Cheryl Cole fékk í Bandaríkjunum. Hún var látin taka hatt sinn og staf eftir nokkra þætti af ameríska X-Factor þar sem framleiðendur voru handvissir um að fólkið í Ameríku myndi ekki skilja þykkan „geordie“-hreim söngkonunnar, en það kallast talandi fólks frá iðnaðarborginni Newcastle. Sá orðrómur gekk einnig fjöllum hærra að Cole hefði verið of þung og að hún hefði þjáðst af heimþrá en flestir fjölmiðlaspekingar eru sammála um að hreimurinn hafi orðið henni að falli.

Cole hefur verið í miklu uppáhaldi hjá Bretum. Til að mynda er baulað á fyrrverandi eiginmann hennar, Ashley Cole, hvar sem hann stígur niður fæti á enskum knattspyrnuleikvöngum en hann er bakvörður hjá Chelsea. Simon Cowell, hinn heimsfrægi skaphundur úr Idolinu, gæti verið kominn í sama bás því áhorfendur raunveruleikaþáttarins Britain's Got Talent bauluðu á sjónvarpsmanninn þegar hann gekk í sjónvarpssalinn á mánudagskvöld þar sem hann er hluti af dómnefndinni. Sjálfur viðurkenndi hann að Cole ætti sennilega aldrei eftir að tala við sig aftur. „Hún er búin að fá nóg af mér,“ hefur breska blaðið The Sun eftir honum.

Náinn vinur Cowells greinir jafnframt frá því að sjónvarpsmógúllinn hafi ítrekað reynt að ná tali af Cole en án árangurs. „Cowell líður mjög illa yfir því sem gerðist, hann veit að þetta var klúður en hún vill ekkert hlusta á hann. Þau voru mjög náin og töluðu reglulega saman í síma en nú vill hún ekkert heyra á hann minnst. Honum líður eins og hann hafi misst ástvin.“

Samkvæmt heimildum The Sun ákvað Cheryl að horfa ekki á Simon Cowell í sjónvarpinu heldur kaus að leita eftir hentugum sumarfrísstöðum á netinu. „Hún hefur bara notið þess að vera í faðmi fjölskyldu sinnar og náinna vina, hún er bara að slaka á. Henni finnst illa að sér vegið og er eiginlega búin að fá nóg af þessu miskunnarleysi skemmtanabransans. Núna vill hún bara eyða smá tíma með fólki sem hún treystir.“ freyrgigja@frettabladid.is

## Í VONDUM MÁLUM

**Cheryl Cole** hefur sett **Simon Cowell** út af sakramentinu og vill ekki tala við hann eftir að hafa verið rekin úr bandaríska X-Factor. Baulað var á Cowell í Britain's Got Talent og áhorfendur lýstu yfir stuðningi sínum við Cole. Cowell er þar með kominn í hóp með **Ashley Cole,** sem fær reglulega að finna fyrir hatri í sinn garð á enskum knattspyrnuvöllum eftir að hafa svikið Cheryl í tryggðum.





# VERÐHRUN
# Í OUTLET 10

Erum búin að stækka og troðfylla tilboðsdeildina okkar.

**500 kr. - 1000 kr. - 2000 kr. - 3000 kr. - 4000 kr. - 5000 kr.**

Kíktu á okkur og dressaðu þig upp - fyrstir koma fyrstir fá.

80%

90%

Sparkz
Verð frá
1000 kr.

!Solid
herraúlpur og vesti,
frábært í útiveruna.
Fjórir litir.
2000 kr.

Spot On skór.
Verð frá
500 kr.

Herra
skyrtur frá
1000 kr.

Flottar
hettupeysur
á unglinginn
á 2000 kr.

70%

Sokkaðu
þig upp!
3 í pakka á
500 kr.

ALLT
Á AÐ
KLÁRAST




**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 18 erum á facebook




**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977



VINAHÓPUR Hópurinn sem tók þátt í verkefninu ásamt Jóni Andra. Hópurinn gladdi Jón mjög á afmæli hans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Haffi Haff og Hemmi Gunn í nýju afmælismyndbandi

**Jón Andri Guðmundsson á góða vini því þeir ákváðu að gefa honum lag og myndband í 24 ára afmælisgjöf. Hann var klökkur þegar hann sá útkomuna.**

„Það var mikið á sig lagt fyrir þetta, það er á hreinu,“ segir Óli Finnsson, kvikmyndatökumaður og framleiðandi.

Hann hefur tekið upp myndband við lagið „Jón“ sem hann og vinahópur hans ákváðu að gefa Jóni Andra Guðmundssyni, vini þeirra, í 24 ára afmælisgjöf. Á meðal þeirra sem koma þar fram eru Haffi Haffi, Hemmi Gunn, Magnús Ver og Auðunn Blöndal, allir með grímu fyrir andlitinu með mynd af Jóni Andra.

Fyrir mánuði var Jón Andri að hugsa til þess að hvað hann langaði í afmælisgjöf og bað vini sína um að semja lag handa sér eða bara gefa sér knús. Auk Óla eru í vinahópnum þau Anna Margrét Árnadóttir, Gríma Bjartmars og Hannes Heiðar Sigmarsson. „Hann er starfandi kvikmyndagerðarmaður. Ég hef verið að vinna mikið með honum og hann aðstoðar mig mjög mikið, þannig að mér fannst sjálfsagt að gera þetta fyrir hann,“ segir Óli um myndbandið. Áður hafði vinahópurinn hist, samið lagið og farið í hljóðver til að taka það upp. Tónlistarmennirnir Valbjörn Snær Lilliendahl úr hljómsveitinni Murrk og Sigurður Anton Friðþjófsson tóku einnig þátt í gerð lagsins og síðan var það Gísli Veltan úr hljómsveitinni The 59's sem söng það í hljóðverinu. Halldór Á. Björnsson úr hljómsveitinni Legend var flytjendunum til halds og trausts við upptökurnar.

Afmælisveislan var haldin á Hvítu perlunni um síðustu helgi og þar voru allir með Jónsgrímuna á andlitinu þegar hann mætti á svæðið. „Viðbrögðin leyndu sér ekki þegar hann sá þetta. Hann var alveg klökkur,“ segir Óli.

Lagið er á leiðinni í útvarpsspilun og hugsanlega fer myndbandið einnig í sjónvarpið. Annars er hægt að sjá það á slóðinni Vimeo.com/24371248. Öll stefgjöld renna óskipt til samtakanna Karlmenn og krabbamein. **freyr@frettabladid.is**

# Í gömlum húsbíl með hundi

„Þetta verður „spontant“, ferskt og skemmtilegt,“ segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson.

Hann stjórnar sínum fyrstu sjónvarpsþáttum í sumar, Andri á flandri, þar sem hann ferðast um landið á gömlum húsbíl. Eini ferðafélagi hans verður hundur sem er að sögn Andra „bara vinur“. „Það er gaman að komast aðeins frá stúdíóinu, ferðast um og kynnast landi og þjóð,“ segir hann.

Þættirnir verða sex talsins og hefja göngu sína í Sjónvarpinu um miðjan júlí eftir að Kastljós fer í sumarfrí. Þeir verða nokkuð svipaðir ferðaþáttum Andra Freys og Ómars Ragnarssonar sem voru á Rás 2 í fyrra og nutu mikilla vinsælda. „Núna þarf maður að gera þetta allt sjálfur. Ólíkt Ómari veit ég ekkert um þetta. Maður verður örugglega villtur úti í vegarkanti á bíl sem er nýbúinn að bræða úr sér og sprungið á honum. En þetta verður ævintýri,“ segir hann hress.

Ómar Ragnarsson stýrði á sínum tíma þáttunum Stiklum, þar sem hann ferðaðist um landið og hitti alls konar fólk, margt ansi skrítið. „Þetta verða Stiklur yngri kynslóðar,“ segir Andri Freyr um nýju þættina. „Ég ætla bara að hitta áhugavert og skemmtilegt fólk. Það þarf ekkert endilega að vera skrítið en það má alveg vera það.“ Andri gekkst nýverið undir aðgerð við brjósklosi, auk þess sem hann hætti að reykja fyrir þremur vikum. Hann er því hressari en nokkru sinni fyrr og til í slaginn í sumar. „Þetta er það auðveldasta sem ég hef gert,“ segir hann og skilur ekkert í fólki sem á erfitt með að hætta að reykja. **- fb**



FERÐAST UM LANDIÐ Í HÚSBÍL Andri Freyr Viðarsson ferðast í gömlum húsbíl í sumar með hund í eftirdragi. SAMSETT MYND/KRISTINN


SAMBÍÓIN





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER 2 kl. 5:40 - 8 - 9:10 - 10:20 | | 12 |
| THE HANGOVER 2 LUXUS VIP kl. 5:40 - 8 - 10:20 | | VIP |
| PIRATES 4 kl. 5(3D) - 7(2D) - 8(3D) - 10(2D) | | 10 |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(2D) | L |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 | L |
| FAST FIVE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6 - 9 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 8 - 10:50 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER PART II kl. 5.40 - 8 - 8.20 -10.20 - 11 | | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5 - 8 -10.45 | 14 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 - 8 - 10.40 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER 2 kl. 5:50 - 6:50 - 8 - 9 - 10:20 | | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 6(3D) - 9(3D) | 10 |

SAMbio.is
tryggðu þér miða á

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
real D 3D
FULLKOMIN GÆÐI!





SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS Í LÚXUS | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| PIRATES 4 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| HANNA | KL. 10.20 | 16 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.30 - 8 - 10.30* | 12 |
| PAUL | KL. 8 - 10 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 | 12 |

*KRAFTSÝNING

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075





LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 og 10(POWER) |
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| DYLAN DOG: DEAD OF NIGHT | 8 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| FAST & FURIOUS 5 | 10.10 |

BÍÓ ★ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| INCENDIES | 18:00, 21:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 20:00, 22:10 |
| BÖRN NÁTTÚRUNNAR (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| AGNES (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| NÓI ALBÍNÓI (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |





BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


UPPLIFÐU STUNDINA SEM Á EFTIR AÐ BREYTA HEIMINUM
★★★★
"FORSAGA X-MEN GENGISINS ER HÖRKUSPENNANDI OG KRYDDUÐ GÓÐUM NÖRDAHÚMOR SEM SKEMMTILEGIR LEIKARAR NÝTA SÉR Í YSTU ÆSAR. MICHAEL FASSBENDER FER ÞAR FREMSTUR Í FLOKKI, ALVEG JÁRNGRIMMUR MAGNETO. ÞETTA ER SANNARLEGA FYRSTA FLOKKS OFURHETJUMYND!"
-Þ.Þ. - FRÉTTATÍMINN
★★★★
"DJARFASTA OG BEST SKRIFAÐA X-MEN-MYNDIN TIL ÞESSA."
-T.V. - KVIKMYNDIR.IS
X-MEN
FIRST CLASS
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
XPUNKTURIS
KOMIN Í BÍÓ!
SMS LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL XMC Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/XMEN

**sport**
sport@frettabladid.is



**RAGNAR SIGURÐSSON** mun ekki spila með A-landsliði karla í knattspyrnu gegn Dönum um helgina. Hann dró sig út úr hópnum í gær þar sem hann segist þurfa tíma til þess að koma sér fyrir í Kaupmannahöfn en hann er nýbúinn að semja við FCK. Þetta er þriðja skiptið í röð sem hann dregur sig úr hópnum. Síðustu tvö skiptin var hann veikur. Keflvíkingurinn Haraldur Freyr Guðmundsson var valinn í hans stað.

# Hugsa um það sem við gerum vel

**Eyjólfur Sverrisson tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn fara með U-21 liði Íslands á Evrópumeistaramótið í Danmörku. Eyjólfur sagði valið hafa verið erfitt en ánægjulegt hversu margir góðir komu til greina.**

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðshópurinn fyrir EM U-21 í Danmörku er tilbúinn. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær nöfn þeirra 23 leikmanna sem verða fulltrúar Íslands á mótinu sem hefst þann 11. júní næstkomandi.

„Þetta var erfitt val," sagði Eyjólfur. „Við gátum bara valið 23 leikmenn en hefðum getað valið tvo slíka hópa sem hefðu verið mjög góðir. Það er að sama skapi mikið ánægjuefni að við eigum svona mikið af efnilegum strákum."

Meðal þeirra sem ekki komust í lokahópinn af þeim sem hafa spilað hvað mest með liðinu má nefna Guðlaug Victor Pálsson, leikmann Hibernian í Skotlandi, og Blikana Kristin Jónsson og Kristin Steindórsson. Þeir eru þó fleiri, því af þeim 40 leikmönnum sem Eyjólfur var búinn að velja í forvalshóp eiga 36 leik að baki með U-21 landsliðinu.

„Þetta er ekki eins og í gamla daga þegar fullt af miðjumönnum voru valdir í landsliðin og þeim svo dreift um völlinn í hinar ýmsu stöður. Við þurftum að velja leikmenn í ákveðnar leikstöður og er mikil samkeppni um þær allar í liðinu."

Eyjólfur getur þó ekki kallað saman alla leikmennina nærri því strax. Margir eru enn að spila með sínum liðum hér á landi og í Noregi, þar sem spilað er yfir sumartímann, og enn aðrir spila með A-landsliðinu gegn Dönum á laugardaginn kemur.

„Hópurinn kemur fyrst saman miðvikudaginn 8. júní, þremur dögum fyrir mót. Á meðan eru önnur lið með sínar 2-3 vikur í undirbúning. Raunveruleikinn er einfaldlega sá að það kemur ekki til greina hjá okkur. Aðstæðurnar eru eins og þær eru," sagði Eyjólfur.



**LOKAHÓPURINN KLÁR** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðs Íslands, tilkynnti lokahóp sinn fyrir EM í Danmörku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það eru þó ekki einu vandræðin í kringum undirbúning liðsins. Síðan liðið tryggði sér sæti í úrslitakeppninni hefur það spilað einungis tvo æfingaleiki og annar þeirra rakst á við leik hjá A-landsliðinu – gegn Kýpur í mars.

„Þetta var það eina sem við höfðum völ á. Það hefur verið rosalega erfitt að púsla þessu saman og að sjálfsögðu hefði ég viljað hafa alla leikmennina saman eins lengi og kostur er," sagði Eyjólfur sem kvaðst þó ekki hafa áhyggjur af þessu.

„Ég hef ekki áhyggjur af okkar leik. Við höfum sýnt að við getum fengið nýja leikmenn inn í liðið en samt haldið í okkar leikskipulag. Ég hef því ekki áhyggjur af því að við þurfum að stilla okkar strengi saman nokkrum dögum fyrir mót. Þessir strákar þekkjast mjög vel og vita hvernig fótbolta við viljum spila. Við teljum að þetta séu leikmennirnir sem hafa unnið til mikils í keppninni, hafa komið okkur á þennan stað og staðið sig vel."

Eyjólfur hefur mikla trú á sínum mönnum og segir höfuðmarkmiðið að komast upp úr riðlinum og í undanúrslit.

„Við munum samt ekki breyta því að við stefnum að því að vinna alla leiki sem við förum í. Hingað til höfum við ekki stundað það að pakka í vörn heldur spilað okkar fótbolta. Við höfum verið mjög ákveðnir í að spila eins á móti öllum liðum, gera það sem við þekkjum vel og erum góðir í. Það er það sem við þurfum fyrst og fremst að hugsa um."

eirikur@frettabladid.is

### U-21 landsliðshópurinn

| Markverðir: | Leikir/mörk |
|---|---|
| Haraldur Björnsson, Val | 16 |
| Arnar Darri Pétursson, SönderjyskE | 3 |
| Óskar Pétursson, Grindavík | 1 |
| **Varnarmenn:** | |
| Hólmar Örn Eyjólfsson, West Ham | 18/2 |
| Eggert Gunnþór Jónsson, Hearts | 12 |
| Hjörtur Logi Valgarðsson | 11 |
| Skúli Jón Friðgeirsson, KR | 10/1 |
| Jón Guðni Fjóluson, Fram | 8 |
| Elfar Freyr Helgason, Breiðabliki | 6 |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson, ÍBV | 3 |
| **Miðvallarleikmenn:** | |
| Bjarni Þór Viðarsson, Mechelen | 24/6 |
| Birkir Bjarnason, Viking | 22/2 |
| Andrés Már Jóhannesson, Fylki | 11 |
| Jóhann Berg Guðmundsson, AZ | 11/6 |
| Gylfi Þór Sigurðsson, Hoffenheim | 11/6 |
| Guðmundur Kristjánsson, Breiðabliki | 10 |
| Aron Einar Gunnarsson, Coventry | 9/1 |
| Almarr Ormarsson, Fram | 9/2 |
| **Sóknarmenn:** | |
| Rúrik Gíslason, OB | 16/6 |
| Kolbeinn Sigþórsson, AZ | 13/3 |
| Arnór Smárason, Esbjerg | 8/2 |
| Björn B. Sigurðarson, Lilleström | 3/1 |



**ÓLAFUR BJARKI** Var valinn besti leikmaður N1-deildarinnar og er kominn í landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðmundur velur landsliðið:

## Arnór og Ólafur koma inn

**HANDBOLTI** Tveir nýir leikmenn koma inn í íslenska A-landsliðið eins og það var skipað þegar það spilaði gegn Þjóðverjum.

Það eru þeir Arnór Þór Gunnarsson, sem leikur með Bittenfeld í Þýskalandi, og HK-ingurinn Ólafur Bjarki Ragnarsson.

Ekkert pláss er fyrir Þóri Ólafsson og Kára Kristján Kristjánsson að þessu sinni.

Fram undan hjá landsliðinu eru lokaleikirnir í undankeppni EM þar sem Ísland á í harðri baráttu við að komast í lokakeppnina sem fram fer í Serbíu í maí.

Leikirnir eru gegn Lettum ytra og Austurríki heima. Báðir leikirnir þurfa að vinnast svo Ísland komist á EM. - hbg

### Landsliðshópurinn

| |
|---|
| **Markverðir:** |
| Björgvin Páll Gústavsson Kadetten |
| Hreiðar Levý Guðmundsson Emsdetten |
| Sveinbjörn Pétursson Akureyri |
| **Aðrir leikmenn:** |
| Alexander Petersson Füchse Berlin |
| Arnór Atlason AGK |
| Arnór Þór Gunnarsson Bittenfeld |
| Aron Pálmarsson Kiel |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson Hannover |
| Guðjón Valur Sigurðsson RNL |
| Ingimundur Ingimundarson AaB |
| Oddur Gretarsson Akureyri |
| Ólafur Bjarki Ragnarsson HK |
| Ólafur Guðmundsson FH |
| Ólafur Stefánsson RNL |
| Róbert Gunnarsson RNL |
| Snorri Steinn Guðjónsson AGK |
| Sverre Jakobsson Grosswallstadt |
| Vignir Svavarsson Hannover |

Aðalfundur

Aðalfundur stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi verður haldinn fimmtudagskvöldið 9. júní 2011 kl. 20. Fundurinn fer fram í sal félagsheimilis Sjálfstæðismanna í Mjódd, Álfabakka 14a. Atkvæðarétt á aðalfundi hafa þeir sem greitt hafa ársgjaldið 2010 - 2011.

Dagskrá
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Kosning stjórnarmanna
5. Önnur mál
Stjórnin

www.manutd.is

1908, 1911, 1952, 1956, 1957, 1965, 1967, 1993, 1994, 1996, 1997, 1999, 2000, 2001, 2003, 2007, 2008, 2009, 2011...

MANCHESTER UNITED ICELAND

Valur hefndi fyrir tvö töp gegn Stjörnunni í vor með 2-1 sigri í toppslagnum:

## Enginn vinnur okkur í þessum gír

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Vals sýndu styrk sinn með því að vinna 2-1 sigur á Stjörnunni í toppslag Pepsi-deildar kvenna í gærkvöldi. Valskonur urðu þarna fyrsta liðið til að vinna Stjörnuna síðan í byrjun apríl. Með sigrinum komust þær í toppsæti deildarinnar en Eyjaliðið fær tækifæri til að endurheimta það í Kópavogi í kvöld.

Mist Edvardsdóttir kom aftur inn í byrjunarlið Vals og þakkaði fyrir sig með því að skora fyrsta markið eftir hálftíma leik með skalla eftir hornspyrnu Hallberu Guðnýju Gísladóttur. Kristín Ýr Bjarnadóttir kom Val síðan í 2-0 á 66. mínútu með glæsilegum skalla eftir fyrirgjöf frá Thelmu Björk Einarsdóttur.

Hin eldfljóta Ahkeelea Mollon minnkaði muninn í fjórðu mínútu í uppbótartíma eftir skyndisókn og stungusendingu frá Kristrúnu Kristjánsdóttur.

Mist var sátt í leikslok. „Þetta var ekki búið að vera nógu gott hjá okkur í fyrstu tveimur leikjunum en þegar við gírum okkur svona vel upp í leikina þá er enginn að fara að taka stig af Val. Þær eru með fínt lið en við sýndum það að á svona degi þegar við náum að gíra okkur svona vel upp þá er enginn að fara að vinna Val," sagði Mist.

„Við áttum ekki góðan dag. Við vorum fínar fyrstu tuttugu mínúturnar og hefðum getað skorað. Við vorum betri og Valsararnir voru svolítið óöruggir í byrjun. Eftir að þær skoruðu þá fannst mér við vera í vandræðum og mér fannst við aldrei vera líkleg til að vinna þennan leik eftir það," sagði Þorlákur Árnason, þjálfari Stjörnunnar. - óój



**VALSHJARTA** Kristín Ýr fagnar marki sínu í gær með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### ÚRSLIT

*Pepsi-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Valur-Stjarnan | 2-1 |
| 1-0 Mist Edvardsdóttir (30.), 2-0 Kristín Ýr Bjarnadóttir (66.), 2-1 Akheela Mollon (90.+4). | |
| Afturelding-Grindavík | 3-0 |
| Lára Kristín Pedersen, Vaila Barsley, Kristrún Halla Gylfadóttir. | |
| Þróttur-KR | 1-1 |
| Fanny Vago - Sigrún Inga Ólafsdóttir. | |
| *Upplýsingar fengnar að hluta frá fótbolti.net* | |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 3 | 2 | 1 | 0 | 4-2 | 7 |
| **ÍBV** | **2** | **2** | **0** | **0** | **10-0** | **6** |
| Stjarnan | 3 | 2 | 0 | 1 | 8-2 | 6 |
| **KR** | **3** | **1** | **2** | **0** | **3-2** | **5** |
| Þór/KA | 2 | 1 | 0 | 1 | 2-6 | 3 |
| **Þróttur** | **3** | **0** | **2** | **1** | **2-6** | **2** |
| Breiðablik | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-3 | 1 |
| **Fylkir** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-4** | **1** |
| Afturelding | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-5 | 4 |
| **Grindavík** | **3** | **0** | **0** | **3** | **1-6** | **0** |




Krónan Árbæ | Krónan Mosó | Krónan Höfða | Krónan Granda | Krónan Akranesi | Krónan Breiðholti | Krónan Lindum | Krónan Vestmannaeyjum | Krónan Reyðarfirði | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Selfossi

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO - www.expo.is

## > Forest Whitaker

„Þegar ég var barn, sá ég bara kvikmyndir í aftursætinu á fjölskyldubílnum í bílabíóinu.“

***Forest Whitaker leikur í kvikmyndinni Even Money, sem fjallar um þrjár manneskjur sem tengjast í gegnum spilafíknina og er myndin á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON SETUR SIG Í EM-GÍRINN

# *Litlu strákarnir okkar fara á kostum*

Óhætt er að segja að ég sé orðinn ansi spenntur fyrir Evrópumeistaramóti U-21 landsliða í fótbolta sem hefst í Danmörku í næstu viku. Þar koma átta bestu þjóðir álfunnar í þessum aldursflokki saman og keppa sín á milli. Maður þreytist aldrei á því að hugsa til þess hversu ótrúlegt afrek það er að tilheyra þeim hópi.

Löngu er byrjað að hita upp fyrir mótið með fréttaflutningi, sjónvarpsþáttum og nú síðast hinum ýmsu auglýsingum. KSÍ hefur stillt strákunum upp sem myndasöguhetjum, danskir kaupmenn hafa lofað þeim sem fara utan hinu og þessu (remúlaði, bolum og Ný danskri) og þá hafa strákarnir sjálfir farið á kostum í sjónvarpsauglýsingum.

Hannes Þór Halldórsson er fær markvörður og spilar með toppliði KR í Pepsi-deildinni. Hann er greinilega ekki síðri í auglýsingagerðinni því Coca Cola-auglýsingin sem hann gerði með strákunum gefur dýrustu auglýsingaherferðum Nike og Adidas með mönnum eins og Messi og Ronaldo ekkert eftir.



Ekki síðri eru auglýsingarnar sem RÚV lét gera þar sem gömlu kempurnar Arnar Gunnlaugsson, Pétur Marteinsson og Tryggvi Guðmundsson reyna að smygla sér í landsliðshópinn á mismunandi forsendum.

Báðar tegundir fanga vel þá stemningu sem virðist ríkja í landsliðshópnum og sameina það sem einkennir liðið. Landsliðsmennirnir eru miklir fagmenn í fræðunum, einbeittir og vinnusamir, en að sama skapi er stutt í grínið og greinilegt að menn taka sig ekki allt of alvarlega.

Það er viðbúið að þjóðin fari á annan endann ef vel gengur, eins og dæmi eru um þegar handboltalandsliðinu hefur vegnað vel. Það er margt líkt með þessum tveimur liðum og ekki óviðeigandi að kalla Danmerkurfarana „litlu strákana okkar“ eins og segir í einni auglýsingunni.

Strákarnir sjálfir stefna hátt og það er engin ástæða til annars en að fylgjast með og taka þátt í gleðinni.

## RÚV

**16.50 Willtir Westfirðir** (2:2) (e)
**17.20 Reiðskólinn** (10:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (36:42)
**18.30 Fínni kostur** (15:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.55 Sakborningar – Saga Liams** (4:6) (Accused) Bresk þáttaröð eftir handritshöfundinn Jimmy McGovern. Í hverjum þætti er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Armadillo** (Armadillo) Heimildarmynd um danska hermenn í Armadillo-herstöðinni í Helmand-héraði í suðurhluta Afganistans. Harðar deilur urðu í Danmörk eftir að myndin var sýnd vegna háttalags hermanna í skotbardaga við talibana. Myndin var verðlaunuð á kvikmyndahátíðinni í Cannes.
**00.00 Fríið** (The Holiday) (e)
**02.10 Fréttir**
**02.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Fletch**
**10.00 The Naked Gun**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Fletch**
**16.00 The Naked Gun**
**18.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 Even Money**
**22.00 .45**
**00.00 Silence of the Lambs**
**02.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (18:22)
**11.00 Cold Case** (20:23)
**11.50 Grey's Anatomy** (7:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (32:43)
**13.25 Chuck** (9:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (17:22)
**15.00 iCarly** (15:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (9:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (11:24)
**19.45 Modern Family** (19:24)
**20.10 Gossip Girl** (16:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**20.55 Grey's Anatomy** (22:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**21.40 Ghost Whisperer** (12:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.25 The Ex List** (7:13)
**23.10 The Memory Keeper's Daughter**
**00.40 NCIS** (16:24)
**01.25 Fringe** (15:22)
**02.10 Generation Kill** (5:7)
**03.20 Baby Mama**
**05.00 Grey's Anatomy** (22:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - Dallas**
**17.30 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**18.40 Þýski handboltinn: Gummersbach - Kiel** Bein útsending frá leik Gummersbach og Kiel í þýska handboltanum. Aron Pálmarsson leikur með Kiel og Alfreð Gíslason þjálfar liðið en hann var áður þjálfari Gummersbach.
**20.20 Miami - Dallas** Útsending frá fyrsta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**22.10 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**22.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**23.05 Þýski handboltinn: Gummersbach - Kiel**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Chelsea - WBA** Útsending frá leik Chelsea og WBA í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**20.30 Players 50 - 26**
**21.25 Goals of the Season 2010/2011** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.20 PL Classic Matches: Liverpool - Arsenal, 1997**
**22.50 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik Liverpool og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (4:5) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (2:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (16:25) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**20.10 Top Chef** (2:15)
**21.00 Blue Bloods** (18:22)
**21.45 America's Next Top Model** (10:13)
**22.35 Penn & Teller** (9:9)
**23.05 The Real L Word: Los Angeles** (2:9)
**23.55 Hawaii Five-0** (13:24) (e)
**00.40 Law & Order: Los Angeles** (10:22) (e)
**01.30 CSI: New York** (17:23) (e)
**02.15 Will & Grace** (16:25) (e)
**02.35 Blue Bloods** (18:22) (e)
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 HP Byron Nelson Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 HP Byron Nelson Championship** (2:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (21:42)
**19.20 LPGA Highlights** (5:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (8:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (22:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (20:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 American Dad** (1:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.35 American Dad** (2:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (19:24)
**22.15 Bones** (10:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Hung** (7:10)
**23.30 Daily Show: Global Edition**
**23.55 American Dad** (1:20)
**00.15 American Dad** (2:20)
**00.35 The Doctors**
**01.15 Fréttir Stöðvar 2**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Birgir Ármannsson alþingismaður.
**20.30 Veiðisumarið** Bender, Leifur og Aron verða á veiðislóðum í allt sumar.
**21.00 Gestagangur hjá Randver** Randver og góðir gestir.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Forstöðumaður upplýsingatæknideildar

*Undir upplýsingatæknideild heyrir rekstur og umsjón tölvukerfa Kópavogsbæjar, vefumsjón og innkaup vél- og hugbúnaðar, sem tengist tölvukerfum. Deildin ber einnig ábyrgð á rekstri og þjónustu við símkerfi bæjarins, gagnaflutningum að og frá bæjarkerfinu, milli stofnana bæjarins og gerð fjárhagsáætlana á starfssviði deildarinnar.*

**Helstu verkefni forstöðumanns upplýsingatæknideildar**

- Ábyrgð og umsjón með rekstri tölvukerfa og aðalsímkerfi bæjarins
- Stjórnun starfsmanna og stefnumótun deildarinnar
- Umsjón með vefumsjónarkerfi og öryggiskerfum
- Uppsetning og rekstur miðlægs búnaðar
- Skipulagning notendaþjónustu, nethögunar og fjarskipta
- Samhæfing tölvumála stofnana bæjarins
- Ráðgjöf um upplýsingatækni við deildir og stofnanir bæjarins
- Umsjón með innkaupum á tölvubúnaði, tölvurekstrarvörum og þjónustu vegna tölvukerfa

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærilegum greinum er skilyrði
- Reynsla af uppbyggingu á rekstri stórra tölvukerfa nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Rík áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið**

KÓPAVOGSBÆR

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Magnússon, bæjarritari, í síma 570 1500.
Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu bæjarins, **www.kopavogur.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní

**www.kopavogur.is**

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

**Grey's Anatomy**



Lokaþáttur sjöundu þáttaraðar af Grey's Anatomy og Meredith er í vondum málum þegar upp kemst að hún hefur ekki farið alveg að settum reglum í tilraunaverkefninu með Derek. Framferði hennar gæti dregið dilk á eftir sér fyrir hana og fleiri.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Dante Alighieri og Gleðileikurinn guðdómlegi **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.45** Inspector Lynley Mysteries **09.30** Keeping Up Appearances **10.00** EastEnders **10.30** Fawlty Towers **11.00** Fawlty Towers **11.35** 'Allo 'Allo! **12.00** 'Allo 'Allo! **12.30** Keeping Up Appearances **13.00** Fawlty Towers **13.30** 'Allo 'Allo! **14.00** 'Allo 'Allo! **14.25** The Weakest Link **15.10** The Weakest Link **16.00** Fawlty Towers **16.30** 'Allo 'Allo! **17.00** 'Allo 'Allo! **17.25** New Tricks **18.15** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo

### DR 1

**11.00** Redningstjenesten på vej **11.30** Ud i det blå **12.00** Hvad er det værd? **12.30** Undercover chef **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** DR1 Dokumentaren **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Den sidste tempelridder **20.55** Onsdags Lotto

### NRK 1

**13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetens hus **14.40** Urter **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommerhuset **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Elektriske drømmer **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.30** Vamp i symfoni **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet **22.10** 20 sporsmål **22.35** Kalenderpikene - ti år etter

### svt1

**11.00** Sökandet efter medelmåttan **11.40** Tid att älska **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Bärnstenssystrar **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Samiska vantar **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Tudors **19.55** Anslagstavlan **20.00** The Event **20.45** Bored to Death **21.15** Mästarnas mästare **22.15** Damages **23.00** Rapport **23.05** Dox







## MORGUNMATURINN



*„Ég er mjög vanaföst á morgunmatinn, annaðhvort er það Cheerios með rúsínum eða hafragrautur með eplum og kanil.“*

Guðrún Margrét Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindarinnar.

# Sódóma til sölu fyrir þrjátíu milljónir

Skemmtistaðurinn Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu hefur verið auglýstur til sölu.

„Það hafa nokkrir hringt en það er ekkert í hendi,“ segir fasteignasalinn Ástþór Reynir Guðmundsson hjá Remax, sem vildi annars ekkert tjá sig um málið.

Eigendur staðarins hafa óskað eftir tilboðum, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar staðurinn á bilinu 25 til 30 milljónir króna og inni í því verði eru nýleg tæki og búnaður.

Össur Hafþórsson, einn af eigendum Sódómu, vildi heldur ekkert tjá sig um söluferlið. Svo virðist engu að síður sem Össur vilji minnka við sig í skemmtanabransanum, enda hefur hann haft í nógu að snúast undanfarin ár við rekstur Ellefunnar og Kaffi Grand, auk þess sem hann á húðflúrsstofuna Reykjavík Ink ásamt eiginkonu sinni Lindu Mjöll Þorsteinsdóttur.

Rúm tvö ár eru liðin síðan Össur tók við rekstri Sódómu. Þá hafði hann þetta að segja um kaupin í miðri kreppunni: „Þetta er svolítið brjálæði og kannski ekki það gáfulegasta en þörfin eftir þessari stærð af húsnæði er mjög mikil eftir að Gaukurinn hætti og Organ var lagt niður. Mér líst vel á þetta.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur rekstur Sódómu gengið vel, enda hafa fjölmargar hljómsveitir stigið þar á stokk við góðar undirtektir. - fb



**TIL SÖLU** Skemmtistaðurinn Sódóma Reykjavík hefur verið auglýstur til sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


## Sérkennari

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Við Menntaskólann í Kópavogi eru laus til umsóknar ein staða sérkennara á starfsbraut fyrir einhverfa nema við skólann. Um afleysingu er að ræða næsta skólaár.**

Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK. Nauðsynlegt er að hafa háskólapróf í sérkennslufræðum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Reynsla af starfi með einhverfum einstaklingum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 15. júní. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara. Senda má umsókn í tölvupósti á netfangið margret.fridriksdottir@mk.is.

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is . Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

***Skólameistari***


BALTASAR KORMÁKUR: KVIKMYNDIR EIGA EKKI AÐ VERA UPPELDISTÆKI

# Fyrsta skrefið til að beita ríkisstyrkjum til ritskoðunar

„Það er gáfulegra að spúa reyk en svona bulli. Ég hefði til að mynda ekki gefið mikið fyrir Engla alheimsins ef það hefði ekki mátt reykja í myndinni,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri.

Samkvæmt þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir, sem Siv Friðleifsdóttir lagði fram á Alþingi, segir að óæskilegt sé að leikarar reyki í íslenskum bíómyndum og á leiksviði. Jafnframt segir í henni: „leikrit og kvikmyndir sem reykt er í ættu ekki að fá opinbera styrki eða annan stuðning af skattfé. Þetta er ekki gert til að hindra listrænt frelsi eða tjáningu heldur til að sporna við þekktum aðferðum tóbaksframleiðenda við óbeinar auglýsingar á tóbaki.“ Friðrik rifjar upp að einhvern tímann hafi hann fengið bréf um að hann mætti ekki sýna umferðarlagabrot í myndum sínum. „Það eru alltaf einhverjir gæjar sem vilja hafa vit fyrir okkur. Ég hef sjálfur aldrei reykt en þessi tillaga er bara bull.“ Þess ber að geta að afar sjaldgæft er að þingsályktunartillaga frá þingmanni stjórnarandstöðuflokks sé samþykkt.

Leikstjórinn Baltasar Kormákur er ómyrkur í máli gagnvart tillögunni. „Þetta er hættulegt skref og aðferðin, að leggja það til að hætta að styrkja kvikmyndir og leikrit sem reykt er í, er sérlega ógeðfelld því það væri þá fyrsta skrefið til að beita ríkisstyrkjum til ritskoðunar. Það væri mun gáfulegra að hafa leiðbeinandi óskir um að þetta yrði ekki gert meira en nauðsynlegt væri en maður spyr sig: hvað næst? Á að banna alla áfengisneyslu á hvíta tjaldinu og bíómyndir þar sem er blótað? Kvikmyndir eiga ekki að vera uppeldis- eða áróðurstæki heldur eiga þær að endurspegla samfélagið.“ Baltasar leikstýrði sem kunnugt er kvikmyndinni Contraband í Bandaríkjunum þar sem umræðan um tóbaksvarnir er hvað háværust og í þeirri mynd sjást nokkrar persónur reykja. „Myndverin óska eftir því að það sé ekki reykt meira en nauðsyn krefur.“

Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi hjá ZikZak, segist sjálfur ekki vera hrifinn af reykingum í bíómyndum nema þeim sem notaðar eru í listrænum tilgangi. Til að mynda í Svörtum á leik, sem gerist 1999-2000 þegar reykingamenningin var allt öðruvísi en hún er í dag, sjáist persónurnar reykja. „Við höfum hins vegar notast við herbal-sígarettur í okkar myndum sem eru án tóbaks og nikótíns. Mér finnst persónulega að menn eigi að fara varlega í að banna en það er kannski sjálfsagt að menn hafi þetta bak við eyrað, bann væri eiginlega ekki alveg hægt.“

freyrgigja@frettabladid.is





**ÓSÁTTIR** Baltasar Kormákur, Friðrik Þór Friðriksson og Þórir Snær Sigurjónsson eru óánægðir með þingsályktunartillögu níu þingmanna úr öllum flokkum um tóbaksvarnir. Þeir segja ómögulegt að banna alla reykingar í kvikmyndum og leikritum en menn gætu hins vegar haft það bak við eyrað að gera ekki meira úr reykingum en nauðsyn krefur. Reykingar Badda og hans félaga í Djöflaeyjunni hefðu orðið fyrir barðinu á reykingabanninu og Djöflaeyjan hefði sennilega átt í miklum erfiðleikum með að fjármagna sig.


Full búð af nýjum sumarvörum



20 % AFSLÁTTUR Á BJÖRTUM DÖGUM!

MIND

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR

www.fjordur.is


# Risavaxnir Eagles-tónleikar

Eagles-tónleikarnir í næstu viku munu sennilega brjóta blað í íslenskri tónleikasögu, því sjaldan eða aldrei hafa fleiri komið að einum tónleikum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða starfsmennirnir þegar mest lætur tæplega fjögur hundruð.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst verður bryddað upp á þeirri nýbreytni að selja sérstakan Eagles-varning – boli, geisladiska og annað slíkt – í básum inni í Laugardalshöllinni og á útisvæði. Slíkt er nokkuð algengt á tónleikum erlendis en hefur ekki þekkst hérlendis. Í föruneyti Eagles verða alls hundrað manns með öllum og lenda einhverjir þeirra strax á föstudaginn til að undirbúa tónleikana. Í gæslu og hlutverki ökumanna verða alls hundrað manns en fimm skutlur og fjórar lúxuskerrur verða meðal annars til taks fyrir Eagles og aðstoðarmenn. Þá eru tíu starfsmenn alfarið í því að sinna veitingum fyrir starfsfólkið og Eagles-menn, en eins og Fréttablaðið hefur greint frá gera Glenn Frey og félagar nokkuð strangar kröfur um hollt mataræði á tónleikaferðalögum sínum.

Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu, sem hefur veg og vanda af tónleikum Eagles, vildi ekki staðfesta starfsmannatölur í samtali við Fréttablaðið. Hann taldi hins vegar liggja í augum uppi að tónleikar af þessari stærðargráðu og umfangi hefðu ekki verið haldnir á Íslandi. „Þetta gengur mjög vel, það er mjög gaman að vinna með þessu fólki og mikill metnaður sem liggur að baki þessum tónleikum. Það á bara eftir að skila sér í meiri skemmtun fyrir áhorfendur.“ - fgg



**STÓRIR Í SNIÐUM** Eagles-menn eru ansi stórir í sniðum. Þeir ætla að bjóða upp á sölubása með varningi frá sér, en alls munu tæplega 400 starfsmenn koma að tónleikunum í næstu viku.

FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ!

ÓTRÚLEGT TILBOÐ Í SÓLINA!

# Við erum ...

# 15 ára

# AFMÆLISTILBOÐ

## Gildir aðeins í 15 klst!

**Tilboðið hefst kl. 10:15 þann 1. júní**

### Almería
Arena Center ★★★★

Verð á mann frá:

**79.900 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Verð á mann frá 99.650 kr. m.v. 2 fullorðna.

ALLT INNIFALIÐ

### Almería
Golf Trinidad ★★★

Verð á mann frá:

**94.900 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð
með öllu inniföldu. Verð á mann frá
116.950 kr. m.v. 2 fullorðna.

*Flug, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn innifalið í verði. Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Allt innifalið: Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og innlendir drykkir.
Tilboðið gildir í allar brottfarir í júní.

15 ára

Plúsferðir eiga rætur sínar að rekja til frumkvöðla ferðaþjónustu á Íslandi sem hafa áralanga reynslu af ferðaþjónustu. Plúsferðir fagna nú 15 ára afmæli og bjóða viðskiptavinum sínum frábær tilboð í sólina!

Okkar fólk leggst í sólbað undir sömu sólinni, við sama hafið og fólkið sem ferðast með hinum ferðaskrifstofunum. Bara fyrir mun lægri upphæð.

**- Komdu út í plús!**

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Lágmúli 4 108 Rvk | s. 535 2100 | info@plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sumarhátíð drottninga

Kvennavefurinn Bleikt.is heldur stærðarinnar sumarhátíð á Grand hótel í kvöld. Mikið verður um skemmtiatriði en hæst ber þó frumsýningu á fyrsta þætti Völu Grand, sem gekk til liðs við ritstýrurnar **Hlín Einars** og Malín Brand fyrir skemmstu. Þónokkur fjöldi af vinum og velunnurum Bleikt hefur boðað komu sína, til að mynda Haffi Haff sem verður kynnir, Erpur Eyvindarson, fyrirsætan Bryndís Gyða Michelsen sem einmitt fagnaði afmæli sínu um liðna helgi, Helgi Jón ritstjóri Menn.is, Linda Ýr, sem hélt eftirminnilegt VIP-partí með Hildi Líf, og Guðrún Dögg, fyrrum Ungfrú Ísland.is.



### Davíð spræl.ur á nikkunni

Mikið líf og fjör var í eftirpartíi að loknum tónleikum **Högna Egilssonar** sem fram fóru í Hörpunni á laugardagskvöld. Vinir og kunningjar Högna og aðrir valinkunnir andans menn hópuðust að tónleikunum loknum í leikhúsið Norðurpólinn á Seltjarnarnesi og skemmtu sér saman fram eftir nóttu. Fremstur í flokki fór hljómborðsleikarinn **Davíð Þór Jónsson**, sem lét mikið á sér bera, lék á harmónikku og stýrði fjöldasöng með harðri hendi. **- hdm, þj**



## Mest lesið VÍSIR

1. Sviðsetning sýndi fram á sakleysi Ólafs
2. Lýsi bælir niður áfengisþorsta
3. Lögreglan lýsir eftir stúlku
4. Fær 23 milljónir í bætur vegna læknamistaka
5. Slapp naumlega þegar bíllinn fór í sjóinn





